



„Skóli er greinilega ekki fyrir mig, ég er bara ekki gerður fyrir skóla“

Reynsla barna sem dvelja fjarri fjölskyldu sinni af móttöku, námsframvindu, viðmóti og samskiptum í grunnskóla

Kristín Sigfúsdóttir

Júní 2017

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Uppeldis- og menntunarfræðideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

**„Skóli er greinilega ekki fyrir mig, ég er bara ekki gerður
fyrir skóla“**

***Reynsla barna sem dvelja fjarri fjölskyldu sinni af móttöku,
námsframvindu, viðmóti og samskiptum í grunnskóla***

Kristín Sigfúsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í stjórnunarfræði menntastofnana

Leiðbeinandi: Anna Kristín Sigurðardóttir

Uppeldis- og menntunarfræðideild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2017

„Skóli er greinilega ekki fyrir mig, ég er bara ekki gerður fyrir skóla.“
Reynsla barna sem dvelja fjarri fjölskyldu sinni af móttöku,
námsframvindu, viðmóti og samskiptum í grunnskóla

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.ed.-prófs við Uppeldis-
og menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2017, Kristín Sigfúsdóttir

Lokaverkefni má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi
höfundar.

Formáli

Árið 2011 stefndi ég í að verða þreyttur uppgjafa kennari. Til að fríska aðeins upp á mig ákvað ég að skella mér í nám og fyrir valinu varð stjórnun menntastofnana. Nú er þeirri vegferð að ljúka og er ég afar þakklát fyrir að hafa átt þess kost að setjast á skólabeck og öðlast þannig meiri þekkingu á mínu sviði.

Ég vil þakka sérstaklega öllum sem tóku þátt í rannsókninni. Ég er þakklát þeim fyrir að vera tilbúin að treysta mér fyrir erfiðri reynslu úr lífi sínu. Nú nýtist hún vonandi okkur sem vinnum með fósturbörn sem dvelja fjarri fjölskyldum sínum og börn á meðferðarheimilum til að mæta þeim enn betur í skólakerfinu, öllum til hagsbóta.

Mikill tími hefur farið í að vinna þetta verkefni í vetur. Án umburðarlyndis allra í kringum mig hefði það aldrei gengið upp. Fjölskylda mín er þar efst á blaði, hversu umburðarlynt getur fólk verið?. Takk elsku Yngvi Karl fyrir að nenna alltaf að hlusta, koma með ábendingar og hjálpa mér með þýðingar. Takk líka Yngvi Karl, Þóra Björg og Þórbergur Egill fyrir að sýna mér stuðning og endalausa þolinmæði undanfarna mánuði, án ykkar hefði þetta aldrei gengið upp. Mig langar líka til að þakka samstarfsfólki mínu í Laugalandsskóla fyrir að hvetja mig áfram og sýna verkefninu áhuga og takk Thelma María Marinósdóttir fyrir alla hjálpina, það hefur verið yndislegt að eiga þig að.

Þá vil ég þakka Steinunni Lárusdóttur sérfræðingi fyrir einstaklega góða leiðsögn og síðast en ekki síst Önnu Kristínu Sigurðardóttur, en betri leiðbeinanda hefði ég ekki getað fengið. Alltaf jákvæð, hvetjandi og gaf mér trú á verkefnið allan tímann.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands* (sjá slóðina <http://www.hi.is/node/39803>). Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 10. maí 2017.

Kristín Sigfúsdóttir

Ágrip

Markmið rannsóknarinnar er að túlka sjónarmið barna sem dvalið hafa fjarri fjölskyldum sínum og draga fram þá þætti í skólastarfinu sem þau telja að skipti mestu máli fyrir velferð þeirra í grunnskóla. Skoðað verður hvernig tekið var á móti þeim í skólanum, námsframvinda, viðmót starfsfólks og skólafélaga, samskipti við starfsmenn og skólafélaga, hvað mætti gera öðruvísi í dag og lífið eftir grunnskóla. Rannsóknarspurningin er: Hvaða þættir skipta máli fyrir vellíðan barna sem dvelja fjarri fjölskyldu sinni í íslenskum grunnskólum? Hvaða reynslu hafa þau af móttöku, námsframvindu, viðmóti og samskiptum í grunnskóla.

Málefni barna og unglunga hafa verið mér hugleikin um árabil og hef ég komið að þeim bæði sem kennari og stjórnandi í grunnskóla auk þess sem ég rak meðferðarheimili fyrir börn í nokkur ár. Mér finnst mikilvægt að við veitum skólagöngu barna sem dvelja fjarri fjölskyldu sinni meiri gaum, meðal annars innan veggja skólans. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að þau upplifa oft erfiða skólagöngu sem hætt er við að marki líf þeirra ævilangt. Carpenter (2015) er einn þeirra sem mikið hefur fjallað um hugtakið lærdómssamfélag. Hann segir að þegar um lærdómssamfélag er að ræða skapist jákvæð skólamenning þar sem áhersla sé lögð á að þróa kennslu og nám með það í huga að tryggja að allir nemendur nái sem bestum árangri. Vert er að huga að því hvort grunnskólinn mæti börnum sem dvelja fjarri fjölskyldu sinni, svo sem fósturbörnum og börnum meðferðarheimili á þessum grunni, taki tillit til þess hvar þau eru stödd í lífinu og að þau fái tækifæri til að blómstra og ná sem bestum árangri.

Um eiginlega viðtalsrannsókn er að ræða þar sem notuð er fyrirbærafræði sem byggir á að rannsakandi leitist við að skoða hlutina út frá sjónarhóli þess sem rætt er við. Sérstaklega verður horft til þess hvort og þá hvernig lærdómssamfélag í skólum hefur haft áhrif á líðan þeirra barna sem ekki eiga þess kosta að vera heima hjá fjölskyldu sinni.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að það skiptir þessi börn miklu máli að fá að koma inn í grunnskóla á sömu forsendum og aðrir. Þau fái að stunda nám með öðrum börnum og að þau séu ekki eyrnamerkt með einhverjum hætti. Stærð skóla skiptir þau máli og hefur reynsla þeirra sýnt að mun auðveldara sé fyrir þau að eiga góð samskipti við starfsfólk og nemendur í fámennari skólum.

Abstract

„School is obviously not for me. I’m just not made for school“

A study of children's experiences who dwell far away from their nuclear family on their reception at school, educational progress, attitude towards them and interactions with teachers, staff and students

The objective of the research is to give voice to children that have lived away from their families for a period of time and shed light on those factors in their school experience that have the greatest impact for their wellbeing while in grammar school. How well they were received, their educational progress, interactions with teachers, staff and students, and school atmosphere were among components examined as well as what might be done differently today and how life progressed after their compulsory education ended. The main questions posed in this study are: What factors have the greatest impact on the wellbeing of children living away from their nuclear family in Icelandic grammar schools? What have been their experiences as they enroll in new schools, their reception, educational progress, attitude and interactions in grammar school.

Issues involving children and youth have been close to my heart for several years as I have both worked as a teacher and administrator in a grammar school as well as running a treatment center for children/youth. It is very important that we, as educators and professionals, keep in mind the importance of children's educational experiences while they are away from their families, especially within the school setting. Earlier research has shown that foster children often experience difficulties regarding school attendance which has possible lifelong consequences. Carpenter (2015) has discussed the idea of academic community/environment. He states that when the academic community/environment is positive, where emphasis is on evolution of teaching and learning, then student achievement is at its greatest. It is worth examining whether grammar schools are laying this foundation for children away from their families, such as foster children and children in rehab facilities, taking into account what their circumstances are, and giving them the opportunity to flourish and achieve to the best of their ability.

This is a qualitative, interview based, research project involving phenomenology which builds on the idea that the researcher looks at the issues through the eyes and experiences of the interviewees subjects. Emphasis will be on whether the academic

community/environment has had a significant impact on the wellbeing of those children not living with their nuclear family.

Findings show that these children need to be able to attend school on the same terms as other children, that they can learn with other children without being labeled in one way or another. The size of a school does make a difference and experience shows that it is much easier for them to attend smaller schools in order to have positive interactions with staff and other students.

Efnisyfirlit

Formáli.....	6
Ágrip	7
Abstract	8
Efnisyfirlit.....	10
1 Inngangur.....	12
1.1 Persónuleg reynsla af vinnu með fósturbörnum og börnum á meðferðarheimili....	13
1.2 Markmið rannsóknarinnar.....	13
1.3 Gildi rannsóknar	14
1.4. Uppbygging verkefnis	15
2 Fræðilegur bakgrunnur	16
2.1 Fóstur og vistun barna	16
2.2 Líðan fóstur- og vistbarna í grunnskólum.....	17
2.3 Lærdómssamfélag	21
2.4 Hlutverk skólastjóra í að skapa lærdómssamfélag	23
2.5 Hlutverk kennara og annars starfsfólks gagnvart fóstur- og vistbörnum	24
2.6 Nám barna og unglunga í grunnskólum.....	25
3 Rannsóknin	27
3.1 Aðferð.....	27
3.2 Gagnaöflun.....	28
3.3 Þátttakendur og aðgengi	28
3.4 Skráning og greining gagna	29
3.5 Siðferðileg álitamál	29
3.6 Trúverðugleiki rannsóknarniðurstaðna.....	30
4 Niðurstöður.....	31
4.1 Saga þátttakenda	31
4.1.1 Jóna	31
4.1.2 Jón	36
4.1.3 Anna	41
4.1.4 Guðmundur	46
4.1.5 Lára.....	51
4.1.6 Kristján.....	59
4.2. Samantekt.....	69
4.2.1 Jóna	69
4.2.2 Jón	70
4.2.3 Anna	70
4.2.4 Guðmundur	71
4.2.5 Lára.....	72
4.2.6 Kristján.....	72

5	Samantekt og umræður.....	74
5.1	Enn og aftur nýr skóli og maður nennir'essu ekki lengur	74
5.2	Bæjarstjórinn hérna vildi ekki fá mig í skólann ef ég man rétt.....	75
5.3	Sko ég ætlaði mér ekkert að eignast vini þarna sko	77
5.4	Ég bara hegðaði mér illa, lærði illa, mætti illa	77
5.5	Þú veist að maður vissi alveg að maður var ekkert svona einn af þessum krökkum	78
5.6	Það voru bara allir tilbúnir til að hjálpa manni þarna	80
5.7	Það á að gera allt til að þeim líði eins og þau séu partur af venjulegum skóla	81
5.8	Samantekt.....	82
6	Lokaorð	84
	Heimildaskrá	85
	Viðauki A: Viðtalsrammi	88
	Viðauki B: Upplýst samþykki	89

1 Inngangur

Hér á eftir verður fjallað um rannsókn sem gerð var á skólagöngu barna sem dvalið hafa fjarri fjölskyldu sinni, ýmist sem fósturbörn og/eða á meðferðarheimilum. Þegar barn er sett í fóstur eða á meðferðarheimili þýðir það að öllu jöfnu miklar breytingar fyrir tilveru þess. Það flytur, að minnsta kosti tímabundið, á annað heimili, með nýju fólki sem sér um umönnun þess. Mörg þessara barna hefja þá nám við nýjan skóla sem líklegt er að muni skipa stóran sess í lífi þeirra. Hér eftir verður talað um þessi börn sem fóstur- og vistbörn.

Öll börn á aldrinum 6-16 ára eru skólaskyld og ber yfirvöldum því að sjá til þess að þau hafi greiðan aðgang að grunnskólum landsins. Gera má ráð fyrir að skólaganga fóstur- og vistbarna gangi mis vel, sérstaklega í ljósi þess að þau koma oft úr erfiðum aðstæðum. Í þessari rannsókn er skólaganga þeirra skoðuð, sérstaklega með það í huga hvaða þættir skólastarfsins er talið að leitt geti til velferðar þeirra. Horft verður til þess hvernig skólamenning hefur þar áhrif. Við undirbúning rannsóknarinnar kom mér á óvart hve litlar upplýsingar eru til um skólagöngu barna sem dvelja fjarri fjölskyldu sinni á Íslandi almennt. Ég tel að með því að skoða hvaða þættir skipti máli fyrir vellíðan barna í íslenskum grunnskólum sé hægt að draga fram það jákvæða sem skólinn hefur gert, fóstur- og vistbörnum í hag með það í huga að efla þá þætti enn frekar sem og þá þætti sem betur mega fara.

Í rannsókninni, sem byggir á eiginlegri aðferðafræði, voru tekin viðtöl við sex einstaklinga á aldrinum 19-27 ára sem allir eiga það sameiginlegt að dvalið fjarri fjölskyldu sinni, ýmist sem fósturbörn eða börn á meðferðarheimili. Þeir koma víða að og hefur hver og einn sína sögu að segja. Mér finnst mikilvægt að fjalla um skólagöngu bæði fósturbarna og barna sem dvalið hafa á meðferðarheimilum. Þau eiga það sameiginlegt að hafa dvalið að heiman, fjarri fjölskyldum sínum og stundað þaðan nám við almennan grunnskóla. Auðveldara hefði verið að einblýna á fósturbörn þar sem mun fleiri erlendar heimildir eru til um skólagöngu þeirra en barna á meðferðarheimilum. Ég vona að þessi ákvörðun mín verði til þess að rannsóknin vekji fólk til meðvitundar um báða þessa hópa.

Rannsóknarspurningin sem lagt var upp með er eftirfarandi: Hvaða þættir skipta máli fyrir vellíðan barna sem dvelja fjarri fjölskyldum sínum í íslenskum grunnskólum? Hvaða reynslu hafa þessi börn af móttöku, námsframvindu, viðmóti starfsfólks og skólafélaga og samskiptum í grunnskóla?

1.1 Persónuleg reynsla af vinnu með fósturbörnum og börnum á meðferðarheimili

Málefni fósturbarna og barna á meðferðarheimilum hafa lengi verið mér hugleikin. Ég hef verið svo lánsöm að fá að reka meðferðarheimili fyrir börn og unglunga á vegum Barnaverndarstofu. Það var fjölskylduheimili sem þýddi að við fjölskyldan bjuggum þar ásamt vistbörnum. Á heimilinu dvöldu aldrei fleiri en sex börn í einu fyrir utan okkar eigin. Við innritun var tekið sérstakt tillit til þess að um fjölskylduheimili væri að ræða og því ekki ætlað börnum í miklum mótþróa eða sem væru að takast á við alvarlega ofbeldishegðun. Börnin sóttu grunnskóla í viðkomandi sveitarfélagi. Þá vann ég sem deildarstjóri skólamála á meðferðar- og skólaheimili fyrir 14-18 ára unglunga, sömuleiðis á vegum Barnaverndarstofu. Innan þeirrar stofnunar er starfræktur skóli í nánú samstarfi við stjórnendur heimilisins. Grunnskólanemendur fá þar kennslu við hæfi en þeir sem eldri eru, eru hvattir til að taka áfanga í fjarnámi með góðum stuðningi kennara á staðnum. Þá er lögð áhersla á starfsnám fyrir þá sem það hentar. Ég hef sömuleiðis komið að fósturbörnum sem umsjónar- og tónmenntakennari og síðar stjórnandi um árabíl innan grunnskólakerfisins á Íslandi.

Mörg fósturbörn og börn á meðferðarheimilum hafa upplifað erfiða skólagöngu sem hætt er við að liti líf þeirra ævilangt. Þegar meðferðar- og skólaheimilið fyrir 14-18 ára börn var stofnað, árið 2010, var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á skólamál þeirra unglunga sem þar yrðu vistaðir. Eftir að heimilið hafði verið starfrækt í nokkrar vikur fundum við út að markmið númer eitt skyldi vera að unglingarnir treystu sér inn fyrir veggji skólans. Númer tvö að þeir tryðu því að kennarinn væri til staðar til að styðja við þá og nám þeirra. Margir áttu erfitt með þetta vegna fyrri reynslu úr skólagöngu sinni.

1.2 Markmið rannsóknarinnar

Markmið þessarar rannsóknar er að túlka sjónarmið fósturbarna og barna á meðferðarheimilum, sem stundað hafa almennan grunnskóla og draga fram þá þætti í skólastarfinu sem þau telja að skipti mestu máli varðandi velferð þeirra í skólanum. Skoðað verður hvernig tekið var á móti þeim í skólanum, hvernig þeim gekk í námi, hvert viðmót starfsfólks og skólafélaga var og hvernig samskiptum þeirra var háttað í skólanum.

Carpenter (2015) er einn þeirra sem mikið hefur fjallað um hugtakið lærdómssamfélag. Hann segir að þegar um lærdómssamfélag sé að ræða sé meðal annars horft til þess hvað kennarinn geri og hvaða áhrif það hafi á nemendur. Lögð sé mikil áhersla á samvinnu meðal kennara sem byggi á sameiginlegri sýn, gildum, hegðun

og dreifðri forystu (shared leadership). Hann telur einnig að lærdómssamfélagi fylgi jákvæð skólamenning þar sem áhersla sé lögð á að þróa kennslu og nám með það í huga að tryggja að allir nemendur nái sem bestum árangri. Þegar stjórnað er ofan frá og niður sé það aftur á móti þannig að kennarar hafi lítil áhrif og að það skapist síður traust innan stofnunarinnar. Þá er hætt við að skólamenningin verði eitruð, sem leiðir til þess að kennarar einangra sig, andblær í vinnu verður ekki góður og lítil starfsánægja ríkir. Ætla má að skólamenningin á hverjum stað liti líðan þeirra nemenda sem þar stunda nám. Hér verður skoðað sérstaklega hvaða reynslu þátttakendur þessarar rannsóknar hafa af fyrrum skólagöngu sinni sem fósturbörn og/eða börn á meðferðarheimili og sú reynsla skoðuð í ljósi hugmynda um skólann sem lærdómssamfélag.

1.3 Gildi rannsókna

Til að mæta þörfum fóstur- og vistbarna í grunnskólum sem best er mikilvægt að fá upplýsingar um hvaða þættir það eru, sem snúa að skóla, sem skipta mestu máli fyrir velferð þeirra. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi sem byggja á skólagöngu fóstur- og vistbarna. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið fjalla að mestu um líðan fósturbarna almennt, þar með talin líðan þeirra í skólanum. Má þar meðal annars nefna rannsókn Guðrúnar Kristinsdóttur (2004) sem vitnað verður í hér síðar. Ekki hefur verið kannað hvaða þættir það eru innan skólans sem skipta mestu máli fyrir velferð fóstur- og vistbarna. Gildi rannsóknarinnar er fyrst og fremst að vekja athygli þeirra sem vinna að málefnum þessara barna, meðal annars skólastjórnenda og kennara á líðan þeirra í skólanum og hvernig skólamenningin hefur áhrif á það.

Við vitum að flestir þeirra sem eru að takast á við flókin mál innan fjölskyldu sinnar eru oft að burðast með erfiða líðan innra með sér. Hún getur birst með ýmsum hætti, svo sem með hegðunarvandkvæðum, þunglyndi, að fólk dragi sig í hlé og svo framvegis. Allt eru þetta þættir sem getur verið erfitt að takast á við innan skólasamfélagsins, bæði fyrir barnið og starfsfólk skólanna. Það er því afar mikilvægt að fá að heyra hvaða þættir það eru sem skipta máli fyrir vellíðan fóstur- og vistbarna. Þannig getur skólafólk horft fram á veginn með það í huga að bæta velferð þeirra.

Rannsóknarspurningin er eftirfarandi: Hvaða þættir skipta máli fyrir vellíðan barna sem dvelja fjarri fjölskyldum sínum í íslenskum grunnskólum? *Hvaða reynslu hafa þau af móttöku, námsframvindu, viðmóti og samskiptum í grunnskóla?* Til að nálgast rannsóknarspurninguna var stuðst við viðtalsramma (sjá viðauka).

1.4. Uppbygging verkefnis

Í inngangi var gerð grein fyrir persónulegri reynslu minni af vinnu varðandi fósturbörn og börn á meðferðarheimilum, markmiðum rannsóknar, gildi hennar og einnig farið í gegnum uppbyggingu verkefnisins.

Í öðrum kafla er skoðaður fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar. Fjallað verður um fyrir hvað orðin „fóstur“ og „vistun“ standa, líðan fóstur- og vistbarna í grunnskólum, lærdómssamfélag, hlutverk skólastjóra í að skapa lærdómssamfélag, hlutverk kennara og annars starfsfólks gagnvart fóstur- og vistbörnum og nám barna og unglunga í grunnskólum.

Í þriðja kafla er reifuð framkvæmd rannsóknar. Farið verður í gegnum aðferðafræði rannsóknar, gagnaöflun, viðtöl, þátttakendur og aðgengi, skráningu og greiningu gagna, siðferðileg álitamál og trúverðugleika niðurstaðna rannsóknarinnar.

Í fjórða kafla verða þátttakendur rannsóknarinnar kynntir til sögunnar, hver fyrir sig. Í lok kaflans er samantekt um hvern einstakling.

Í fimmta kafla er samantekt og umræða. Þá verða niðurstöður rannsóknarinnar ræddar og fræðin notuð til að undirstrika mikilvæga þætti enn frekar.

Í sjötta kafla eru síðan lokaorð þar sem dregnar eru saman helstu niðurstöður og rætt um þann lærdóm sem draga má af þeim.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður skoðaður fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar. Athugað verður hvernig hugtökin *fóstur* og *vistun* eru skilgreind, fjallað um líðan *fóstur*- og *vistbarna* í grunnskólum, skóla sem lærdómssamfélag, hlutverk skólastjóra í að skapa lærdómssamfélag, hlutverk kennara gagnvart *fóstur*- og *vistbörnum* og nám barna og unglinga í grunnskólum.

2.1 Fóstur og vistun barna

Áður er lengra er haldið er rétt að skoða hvað hugtökin *fóstur* og *vistun* fela í sér. Guðrún Kristinsdóttir (2004) segir að einfaldasta skýringin sé sú að *fóstur* byggir á því að losa barn úr erfiðleikum og koma því í öruggar aðstæður. Í rannsókn hennar kemur fram að kynforeldrar þátttakenda rannsóknarinnar hafi átt í vanda vegna notkunar vímuefna og/eða verið að glíma við geðræn og/eða félagsleg vandamál. Þetta sýnir að vandinn liggur í mörgum tilfellum hjá foreldrum. Gilbert (2012) tekur í sama streng og segir að að þegar barn sé komið undir forræði ríkisins sé það stór íhlutun sem fylgi mikið tilfinningalegt álag bæði fyrir foreldra og börn. Það skuli einungis gert þegar líf barns sé í húfi.

Um *fóstur* er að ræða þegar barnaverndarnefnd felur *fósturforeldrum* umsjá barns. Ástæður þess geta hvort heldur verið erfiðleikar barns, að uppeldisaðstæðum þess sé áfátt, eða hvoru tveggja (Barnaverndarstofa, e.d.). *Fóstur* getur verið tímabundið, styrkt eða varanlegt. Um tímabundið *fóstur* er að ræða þegar aðstæður eru þannig að líklegt er að hægt sé að bæta þær svo að barnið geti snúið til baka innan skamms tíma. Þegar talað er um styrkt *fóstur* er átt við að barn þurfi sérstaka ummönnun og þjálfun á *fósturheimilinu*. Það á við verulega hegðunarörðugleika að stríða m.a. vegna tilfinningalegra og geðrænna vandamála (Reglugerð nr. 804/2004). Þegar gerður er samningur um styrkt *fóstur* gildir hann í allt að einu ári í senn. Hægt er að endurnýja hann í sérstökum tilfellum (Barnaverndarstofa, 2013). Um varanlegt *fóstur* er að ræða þegar *fóstur* á sér stað þar til forsjárskyldur falla niður samkv. lögum. Þá þykir fyrirsjáanlegt að ekki verði hægt að bæta aðstæður barns á annan hátt (Reglugerð nr. 804/2004).

Þegar talað er um *vistun* barns er átt við dvöl þess á stofnun eða meðferðarheimili á vegum ríkisins (Barnaverndarstofa, 2011). Velferðarráðuneytið ber ábyrgð á að til séu slík heimili eða stofnanir sem veita börnum sérhæfða meðferð, svo sem vegna alvarlegra hegðunavandkvæða, vímuefnaneyslu og meintra brota (Barnaverndarstofa, 2006).

Fósturforeldrar og þeir sem reka meðferðarheimili eða starfa á þeim eða öðrum heimilum fyrir börn á vegum barnaverndaryfirvalda eru kallaðir umsjáraðilar (Barnaverndarstofa, 2011) og kýs ég að nota það hugtak hér yfir alla þessa aðila.

Árið 2015 voru 379 börn og unglingar frá fæðingu til 18 ára vistaðir á fósturheimilum á Íslandi, 194 stúlkur og 185 drengir. Í varanlegu fóstri voru 235, 116 í tímabundnu fóstri og 28 í styrktu fóstri. Á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu voru vistaðir 29 unglingar þetta sama ár (Barnaverndarstofa, 2015). Af þessum tölum má greina að rúmlega 400 börn og unglingar voru vistaðir utan heimilis árið 2015. Í 3. grein reglugerðar um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum kemur fram að sveitarstjórn beri skylda til „að sjá til þess að skólaskyld börn, sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar í grunnskóla til jafns við önnur börn í sveitarfélaginu“ (Reglugerð nr. 547/2012).

Þar sem grunnskólaganga barna varir að öllu jöfnu í tíu ár má gera ráð fyrir að stór hluti þeirra barna og unglinga sem vistaðir eru á fóstur- og/eða meðferðarheimilum séu á grunnskólaaldri. Það er því vert að skoða vel hvernig grunnskólinn tekur á móti þessum börnum með það í huga að stuðla að velferð þeirra í skólum landsins.

2.2 Líðan fóstur- og vistbarna í grunnskólum

Guðrún Kristinsdóttir (2004) segir að lítið sé almennt vitað um skólagöngu fósturbarna hér á landi. Þessu málefni hafi þó verið sýnd vaxandi athygli, m.a. í Bretlandi og Svíþjóð þar sem yfirvöld hafi undirstrikað að skólinn skiptir máli þegar kemur að málefnum fósturbarna.

Guðrún Kristinsdóttir (2004) gerði eigindleg viðtalsrannsókn sem náði til sextán einstaklinga á aldrinum 17-29 ára. Hún notaði lífssögur þessara einstaklinga til að skoða reynslu þeirra og draga fram það sem þeir höfðu að segja. Í rannsókn Guðrúnar kemur fram að mikil fjölbreytni sé í frásögnum fósturbarnanna af skólagöngu sinni. „Hjá sumum var grunnskólagangan snurðulaus, en önnur luku skólanum þrátt fyrir námsvanda og enn öðrum tókst það ekki. Sum leiddust út í erfiðleika, sem varð til þess að þau lentu utangarðs bæði félagslega og námslega.“ (Guðrún Kristinsdóttir, 2004, bls. 66). Eins og hjá nemendum almennt spannaði námsárangur þeirra alveg frá því að sýna afburða frammistöðu til þess að eiga við viðvarandi námsvanda að etja. Einhverjir höfðu verið lagðir í einelti í skólanum sínum og áttu þeir oft erfitt með að fá stuðning vegna þess. „Nokkrir þátttakendur fengu aðstoð fósturforeldra og vina og þakka þeim nú velgengni sína við námið.“ (Guðrún Kristinsdóttir, 2004, bls. 66).

Martin og Jackson (2002) gerðu rannsókn sem byggir á viðtölum við 12 karla og 26 konur sem verið höfðu í fóstri sem börn og unglingar, meðalaldurinn var 25 ár. Allir þessir einstaklingar voru m.a. spurðir að því hvaða þrjá meginþætti mætti laga til að bæta skólagöngu fósturbarna. Nærri allir lögðu áherslu á að líf fósturbarna væri sem eðlilegast í skólanum frá degi til dags. Mikilvægt væri að fá að vera eins og annað fólk, að þurfa ekki að standa fyrir utan félagahópinn og vera stimplaður sem eitthvað öðruvísi eða sérstakur. Þeir vildu sjá að fósturbörn hefðu fjarhagslegt tækifæri til að taka þátt í tómsundum utan skóla. Það gerði það að verkum að þeim liði betur í félagahópnum og að það hjálpaði þeim að öðlast betri sjálfsmynd. Viðmælendur lögðu mikla áherslu á hvatningu frá öðrum, bæði innan skólans og utan. Fram kom að fósturbörn þurfi oft og tíðum á miklum stuðningi frá kennara að halda, þó ekki sé nema að hann gefi sér tíma til að hlusta á þau. Allt talaði þetta fólk um að fósturbörn missi oft mikið úr skóla vegna flutninga á milli fósturheimila. Þessi fyrrverandi fósturbörn höfðu mikla löngun til að leggja sitt af mörkum við að hjálpa til við að breyta hlutunum fyrir komandi kynslóðir.

Hér að ofan kemur skýrt fram að tengsl við annað fólk skipta fósturbörn miklu máli sem og hvatning frá kennurum þeirra. DeGarmo (2015) segir að fósturbörn eigi oft erfitt með félagsfærni vegna persónulegra erfiðleika sem þau hafi upplifað áður en þau komu í fóstur. Afleiðing þess getur verið að þeim finnist erfitt að að tengjast jafnöldurum sínum og kjósi þess í stað að vera ekki í tengslum við aðra af ótta við að upplifa enn meiri ógn. Það er því afar mikilvægt að kennari hjálpi þeim að yfirstíga þann þröskuld.

Zetlin, Weinberg og Shea (2010) gerðu rannsókn sem byggir á reynslu þeirra aðila sem koma að fósturbörnum, af því að eiga við skólakerfið. Myndaðir voru fjórir rýnihópar sem innihéldu fulltrúa úr hópi fósturforeldra, ættingja sem tóku að sér fósturbörn vegna fjölskyldutengsla, ráðgjafa skólaþjónustu, talsmanna fósturbarna og fólks sem kemur að fræðslumálum innan velferðarþjónustunnar. Fjörtíu og tveir einstaklingar tóku þátt í rannsókninni. Þar kom fram að einn mesti vandi fósturbarna er óstöðugleiki. Umhverfi þeirra breytist reglulega, s.s. fósturheimili, aðgangur að félagsráðgjafa og skóli. Mörg þeirra upplifa mikinn sársauka við þessar breytingar og eiga við erfiðleika að etja í skólum. Þau eru líklegri en skólafélagarnir til að eiga erfitt með nám, félagsleg samskipti og hegðun. Þau eru þunglynd, hafa minni félags- og aðlögunarhæfni og eru árásarhneigðari og hvatvísari. Einn þátttakandinn í rannsókn Zetlin, Weinberg og Shea (2010) sagði að skólinn væri stöðugleikinn í lífi þessara barna og það hafi því áhrif þegar börn séu flutt á milli skóla, þau missi eitthvað, jafnvel eina stöðugleikann sem þau hafi haft í lífinu á þessum tímamarki.

Ljóst er að reynsla fósturbarna af skólagöngu er afar misjöfn. Sem talsmaður fósturbarna til margra ára hefur Vacca (2008) upplifað að þau þurfi að takast á við margs konar hindranir á skólagöngu sinni. Flest þeirra fari úr skóla í skóla þar sem þau skipti oft um fósturheimili. Þegar þau komi í nýtt skólaumhverfi sé tekið á móti þeim með því að innrita þau seint, setja þau í óviðeigandi námsumhverfi og ef þau þurfa á sérkennslu eða öðrum stuðningi að halda komi hann seint til sögunnar. Þetta gerist vegna neikvæðrar myndar sem skólinn hafi af fyrra námi barnsins og sögu þess innan félagsmálakerfisins. Í lokaverkefni Áslaugar Bertu Guttormsdóttur (2015) til MA prófs frá Háskóla Íslands um fósturbörn og skólagöngu kemur fram að skólaganga fósturbarna á Íslandi einkennist af skólaskiptum. Hún ræddi við fjóra einstaklinga á aldrinum 14-16 ára og höfðu þeir til samans stundað nám við sautján grunnskóla. Einhver skipting átti sér stað á meðan þeir bjuggu hjá foreldrum svo þetta gerðist ekki eingöngu vegna fósturvistunar.

Christian (2003) talar um mikilvægi þess að góð tengsl séu á milli velferðarþjónustu og skóla, m.a. að gögn berist tímanlega og að þessir aðilar fundi reglulega varðandi stöðu barnsins. Þá þurfi börnin að hafa sterkan talsmann eða einhvern sem tekur ákvarðanir varðandi nám þeirra til að tryggja að þau fái þá þjónustu sem þau þurfa á að halda. Rannsókn Haugen (2012) sýnir svipaðar niðurstöður. Þar kemur fram að samstarf barnaverndar og grunnskóla þurfi að vera gagnsætt og miða að því að efla börn og foreldra þeirra með það fyrir augum að tryggja að allir geti haldið reisni sinni.

Schubert (2001) segir að gap geti myndast í skólagöngu fósturbarna þegar þau flytjast á milli skóla. Dæmin sanni að þau geti misst út margar vikur á þessu tímabili, aðallega vegna þess að velferðarþjónustan hugsi fyrst og fremst um öryggi barnsins og að námsþarfir þeirra lendi oft í öðru sæti. Hann nefnir sömuleiðis að litlar upplýsingar berist á milli fósturforeldra, skóla og félagsráðgjafa sem geti leitt til þess að barnið fái ekki þá þjónustu sem það þurfi á að halda.

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar í þessum efnum hér á landi. Lokaverkefni Sigurrósar Ragnarsdóttur (2012) til MA-gráðu í félagsráðgjöf byggir á rannsókn sem hún gerði á aðlögun, þátttöku og virkni fósturbarna þegar þau hófu nám við nýjan skóla. Þátttakendur voru allir skólastjórnendur grunnskóla á Íslandi og tóku 46,3% þeirra þátt í rannsókninni. Spurningalisti var sendur til þeirra, þar sem leitað var eftir upplýsingum af reynslu þeirra af því að fá fósturbörn í skólann, gæðum samstarfs við fósturforeldra og barnaverndarnefndir, hvernig þau spjari sig í námi og leik og hvernig líðan þeirra er. Um 70% þeirra skólastjórnenda sem svöruðu könnunni mátu það svo að fósturbörn á vegum barnaverndaryfirvalda ættu við námsörðugleika að etja, meira en helmingur þeirra taldi að þau ættu líka við geðræn vandamál að stríða. Rúmlega helmingur stjórnenda sagði að

upplýsingar um fósturbarn væru almennt ekki nægar við upphaf skólagöngu og um 60% stjórnenda sögðu að fósturbörn taki minni þátt í íþróttastarfi en jafnaldrar þeirra. Martækur munur væri á gæðum samstarfs skóla og barnaverndarnefnda og samstarfs skóla við fósturforeldra. Skólastjórnendur mátu það svo að mun betra samstarf væri við fósturforeldra en starfsfólk barnaverndarnefnda.

Barnaverndarstarfsmenn á Íslandi kvarta tíðum undan tímaskorti og að mikill fjöldi mála geri það að verkum að mikill tími fari í að sinna skýrslugerð og greinaskrifum. Örugg málsmeðferð sé stundum á kostnað þess að sinna börnunum, foreldrum þeirra og samstarfsaðilum (Haugen, 2011). Spurning er hvort þetta geti verið ein skýring á því að skólastjórnendur í rannsókn Sigurrósar (2012) mátu það svo að betra samstarf væri við fósturforeldra en starfsmenn barnaverndarnefnda, þ.e. að starfsmenn barnaverndarnefnda hafi hreinlega ekki, eða gefi sér ekki tíma til að sinna þessum samskiptum sem best.

Á árunum 2010-2011 var gerð rannsókn á vegum Barnaverndarstofu sem fjallar um afdrif, velferð og líðan barna sem dvöldu á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2000-2007. Áttatíu og sjö einstaklingar tóku þátt í rannsókninni af 162 sem vistuðust á heimilunum á þessum tíma. Í ljós kom að aðeins einn þeirra hafði lokið háskólanámi, en í könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í desember 2010 kom fram að hlutfall háskólamenntaðra einstaklinga almennt á sama aldri var átján prósent. Þessar niðurstöður geta gefið vísbendingu um að börn og ungmenni sem dvalið hafa á meðferðarheimili séu ólíklegri til að fara í háskólanám en aðrir (Ásdís A. Arnalds og Elísabet Karlsdóttir, 2012). Þetta er í samræmi við niðurstöður norskrar langtímarannsóknar sem gerð var meðal fólks sem barnaverndaryfirvöld höfðu haft afskipti af. Hún sýndi að einungis 34% þeirra fóru í framhaldsnám eftir grunnskóla á meðan 80% fólks hélt áfram í námi eftir grunnskóla (Clausen og Kristofersen, 2008).

Vacca (2008) telur að starfsfólk skóla verði að þróa með sér dýpri skilning á mikilvægi umhyggju og samheldni innan stofnunarinnar til að aðstoða hvert einasta barn við að ná sem bestum árangri. Svipaður skilningur birtist í aðalnámsskrá grunnskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2013) þar sem fram kemur að stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skóla beri að stuðla að því að sem bestur skólabragur og starfsandi sé ríkjandi í stofnuninni og að velferð og öryggi nemenda sé haft að leiðarljósi. Þar kemur einnig fram að starfsfólk skóla skuli leggja áherslu á að styrkja sjálfsmynd nemenda, sjálfsvirðingu og virðingu í garð annarra. Stjórnendur eiga að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra innan skólastofnunarinnar þar sem mið sé tekið af aldri og þroska nemenda (mennta- og menningarmálaráðuneyti,

2013). Fóstur- og vistbörn falla að sjálfsögðu hér undir og er mikilvægt að velferð þeirra og öryggi sé haft að leiðarljósi sem og hjá öðrum nemendum.

2.3 Lærdómssamfélag

Í skólum ríkir mismunandi andrúmsloft. Sums staðar er það vinalegt, aðlaðandi og styðjandi, annarsstaðar lokað, þar sem fólk finnur sig ekki velkomið og finnur fyrir óöryggi. Undirstaða þess að efla jákvætt andrúmsloft í skólum er breytileg frá skóla til skóla, á hverjum stað fyrir sig þarf að taka mið af þörfum nemenda, starfsfólks, foreldra og annarra þjóðfélagsþegna sem eru helstu hagsmunaaðilar og þátttakendur í að skapa heilbrigt skólaumhverfi (Jayalekshmi og Raja, 2011).

Hoy og Miskel (2013) tala um að skólamenning skapi ákveðin viðmið sem stýri viðbrögðum og hegðun starfsmanna og hefur þannig áhrif á starfsemi stofnunarinnar. Skólamenning geti skýrt flest það sem hugsað er, sagt og gert innan veggja skólans. Sergiovanni (2006) hefur komist að því að skólar sem skila góðum árangri einkennist af því að starfsfólk deili sama skilningi á markmiðum og tilgangi, hafi góða tilfinningu fyrir framtíðarsýn skólans og sé meðvitað um tilgang hans. Til að slíkt gerist þurfa stjórnendur að leggja mikla vinnu í að skapa sameiginlega sýn meðal allra starfsmanna. Samkvæmt Hopkins (2015) þarf að samræma aðgerðir starfsfólks og þegar kemur að því að taka á málum sem upp koma hverju sinni sé afar mikilvægt að útskýra vel þær reglur og gildi sem liggja að baki afskiptunum fyrir öllum sem koma að málum. Hann telur að koma megí í veg fyrir árekstra, byggja upp sambönd og vinna með erfiða hluti með því að gera fólki kleyft að miðla málum á áhrifaríkan og jákvæðan hátt. Þannig sé bæði hægt að að koma í veg fyrir að eitthvað gerist og sömuleiðis að vinna með það sem þegar hefur gerst. Fullan (2005) segir að lærdómssamfélag snúist um að fólk starfi saman og læri saman. Hann telur að rannsóknir hafi sýnt að þegar kennarar vinni saman að bættum árangri nemenda náí þeir mun lengra í þeim efnum en samanlögð áhrif hvers kennara fyrir sig.

Carpenter (2015) gerði eiginlega rannsókn á lærdómssamfélagi þriggja skóla í miðvestur ríkjum Bandaríkjanna. Tekin voru viðtöl við 3 skólastjóra og 12 kennara og aflað viðeigandi gagna til að greina skólamenningu, framkvæmd og forystu innan þessara skólastofnana. Lærdómssamfélag skólanna var sömuleiðis skoðað á vettvangi. Tilgangur rannsóknarinnar var að athuga hvernig stuðningur og dreifð forysta í skólum hefur áhrif á skólamenningu, það hvernig hlutir eru framkvæmdir og hvernig stjórnun er háttað. Niðurstöður sýndu að til að tryggja jákvæða skólamenningu og áhrifaríkt lærdómssamfélag verða skólastjórnendur að vera styðjandi og byggja stjórnun sína á dreifðri forystu. Þeir þurfa að vinna í beinum tengslum við kennara og gefa þeim kost á

að vera með í að taka ákvarðanir til að tryggja þátttöku allra sem leiði svo til þess að kennarar fylgi því skipulagi sem skólinn stendur fyrir. Það hafi svo bein áhrif á að fólk vinni saman og móti með sér lærdómssamfélag.

Í rannsókn Carpenter (2015) kom fram að þar sem lærdómssamfélag var virkt var unnið gott þróunarstarf. Þar unnu kennarar og stjórnendur saman að því að viðhalda lærdómssamfélaginu með það fyrir augum að tryggja sameiginleg viðhorf og gildi varðandi þróun kennslu og náms. Dreifð og styðjandi forysta skapaði skólamenningu sem gerði miklar kröfur til áframhaldandi þróunar. Í hinum skólunum tveimur var stjórnað ofan frá og niður og kennararnir látnir fylla út eyðublöð til að tryggja ábyrgð þeirra á vinnu í lærdómssamfélagi. Stjórnendur og kennarar unnu ekki saman að því að fylgja lærdómssamfélaginu eftir. Vöntun var á deildri og styðjandi forystu sem leiddi til óvinveitts starfsumhverfis þar sem einangrun kennara hélst við og engin hvatning var til staðar til áframhaldandi þróunar.

Það sem helst má lesa úr rannsókn Carpenter (2015) er að jákvæð skólamenning og áhrifaríkt lærdómssamfélag krefst virkrar samvinnu. Hún krefst sjálfviljugrar þátttöku kennara jafnt sem stjórnenda, sem tryggir að allir eigi þátt í að setja markmið, framkvæma hlutina, bera ábyrgð og finna úrræði. Í dreifðri forystu er borið traust og virðing fyrir öðrum sem leiðir til jávæðrar skólamenningar og býður upp á að skólinn sé staður til að læra fyrir kennara, skólastjóra og nemendur. Þetta er í samræmi við álit Hopkins (2015) sem telur að á vinnustað bregðist fólk best við þegar það fær að vera með í ákvarðanatöku sem hefur áhrif á það sjálft og störf þess og tekur í kjölfarið uppbyggjandi ákvarðanir í tengslum við eigin hugsanir, tilfinningar og þarfir. Hann segir að ef fólk finnist það hafa áhrif og skuldbindi sig þeirri sýn sem starfsfólk innan stofnunarinnar deilir bregðist það mun betur við og upplifi sig meðvitað og áhugasamt um vinnu sína. Hopkins (2015) telur að það geti orðið mjög jákvæð breyting þegar starfsfólk samþykki að skipuleggja hlutina saman, taka ákvarðanir saman, leysa vandamál saman og hjálpa hvert öðru ef hlutirnir ganga ekki upp eins og þeir ættu að gera. Innan þessa samvinnuhóps myndist samkomulag um dreifða verkaskiptingu, skuldbindingu, ábyrgð og væntingar. Slíkur vinnustaður er ekki bara góður, heldur staður þar sem starf er unnið á sem bestan hátt af öllum og allir kappkosta að ná sem bestum árangri í þágu þess sem starfsfólkið þjónar. Ef þetta er sett í samhengi við skólagöngu fóstur- og vistbarna má gera ráð fyrir að skóli sem byggir á ofangreindum þáttum sé í stakk búinn til að að mæta mismunandi þörfum þeirra. Starfsfólk þarf að vera vakandi fyrir líðan þeirra og vera tilbúið til að sameinast um hvernig best sé að koma til móts við þau og fjölskyldur þeirra.

Eins og áður hefur komið fram snýst skólamenning um allt það sem hugsað er, sagt og gert innan veggja skólans (Hoy og Miskel, 2013). Skólamenning hefur því áhrif á líðan fóstur- og vistbarna og er áhugavert að heyra þeirra sýn á þann þátt skólastarfsins.

2.4 Hlutverk skólastjóra í að skapa lærdómssamfélag

Eins og fram kom í kaflanum hér að ofan er hlutverk skólastjóra afar mikilvægt þegar kemur að því að móta gott lærdómssamfélag í skólum. Ef allir meðlimir skólans vita fyrir hvað stofnun þeirra stendur og hvaða væntingar eru gerðar til þeirra eru þeir líklegri til að taka ákvarðanir sem styðja við það sem skólinn stendur fyrir. Þeir líta þá frekar á sig sem hluta af stofnuninni og að innra skipulag sé eitthvað sem skipti þá máli (Hoy og Miskel, 2013).

Skólastjóri skipar stóran sess í að skapa menningu skólans. Ef starfsmenn eru tortryggir í garð hans og treysta honum ekki er hætt við að þeir treysti ekki hver öðrum, sýni fáfræði, vænti lausna utan stofnunarinnar, vanti starfsöryggi og séu kvíðnir. Þegar traust er ekki til staðar dregur úr þeim þáttum innan skólans sem snúa m.a. að vinnugleði starfsfólks, lærdómssamfélaginu, nemendum, kennurum og hjá öðrum þeim sem koma að skólastarfinu með einhverjum hætti. Þetta bitnar svo fyrst og fremst á námi barnanna í skólanum (Erdogan, 2016). Hér er átt við öll börn, þar með talin fóstur- og vistbörn. Líklegt má telja að þar sem ekki ríkir jákvæð menning bitni það ekki síst á þeim þar sem undirliggjandi vandi er til staðar. Mörg þeirra eiga erfitt með að treysta fólki vegna fyrri reynslu. Samkvæmt Hoy and Miskel (2013) ríkir traust þar sem skólamenningin er sú að kennararnir treysta skólastjórnendum, vinnufélögum, nemendum og foreldrum og þegar þessir aðilar vinna saman.

Skólastjóri gegnir hér stóru hlutverki og stendur frammi fyrir því að finna út hvenær starfsmenn eiga að vera með í ákvarðanatöku, hvernig þeir eiga að gera það og hvert sé hlutverk stjórnandans í því ferli. Hafa þarf í huga að ef þátttakendur hafa takmarkaðan áhuga á viðfangsefninu er ekki líklegt að framlag þeirra auki gæði ákvarðana (Hoy og Miskel, 2013). Þetta er vandasamt verk og mikil ábyrgð sem hvílir á herðum stjórnandans. Þegar fjallað er um málefni fóstur- og vistbarna er því mikilvægt að velja vel hverjir koma að þeirri vinnu. Þeir sem lítið sem ekkert koma að viðveru þeirra í skólanum eru því ekki líklegir til að hafa áhuga á málinu né heldur að leggja mikið inn í þá umræðu.

Það er mikilvægt að skólastjóri sé leikinn í því að eiga góð samskipti við alla hagsmunaaðila innan og utan skólans og tilbúinn að dreifa valdi sínu og þeirri ábyrgð, sem honum er falin, með samstarfsfólki. Hann þarf einnig að geta blásið samstarfsfólki

sínu í brjóst þeim áhuga og eldmóði sem nauðsynlegur er til að jákvæð þróun og breytingar á námi og kennslu eigi sér stað (Birna Sigurjónsdóttir og Börkur Hansen, 2014). Til að stuðla að uppbyggjandi hugarfari þarf stjórnandi að hvetja kennara til að bregðast við neikvæðri hegðun með því að spyrja sjálfan sig hver geti verið undirliggjandi reynsla ungrar persónu og hvaða undirliggjandi þarfir skapi þessa hegðun. Sú fyrirmynd og hluttekning gefur ungu fólki sömuleiðis hugmyndir um hvernig bregðast megi við hegðun annarra, með því að skoða hvað það sé ósátt við sem kallar á fyrirmyndarkennslu fyrir vinnustaði framtíðarinnar og fyrir líf þeirra í tengslum við aðra (Hopkins, 2015).

2.5 Hlutverk kennara og annars starfsfólks gagnvart fóstur- og vistbörnum

Þegar barn er sent í fóstur eða á meðferðarheimili hefur oft mikið gengið á í lífi þess fram að þeim tíma. Í skýrslu Barnaverndarstofu (2013) kemur fram að þegar barnaverndarnefnd fari að skipta sér af lífi barna sé það oftast vegna erfiðra aðstæðna, s.s. ofbeldis á heimili, vanrækslu og fátæktar. Þegar um vanrækslu vegna náms er að ræða geti hún snúist um að mætingu barns í skóla sé ábótavant, barn sé ekki skráð í skóla og missi því mikið úr vegna ólögmeðra ástæðna, foreldrar sinni því ekki þegar starfsfólk skóla bendir á mikilvægi séraðstoðar fyrir barnið og að barn búi ekki yfir nauðsynlegum hlutum, s.s. bókum, leikfimis- og/eða sundfötum. Eins og áður hefur komið fram er misjafnt hve lengi fóstur- og vistbörn staldra við í hverjum skóla. Mörg þeirra skipta oft um skóla, sem eitt og sér getur verið erfitt. Þegar þau hefja nám við nýjan skóla koma þau í nýtt umhverfi, með nýjum reglum og nýju fólki. Börn sem búa yfir þeirri reynslu að skipta oft um skóla þurfa stöðugt að þróa ný tengsl við kennara eða jafnaldra og viðhalda þeim.

Samkvæmt Haugen (2012) hefur ekki farið fram kerfisbundin athugun á því hvernig fósturbörnum vegnar í leik og starfi í skólum á Íslandi. Í rannsókn Egelund, Andersen, Hestbæk, Lausten, Knudsen, Olsen og Gerstoft (2008) kemur fram að þegar illa gengur komi það meðal annars fram í auknum hegðunarvanda og í erfiðleikum við að fylgjast með því sem fram fari í skólanum. Þá telja Frønes og Strømme (2010) að ef nemenda takist ekki að mæta þeim kröfum sem skólinn geri séu líkurnar töluverðar á að hann verði útskúfaður með einhverjum hætti og nái því ekki að aðlagast skólalífinu. Það eru því margar ástæður fyrir mikilvægi þess að kennarinn sé opinn fyrir vanda fóstur- og vistbarna og veiti þeim tíma og athygli og sýni þeim virðingu. Ef kennarinn sýnir þeim ekki áhuga er hætt við að barnið upplifi skólann á neikvæðan hátt, endurupplifi það sem varð

til þess að skólagangan gekk illa áður en það fór í fóstur, lendi fyrir utan hópinn og verði niðurlægt. Þetta ætti að hvetja skólafólk til að standa saman og taka enn betur á móti þessum börnum og styðja við bak þeirra (Serbanescu og Ilie, 2015).

Jayalekshmi og Raja (2011) benda á að hafa beri í huga að í skólum þar sem starfsfólk samræmi aðgerðir innan sem utan skólastofunnar og bæði kennarar og nemendur taki þátt í þeirri samvinnu hjálpi það til við að mynda meiri samkennd og varanleg sambönd. Hopkins (2015) leggur líka áherslu á mikilvægi þess að allir starfsmenn skólans stefni í sömu átt og að aðgerðir sem framkvæmdar eru séu samræmdar. Að vilji sé til staðar til að kanna allar hliðar þegar eitthvað fer úrskeiðis frekar en að kenna einhverjum um, geti breytt hlutunum.

Fóstur- og vistbörn eiga oft erfitt með að byggja upp traust samskipti við fullorðið fólk og getur sambandið á milli kennara og þessara barna því oft verið erfitt. Það er mikilvægt að kennari hafi það í huga að fóstur- og vistbörn hafa upplifað óvægin orð, að öskrað sé á þau og ofbeldi viðhaft af hálfu fullorðinna. Hann þurfi því að nálgast þau af stillingu og yfirvegum. Því meira sem þrefað er við þessi börn, því líklegra er að þau fari í uppnám (DeGarmo, 2015). Auk þess telur DeGarmo (2015) að það skipti miklu máli að kennarinn taki vel á móti fósturbarni áður en það fer inn í skólastofuna sinn í fyrsta skipti. Mikilvægt sé að hann hitti það fyrir utan kennslustofuna til að bjóða það velkomið og sýni þannig frumkvæði. Það hjálpi kennaranum auk þess að vera vakandi fyrir sýnilegum merkjum um vandræði áður en nemandinn fari inn í stofuna. Ef nemandinn virðist órólegur eða í uppnámi þurfi kennarinn að gefa sér tíma til að tala við hann, spyrja hvort allt sé í lagi, vera uppörvandi og koma þannig jafnvel í veg fyrir frekari vanda.

Loomba (2008) tekur undir orð Jayalekshmi og Raja (2011), Hopkins (2015) og DeGarmo (2015) um að persónuleiki kennarans skipti miklu máli þegar kemur að námi, framkomu, hegðun og persónuleika nemenda. Það hafi mikil áhrif á nemendur hvernig kennarar komi fram við þá, hvernig félagsleg samskipti eru innan kennarahópsins og hver vilji þeirra er til að vinna á þeim vanda sem upp kann að koma.

2.6 Nám barna og unglunga í grunnskólum

Almenn menntun skal stuðla að aukinni hæfni einstaklings til að takast á við viðfangsefni daglegs lífs. Hún skal miða að því að hver einstaklingur hafi skilning á hæfileikum sínum og eiginleikum og öðlist þannig hæfni til að takast á við hlutverk sitt í flóknu samfélagi, jafnt sem einstaklingur og félagsvera (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Mikilvægt er að þessum þáttum sé fylgt eftir í skólastarfinu og að allir starfsmenn

grunnskólans hafi þá að leiðarljósi. Fólk þarf að hafa skýra mynd af því hvaða gildi, kröfur og reglur það vill að börn fylgi í gegnum lífið. Sýn þess skal markast af skapgerð, persónuleika, þörfum og áhugamálum hvers barns fyrir sig. Þá ætti fólk að ímynda sér barn sem fullorðinn, sjálfstæðan einstakling og sýna þeirri leið sem það vill fara í lífinu mikinn áhuga (Ambile, 1989).

Claxton (2006) tiltekur átta dyggðir og raðar þeim upp. Hann segir að forvitni sé upphafspunkturinn, síðan hugrekki, þ.e. getan til að takast á við krefjandi verkefni, að vera rannsakandi (forvitið fólk elskar að finna út úr hlutunum), tilraunamaðurinn, sá sem fikrar sig áfram og stillir hluti, ímyndunaraflið, að nota sinn eigin huga til að prófa nýjar hugmyndir, agi, að geta hugsað vandlega og skipulagt sig, félagslyndi, að geta fundið jafnvægið á milli þess að umgangast fólk og vera einn með sjálfum sér og síðast en ekki síst íhugull.

Mikilvægt er að kennarar ungs fólks einblíni á þarfir hvers og eins. Þrjár grundvallarreglur skipta sköpum þegar kemur að vinnu með börnum og unglingum. Þessar reglur eru þær að barnið upplifi að það sé einstakt, að það skapi sitt eigið líf og að lífið sé sjálfsprottið. Lífið er ekki línulegt. Einstaklingarnir eigi að vera opnir fyrir nýrri reynslu og að finna nýjar leiðir og tækifæri innra með sjálfum sér og í umhverfi sínu (Robinson, 2013).

Kennarinn er þá til staðar fyrst og fremst sem leiðbeinandi. Greenleaf (1991) talar um að þjónandi forrysta sé það sem við þurfum á að halda. Að þeir sem stjórnir séu leiðbeinendur og þjóni fyrst og fremst. Markmiðið sé að einstaklingar fái tækifæri til að þroskast, öðlast sjálfstæði o.s.frv. Sá sem þjónar sé sífellt leitandi. Hann hlustar og væntir þess að hjólin snúist enn betur. Hver og einn geti fundið út úr hlutunum, út frá persónulegri reynslu. Greenleaf (1991) heldur því fram að allir sem sé leiðbeint á þennan hátt vaxi, verði heilbrigðari, sterkari, sjálfstæðari og viljugri til að þjóna. Afar mikilvægt er að kennari hlusti á fóstur- og vistbörn og vænti þess að hjólin geti snúist enn betur. Eins og áður hefur komið fram eiga þau mörg hver erfiða bernsku að baki og er mikilvægt að skilningur sé á að það geti truflað veru þeirra í skólanum. Kennarinn þarf að hafa trú á að hægt sé að hjálpa þeim að horfa fram á veginn til bjartari framtíðar.

3 Rannsóknin

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem rannsóknin byggir á. Rannsóknarspurningar verða kynntar, fjallað um þátttakendur og aðgengi, skráningu og greiningu gagna og siðferðileg álitamál.

3.1 Aðferð

Rannsóknin flokkast sem fyrirbærafræði þar sem eigindlegum aðferðum er beitt við gagnasöfnun. Í eigindlegri rannsókn er lögð áhersla á merkingu og að skoða hvernig einstaklingurinn túlki sinn eigin veruleika. Gert er ráð fyrir að félagsleg viðfangsefni séu óstöðug og breytileg og að fólk túlki umhverfi sitt og aðstæður á hverjum tíma fyrir sig. Sá sem rannsakar er hluti af ferlinu og þarf að ígrunda hvernig hann tengist því. Bæði hann og aðrir þátttakendur eru virkir í að móta útkomuna. Markmið eigindlegra rannsókna eru meðal annars að lýsa flóknum veruleika, móta kenningu upp úr gögnunum og þróa skilning (Lichtman, 2013). Í minni rannsókn mun ég leggja áherslu á að skilja hvernig viðmælendurnir upplifðu grunnskólagöngu sína sem fóstur- og/eða vistbörn á sinni skólagöngu. Sérstaklega verður horft til þess hvort og þá hvernig skólamenningin hafði áhrif á líf og líðan þeirra í skólanum. Lýst verður þeim veruleika sem þeir upplifðu og mótaðar kenningar út frá þeim gögnum sem aflað verður.

Í fyrirbærafræði reynir rannsóknaraðili að skoða hlutina út frá sjónarhóli þess sem rætt er við. Svörun er út frá merkingu sem á sér jafnan félagslegar rætur. Hún getur þýtt mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni. Gengið er út frá því að samskipti geti verið flókin og ávallt háð aðstæðum hverju sinni (Lichtman, 2013). Til að skilja mannleg fyrirbæri „þarf rannsakandinn að eiga í samræðum við einstaklinga sem hafa upplifað þessa tilteknu reynslu og mynda smám saman, með textagreiningaraðferðum, heildstæða mynd í eigin huga af fyrirbærinu“ (Sigríður Halldórsdóttir, 2003, bls. 249). Textagreining snýst um að lesa út úr gögnum og túlka þau. Lögð er áhersla á að finna hluti í textanum sem fanga sálfræði- og/eða félagslega merkingu. Það sem kemur oftast fyrir í gögnunum er ekki endilega það sem verið er að leita eftir heldur eitthvað sem skiptir máli fyrir viðfangsefni rannsóknarinnar (Braun og Clarke, 2013).

Tekin voru viðtöl við sex manns á aldrinum 19-27 ára sem eiga það sameiginlegt að hafa upplifað grunnskólagöngu sem fóstur- og/eða vistbörn á einhverjum tímamarki lífs síns. Lögð verður áhersla á að heyra reynslu þeirra af því hvernig brugðist var við veru þeirra í skólanum á þeim tíma Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi: Hvaða þættir

skipta máli fyrir vellíðan barna sem dvalið hafa fjarri fjölskyldu sinni í íslenskum grunnskólum? *Hvaða reynslu hafa þau af móttöku, námsframvindu, viðmóti starfsfólks og skólafélaga og samskiptum í grunnskóla?*

3.2 Gagnaöflun

Gagnaöflun var með þeim hætti að tekin voru óstöðluð viðtöl við fólk sem hafði verið í fóstur- og/eða á meðferðarheimili sem börn með það í huga að lýsa og útskýra fyrirbæri í tilveru þeirra (Kvale, 1996). Sá sem rannsakar hefur ákveðið umræðuefnið fyrirfram en ræðir svo um það við þátttakendur á jafnréttisgrundvelli og reynir að draga sem mest úr andstæðum eigin aðstöðu og viðmælenda sinna. Samræðurnar fjalla um atburði eins og tilfinningar, hegðun, hugrenningar, skynjun, væntingar, vonir og fleira sem skiptir þátttakendur máli (Helga Jónsdóttir, 2003). Viðtöl voru tekin við sex einstaklinga, þrjá af hvoru kyni, sem dvalið höfðu á fóstur- og/eða meðferðarheimilum á Íslandi á einhverjum tímamarki lífs síns. Ákveðið var að hafa kynjahlutföllin jöfn þar sem mismunandi getur verið hvernig upplifun kynin hafa af skólakerfinu almennt. Reynt verður að komast að kjarna fyrirbærisins (Lichtman, 2013), sem hér er skólaganga fóstur- og vistbarna. Unnið verður samhliða að gagnasöfnun og gagnagreiningu.

3.3 Þátttakendur og aðgengi

Mikilvægt er að valið sé fólk „sem hefur persónulega reynslu af því fyrirbæri sem rannsaka á og hafi áhuga og getu til að lýsa reynslu sinni“ (Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 251). Notað verður tilgangssúrtak, en í því felst að þátttakendur eru valdir vegna reynslu af fyrirbærinu. Reynt verður að koma í veg fyrir að úrtakið verði einsleitt og því leitast við að fólk hafi mismunandi reynslu af sama fyrirbæri (Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Eins og áður hefur komið fram byggir rannsóknin á viðtölum við sex fullorðnar manneskjur sem hafa reynslu af því að ganga í grunnskóla sem fósturbörn eða sem börn á meðferðarheimili. Þátttakendur voru valdir með mismunandi hætti. Ég hafði samband við þrjá einstaklinga sem dvöldu um tíma á heimili á vegum barnaverndaryfirvalda þar sem ég vann fyrir nokkrum árum. Viðkomandi aðilar dvöldu um lengri eða skemmri tíma fjarri fjölskyldum sínum, á fóstur- og/eða meðferðarheimilum og hafa því mismunandi reynslu í þeim efnum. Ég þekkti hluta af sögu þeirra, en einungis brot af öllu því sem þeir upplifðu á grunnskólagöngu sinni. Ég kynntist þeim inni á vistheimili þar sem ég og fjölskylda mín bjuggum, ekki í skólakerfinu og taldi ég því að þau kynni ættu ekki að hafa

áhrif á sögu þeirra. Þar sem um ungt fólk er að ræða taldi ég að okkar fyrri kynni gætu orðið til þess að þeim reyndist auðveldara að tjá sig um viðkomandi málefni.

Einn einstaklingur er tengdur inn í fjölskylduna. Ég þekkti hvorki hann né sögu hans að öðru leyti en því að hann dvaldi á fósturheimili og stundaði grunnskólanám á þeim tíma. Haft var samband við Barnavernd Reykjavíkur til að finna tvo einstaklinga til viðbótar og komast í samband við þá. Einn þeirra dvaldist á meðferðarheimili um tíma og þekkti ég ekkert til hans. Þannig vildi til að ég kannaðist örlítið við hinn frá fyrri tíð. Ég hef lítið sem ekkert vitað um hans hagi síðan og þekkjumst við ekkert í dag.

Ég geri mér grein fyrir að um viðkvæmt málefni er að ræða og að aðstöðumunur milli rannsakanda og viðmælanda er bæði mikill og flókinn. Ég lagði mig alla fram um að vera opin og næm fyrir þeirri reynslu sem viðmælendur mínir búa yfir og líta á „hvern meðrannsakanda sem dýrmætan einstakling sem hefur mikilvægum upplýsingum að miðla.“ (Sigríður Halldórsdóttir, 2003, bls. 250).

3.4 Skráning og greining gagna

Viðtölin voru tekin upp og vélrituð frá orði til orðs. Ég skráði sömuleiðis hjá mér minnispunkta á meðan á viðtali stóð. Farið var í gegnum gögnin á kerfisbundinn hátt og búnir til lykjar, en þeim er ætlað að ná fram helstu einkennum gagnanna. Notuð var grunduð kenning þar sem lögð er áhersla á að kenningarnar séu leiddar af gögnunum sjálfum. Þau voru greind jafnóðum og fundin þemu sem vísuðu til mynsturs eða hugmynda sem komu fram aftur og aftur (Lichtman, 2013).

3.5 Siðferðileg álitamál

Við gerð rannsóknar var þess gætt að skaða ekki þátttakendur, gæta nafnleyndar, að trúnaður ríkti á milli aðila og að gefið hafi verið upplýst samþykki. Í því felst að gera viðmælanda grein fyrir því út á hvað rannsóknin gengur, honum beri ekki skylda til að taka þátt í henni og sé frjálst að hætta hvenær sem er í rannsóknarferlinu (Lichtman, 2013), sjá viðauka B. Þar sem um viðkvæmt málefni getur verið að ræða var þátttakendum bent á hvert þeir gætu leitað sér hjálpar í kjölfarið ef þeim þætti ástæða til.

Eftirfarandi siðareglur voru hafðar til hliðsjónar: sjálfræðisreglan, sem snýr að ákvörðunarrétti einstaklings; velgjörðarsjónarmið þar sem haft er í hyggju að rannsókn verði til góðs; skaðleysi, mikilvægi þess að skaða ekki þátttakendur og réttlæti, það er að

velja t.d. ekki fólk í veikri stöðu til þátttöku nema það sé til að kanna eða bæta aðstæður þess (Sigurður Kristinsson, 2003).

Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar. Sömuleiðis hefur rannsóknaráætlunin verið send til vísindasiðanefndar Háskóla Íslands til umsagnar. Gerði hún eina athugasemd sem tekin var til greina. Fleiri urðu athugasemdirnar ekki. Rannsóknin hefur verið unnin samkvæmt viðurkenndri vísindalegri aðferðafræði. Gætt verður trúnaðar varðandi allar upplýsingar sem aflað verður og að notkun og miðlun rannsóknargagna skaði ekki þátttakendur.

3.6 Trúverðugleiki rannsóknarniðurstaðna

„Réttmæti eða trúverðugleiki rannsóknarniðurstaðna byggist að hluta til á því hversu trúverðuglega rannsakandanum tekst að setja fram niðurstöðurnar.“ (Sigríður Halldórsdóttir, 2003, bls. 259). Í rannsókn sem þessari skiptir miklu máli að hægt sé að treysta gögnum, gagnagreiningu og niðurstöðum. Mikilvægt er fyrir rannsakanda að vera viss um að hann hafi skilið aðalatriði samræðnanna á sama hátt og viðmælandinn (Helga Jónsdóttir, 2003). Til að tryggja trúverðugleika rannsóknarinnar voru þátttakendur meðal annars spurðir frekar út í það sem um var rætt. Auk þess voru helstu efnisatriði dregin saman í lok viðtals og þau borin undir viðmælanda til samþykktar eða synjunar.

Við frekari úrvinnslu gagna var reynt eftir bestu getu að vera trúr þátttakendum. Lichtman (2013) leggur áherslu á að hlutverk þess sem rannsakar í rannsókninni sé ljóst. Hann geti ekki ýtt sjálfum sér til hliðar og sleppa eigin gildismati. Ég hef unnið með fóstur- og vistbörnum, meðal annars vegna skólagöngu þeirra í fjölda ára og þekki því vel til. Ég leitaðist því við að aðgreina eigin sjónarmið og hugsanir í nótnaskrifum. Ég hef lagt mig fram um að vera nákvæm og heiðarleg og fylgja þeirri aðferðafræði sem ég lagði upp með (Helga Jónsdóttir, 2003).

4 Niðurstöður

Hér á eftir verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar. Þær eru settar fram í tveimur köflum: sögu þátttakenda og samantekt.

Í fyrri kaflanum verður sögð saga þeirra Jónu, Jóns, Guðmundar, Önnu, Láru og Kristjáns sem öll eiga það sameiginlegt að hafa gengið í grunnskóla sem fósturbörn og/eða sem börn á meðferðarheimili. Hverri frásögn er skipt í sjö undirkafla. Þeir eru grunnskólaganga, móttaka í grunnskóla, námsframvinda, viðmót starfsfólks og skólafélaga, samskipti við starfsfólk og félagar, hvað mætti gera öðruvísi í dag og lífið eftir grunnskóla. Í lokin eru niðurstöður dregnar saman.

4.1 Saga þátttakenda

Tekin voru viðtöl við sex þátttakendur á aldrinum 19-27 ára, þrjá af hvoru kyni. Allir hafa þeir reynslu af því að stunda grunnskóla á sama tíma og þeir voru í fóstur og/eða á meðferðarheimili. Þeir voru allir tilbúnir til að taka þátt í rannsókninni fyrst og fremst með það fyrir augum að leggja sitt af mörkum til að auka velferð fóstur- og vistbarna í grunnskólum. Viðtölin voru tekin á mismunandi stöðum eftir því sem þótti henta hverju sinni.

Hér á eftir verða þessir sex einstaklingar kynntir til sögunnar. Nafnleyndar verður gætt og eru þeir því allir undir dulnefni. Öllum öðrum nöfnum hefur sömuleiðis verið breytt, svo sem á skólum, meðferðaheimilum, á starfsfólki skóla og umsjáraðilum. Ekki verður gerður greinarmunur á fóstur- og meðferðarheimilum fyrir 13 ára aldur þar sem fá meðferðarheimili voru rekin fyrir börn á þeim aldri á þessum tíma til að gæta hagsmuna þeirra sem hér um ræðir.

Þó hér sé verið að ræða grunnskólagöngu fósturbarna og barna á meðferðarheimilum verður ekki hjá því komist að skoða skólagöngu þeirra í heild sinni. Öll skólagangan innan sem utan fósturs eða vistunar myndar ytri samfellu í lífi þeirra á þessum tíma og leiðir eitt af öðru sem skiptir máli fyrir heildarmyndina.

4.1.1 Jóna

Jóna er 27 ára gömul og býr nú í þorpi úti á landi. Hún ólst upp hjá báðum foreldrum til 11 ára aldurs, þegar þeir skildu. Þá flutti hún með móður sinni á höfuðborgarsvæðið. Eftir að hafa átt erfitt, bæði heima fyrir og í skóla frá 12 ára aldri fór hún í vistun á meðferðarheimili, 15 ára gömul. Þar dvaldi hún í rúmlega eitt ár. Hún segist ekki muna eftir sér öðruvísi en með ofvirkni og athyglisbrest sem hafi mótað allt hennar líf.

Jóna hefur nú verið án áfengis og annarra vímuefna í nokkur ár og er að búa sig undir lífið. Hún er í sambúð og stundar nám sem undirbýr hana fyrir að geta farið í framhaldsskóla. Hún hlakkar til að takast á við framtíðina og lítur hana björtum augum.

Jóna er frísk og glaðleg ung kona. Þegar við hittumst kom hún blaðskellandi á móti mér og kynnti sig. Að því búnu byrjuðum við að spjalla, eins og við hefðum alltaf þekkt.

4.1.1.1 Grunnskólaganga Jónu

Tímabil	Grunnskóli	Dvalarstaður
1.-5. bekkur	Grunnskóli Grjótavíkur	Hjá báðum foreldrum
6.-8. bekkur	Sebraskóli	Hjá móður
Hluti úr 9. bekkur	Steinahlíð	Hjá móður
Hluti úr 9. bekkur	Hafraskóli	Dvaldi á staðnum
10. bekkur	Gljúfraskóli	Í fóstri

Jóna stundaði nám við fimm skóla eða skólaúrræði á grunnskólaárum sínum. Hún var í sama skólanum fimm fyrstu árin. Þar leið henni mjög vel og þakkar það fyrst og fremst umsjónarkennara sínum sem hún segir hafa verið frábæran. „Ég átti bara besta kennara sem ég hef bara kynnst frá fyrsta til fimmta bekkjar.“

Eftir því sem árin liðu varð skólagangan erfiðari. Hún flutti með móður sinni á höfuðborgarsvæðið eftir að foreldrar hennar skildu en þá var hún var 11 ára gömul. Allt gekk að óskum í nýjum skóla til að byrja með, hún átti þó við einhverja hegðunarörðugleika að stríða enda greind með ofvirkni og athyglisbrest. Þegar Jóna var komin á unglingsár fór að fjara undan henni. Hún var nokkru sinnum rekin úr skóla þegar hún var í 8. bekk sem endaði með því að hún hætti í almennum grunnskóla um tíma og við tóku ýmiss sérúrræði á höfuðborgarsvæðinu. Þegar Jóna var 15 ára var hún loks send í vistun út á land þar sem hún lauk 10. bekk í Gljúfraskóla.

4.1.1.2 Móttaka í grunnskóla

Þegar Jóna hóf nám í Sebraskóla á höfuðborgarsvæðinu, segir hún að allir hafi tekið vel á móti sér. Aðstoðarskólastjórinn hafði búið í sama þorpi og hún hér áður fyrr og vissu þær mæðgur vel hver hann var og hafði hann reynst henni vel.

Jóna man lítið eftir því hvernig tekið var á móti henni í skólaúrræðunum þar sem hún hafði viðkomu áður en hún fór í Gljúfraskóla meðan hún var í vistun. Hún segist ekki hafa fengið neina sérstaka kynningu á skólanum þar. Einhverjir hafi fengið það en ekki hún.

Ég fékk ekki að koma að skoða og ákveða mig og, og koma svo kannski ekki eða koma... ég fékk þetta „option“ aldrei. Ég var bara send þangað og punktur. Þannig að ég fékk aldrei svona kynningu á þessu eða neitt svoleiðis.

Aðspurð hvort hún hafi verið ósátt við að vera send þangað svaraði hún „Já, mjög ósátt, mjög ósátt.“

4.1.1.3 Námsframvinda

Jóna var orðin læs áður en hún gekk í grunnskóla. Hún átti auðvelt með að læra en erfitt með að einbeita sér vegna ofvirkni og athyglisbrests.

Ég byrjaði í fyrsta bekk í Grunnskóla Grjótavíkur og það gekk alltaf rosa vel að læra og ég var læs áður en ég byrjaði í grunnskóla, það hefur bara alltaf farið mikið fyrir mér. Ég er ofvirk með athyglisbrest... já, það voru rosalega mikil læti í mér oft og svona.

Þegar að Jóna flutti fyrst á höfuðborgarsvæðið gekk henni nokkuð vel í nýjum skóla. Eftir að hún var komin í slæman félagsskap í 7. bekk fóru hlutirnir að breytast. Hún missti mikið úr skóla á unglingsárum vegna neyslu áfengis og vímuefna sem bitnaði verulega á námsframvindu hennar.

Þegar Jóna var í 8. bekk var hún rekin úr skóla og tóku þá við sérúrræði á höfuðborgarsvæðinu. Hún man lítið eftir þeim tíma en segist ekki hafa lært mikið á þeim tíma.

Þegar Jóna var komin í 10. bekk fór hún á meðferðarheimili og hóf þá nám við Gljúfraskóla. Henni leið bærilega þar, en var þó aldrei sátt við að vera í vistun. Námið gekk henni nokkuð vel miðað við allt það sem á undan hafði gengið. Hún náði þeim samræmdu prófum sem hún tók og er stolt af því.

Jóna telur að hún hafi þurft meiri aðstoð við grunnskólanám sitt, sérstaklega á unglingsárum. Hún segist þó hafa fengið einhverja aðstoð, hún hefði að öðrum kosti aldrei náð þeim samræmdu prófum sem hún tók. Hún hafi samt örugglega þurft meiri hjálp. „Eins og í dag þá er ég að taka 10. bekk aftur þú veist, þannig að... Örugglega hefði ég þurft meiri hjálp sko.“

4.1.1.4 Viðmót starfsfólks og skólafélaga

Jóna ber starfsfólki grunnskólans yfirleitt vel söguna. Hún segir að vandinn hafi fyrst og fremst legið hjá henni sjálfri, fyrst vegna ofvirkni og athyglisbrests en síðan hafi

áfengisdrykkja og neysla vímuefna bæst við. „Eina sem að ég get sagt og það var trúflandi hvað ég var ör og út um allt sko... það er það eina einhvern veginn.“

Þegar Jóna flutti utan af landi og hóf nám í 6. bekk við nýjan skóla á höfuðborgarsvæðinu segir hún að allir hafi verið boðnir og búnir til að hjálpa sér. „Það var bara ég sem var svo rosalegt flækt einhvernvegin.“ Þegar Jóna var komin í 8. bekk fór verulega að halla undan fæti. Hún var komin í neyslu vímuefna og hegðaði sér æ verr í skóla.

Já, ég var rekin þrisvar úr skólanum og fyrst í eitthvað viku og svo í tvær vikur svo í þrjár vikur og svo eftir það þá bara beint í Steinahlíð. Þú veist, ég var send til skólastjórans liggur við daglega.

Þegar Jóna var spurð að því hvað hún hafi gert þegar hún var rekin úr skóla var hún fljót að svara: „Ég var bara heima að reykja hass eða eitthvað.“

Nú tók nýtt úrræði við, Steinahlíð. Það var sérskóli á höfuðborgarsvæðinu sem tók við unglingum í vanda. Þar voru sex unglingar saman á skólatíma. Að sögn Jónu fór þar einhver kennsla fram en þar var líka „playstation“ tölva fyrir þá sem áttu erfitt með að sitja kyrrir. Jóna man lítið eftir því hvernig henni leið í Steinahlíð á þessum tíma eða hvernig starfsfólkið kom fram. „Ég gaf öllum puttann einhvernvegin.“

Jóna fór nú á meðferðarstofnun fyrir unglunga á höfuðborgarsvæðinu, þar var sömuleiðis lítill skóli. Þar segir Jóna að hafi verið „...stælar og einhver vitleysa í gangi.“ Lítil kennsla hafi varið fram og kennarinn ekki náð vel til nemenda.

Í framhaldinu var Jóna send á meðferðarheimili sem er úti á landi. Þar fór hún í Gljúfraskóla en var aldrei inni í almennum bekk. Hún var í einskonar sérdeild fyrir fleiri unglunga í hennar sporum. Tveir kennarar sinntu hópnum að mestu og ber hún þeim vel söguna.

Þetta voru yndislegir kennarar... hún var frábær og hún hjálpaði mér rosa mikið og þau bæði, það voru sko tveir kennarar sem voru þarna með okkur í Gljúfraskóla já, það voru sko allir rosa góðir við mig.

Jóna vill ekki meina að það hafi verið komið öðruvísi fram við hana en önnur börn í skólanum af því að hún hafi verið vistbarn. Hún segist eiga auðvelt með að vinna fólk á sitt band og noti sínar leiðir til þess. Hún noti kímni, gleði eða bara hvað eina sem hún þurfi til að nálgast fólk.

4.1.1.5 Samskipti við starfsfólk og félagi

Jóna hafði góð samskipti við fólk innan grunnskólans þar sem hún ólst upp. Eftir að hún flytur suður fara erfiðleikar að láta á sér kræla og fer hún að leita sukkfélaga, meðal annars út fyrir skólann.

Þegar Jóna fór í fóstur að Urð hafði hún ekki sótt almennan grunnskóla í tæp tvö ár. Nú hóf hún nám við 10. bekk í Gljúfraskóla. Þar tengdist hún ekki mörgum, en náði góðu sambandi við þá kennara sem kenndu henni. Tveir kennarar höfðu umsjón með sérdeildinni. Jóna átti góð samskipti við þá báða. Annar þeirra er henni þó sérstaklega hugleikinn. „Það er náttúrulega Hekla, það var bara eitthvað, það bara svona... eitthvað óskiljanleg tenging á milli okkar.“ Þarna var líka einn gangavörður sem Jóna tengdist vel.

Jóna eignaðist ekki vini í skólanum á þessum tíma „Sko, það var ekkert svona vináttusamband... ég var ekkert öll þarna.“ Jóna og þeir sem voru með henni í sérdeildinni höfðu ekki mikil tækifæri til að kynnst öðrum börnum og unglingum í skólanum.

Sko, ég upplifði ekki mikið þennan skóla, því að við vorum bara í... þú veist... í öllum fögum þá vorum við bara inni í þessari stofu... nema þessum leikfímistíma sem ég mætti aldrei í og þessum danstíma... annars var ég bara inni í þessari stofu að læra... þannig að ég kynntist aldrei þessum skóla, þessu skólalífi eða einhverju svona.

4.1.1.6 Hvað mætti gera öðruvísi í dag

Þegar Jóna var á meðferðarheimilinu Urð voru þar nokkrir unglingar saman. Þeir voru keyrðir í skólann af heimilisfólkinu og fóru því ekki með skólabíl eins og flest önnur börn gera. Þetta er eitthvað sem situr í Jónu og hún hefði viljað sjá öðruvísi.

Já, ég myndi ekki vilja að þau væri keyrð í einhverjum svona langferðabíl... þar sem allir sæju þig einhvernvegin, þú veist... bara það getur orðið að aðkasti, skilurðu.

Jónu finnst líka mikilvægt að reynt sé að halda utan um nám allra barna og unglunga sem best, líka þeirra sem séu í mótþróa og lendi í einhverju rugli.

4.1.1.7 Lífið eftir grunnskóla

Jóna hóf framhaldsnám á meðan hún var á meðferðarheimilinu. Allt gekk vel á meðan það varði. Hún fór þó fljótlega heim úr þeirri vistun og ætlaði að halda áfram í fjarnámi.

Hún lofaði móður sinni öllu fögru, en allt fór á verri veg. Hún lenti aftur í rugli og enn og aftur tóku dvöl á stofunum við. Þar stundaði hún lítilega nám, meira af skyldu en áhuga.

Jóna hefur nú verið laus við vín og fíkniefni í þrjú ár. Hún stundar undirbúningsnám fyrir framhaldsskóla sem hún stefnir á að ljúka eftir rúmt ár. Hún hefur ekki ákveðið hvað hún gerir eftir það „Mig langar rosalega til að flytja til útlanda en ég veit ekki... þú veist það er bara svona margt einhvernveginn sem mig langar að gera.“

4.1.2 Jón

Jón er nú 25 ára gamall. Hann ólst hjá móður sinni og stjúpa úti á landi, en fór reglulega til föður síns og stjúpu og hefur ávallt haft gott samband við þau. Hann fór ungur í helgardvöl, fyrst og fremst til að létta á foreldrum sínum, eins og hann segir sjálfur. Hann var snemma greindur ofvirkur með athyglisbrest og átti oft erfitt með að hemja skap sitt sem barn.

Jón er stæltur og vel á sig kominn ungur maður í dag. Hann er bjartur yfirlitum og nýtur þess að fá að segja sögu sína.

4.1.2.1 Grunnskólaganga Jóns

Tímabil	Grunnskóli	Dvalarstaður
1.-5. bekkur	Valsskóli	Hjá móður og stjúpföður
Hluti úr 5. bekk	Berjaskóli	Dvaldi á staðnum
6. bekkur	Skeljaskóli	Hjá móður og stjúpföður
7. bekkur-9. bekkur	Greniskóli	Hjá móður og stjúpföður
Partur úr 9. bekkur	Hafraskóli	Dvaldi á staðnum
10. bekkur	Klettaskóli	Í fóstri

Jón átti erfitt í grunnskóla alveg frá upphafi. Hann flakkaði töluvert á milli skóla þar til hann var sendur á fósturheimili þegar hann var í 10. bekk.

Jón stundaði fyrst nám við Valsskóla, sem var fremur fjölmennur skóli á þeim tíma. Þegar hann var 10 ára var hann sendur á stofnun til að athuga hvort hann væri geðveikur. Það kom í ljós að svo var ekki, heldur var hann með ofvirkni með athyglisbrest á háu stigi. Í framhaldi var ákveðið að flytja hann yfir í annan og minni skóla, Skeljaskóla ekki svo langt frá heimili hans, í þeirri von að þar gengi honum betur. Líðan hans gjörbreyttist og

gekk honum vel í nýjum skóla. Eftir að hafa verið þar í eitt ár sameinaðist Skeljaskóli öðrum skóla og var þá ákveðið að Jón færi aftur í sinn gamla skóla, Valsskóla. Það gekk ekki sem skyldi og voru árin framundan erfið. Jón lenti í slæmum félagsskap og fór að misnota bæði áfengi og vímuefni. Þegar hann var í 10. bekk fór hann tímabundið á meðferðarstofnun fyrir unglinga á höfuðborgarsvæðinu. Þar var lítið skólaúrræði sem honum finnst hafa gert lítið fyrir sig. Jón var loks sendur í fóstur út á land þegar hann var kominn í 10. bekk.

4.1.2.2 Móttaka í grunnskóla

Jón stundaði nám við sex skóla eða skólaúrræði á grunnskólagöngu sinni og er misjafnt hversu vel hann man eftir hvernig tekið var á móti honum á hverjum stað fyrir sig.

Eftir að hafa átt erfitt uppdráttar í heimaskóla sínum, Valsskóla fór hann inn á stofnun og þaðan í Skeljaskóla þar sem hann hóf nám í 6. bekk. Hann upplifði þau skólaskipti á afar jákvæðan hátt og fannst sem allir væru tilbúnir til að taka vel á móti sér. „Það voru allir svo tilbúnir að fá mig, krakkarnir og og skipti engu máli sko... þældu ekkert í því af hverju ég var þarna... þú veist af hverju ég skipti um skóla eða eitthvað.“

Það var mikill léttir fyrir Jón að komast í umhverfi þar sem vel var tekið á móti honum og fólk bauð hann velkominn. „Þarna byrjaði mér að ganga vel í skóla. Þaðna á undan hafði mér gengið gengið mjög illa en einhvern veginn umhverfið og fólk, það voru allir tilbúnir að hjálpa.“

Ári síðar fór Jón svo aftur í Valsskóla þar sem honum leið áfram illa. Eftir að vera kominn í neyslu vímuefna var hann sendur inn á meðferðarstofnun á höfuðborgarsvæðinu og stundaði þar nám í lítilli sérdeild. Þar leið honum ekki vel og man ekki eftir að hafa fengið neina sérstaka kynningu á skólanum. Jón fór svo í 10. bekk í Klettaskóla þegar hann var í fóstri að Urð og kom inn á miðju skólaári. Hann fékk ekki kynningu á skólanum áður en hann mætti fyrsta daginn. Hann tók bara skólabílinn að morgni. Kennari tók þá á móti honum og sýndi honum skólann áður en hann mætti í fyrsta tíma.

4.1.2.3 Námsframvinda

Jóni fannst lengst af erfitt með að einbeita sér að námi. Hann var greindur með ofvirkni og athyglisbrest og átti stöðugt við hegðunarvanda að stríða. Hann segist fyrst hafa farið að ná árangri þegar hann var færður úr Valsskóla, sem er fjölmennur skóli yfir í Skeljaskóla sem innihélt um fimmtíu nemendur á þeim tíma.

Í stærri skóla þá gekk mér mjög illa þar sem var mikið áreiti... e sko ég var færður í annan skóla og það var fimmtíu manna skóli og þar gekk mér rosa vel. Þar byrjaði ég að ná árangri í námi.

Jóni fannst eins og kennararnir þar hafi náð að sinna öllum nemendum betur vegna þess hve fáir þeir voru. Eftir að Jón fór aftur í Valsskóla fjaraði smátt og smátt undan honum og fór lítið fyrir námi þar til hann fór í fóstur þegar hann var í 10. bekk.

Jóni leið fljótt vel í fóstri og hóf hann nám við Klettaskóla þaðan sem hann lauk 10. bekk. Hann fékk nú aftur áhuga á námi og þakkar það fyrst og fremst bekkjarsystur sinni sem var mjög dugleg að aðstoða hann á meðan kennarinn nennti því ekki, að hans mati.

Já... e... kennarinn sem kenndi mér hann hann var semsagt frá frá höfuðborgarsvæðinu, hann hafði ekki mikinn áhuga fyrir því að kenna mér. Hann kenndi öllum hinum en en héddna... tók mig aðeins sér og og héddna og ég fann alveg frá honum sko... og hann nennti ekki að kenna mér... jafnvel þótt ég fékk áhugann og og annað... að héddna... að þá eiginlega var það þannig að ég settist við hliðina á einni stelpu og hún kenndi mér.

4.1.2.4 Viðmót starfsfólks og skólafélaga

Jón mætti misjöfnu viðmóti starfsfólks í grunnskóla. Hann glímdi við mikla hegðunarörðugleika og telur að ekki hafi verið auðvelt að ná til hans. Hann segir að flestir hafi þó reynt sitt besta.

Jóni gekk alltaf illa í heimaskóla sínum Valsskóla. Valsskóli var frekar fjölmennur skóli og er Jón þeirrar skoðunar að erfitt geti verið að einblína á hvern nemanda fyrir sig inni í bekk í svo stórum skóla og ef að kennarinn hrósi nemanda inni í stofunni líði hann fyrir það.

Það er svona erfitt að að héddna kannski að hrósa nemandanum mikið oft er hann þá kallaður kennarasleikja þannig að að kennarinn sko sem ég var með... hann... eða hún héddna... hún hrósaði mér stundum bara svona eftir tímann og svona þegar hún hitti mig á ganginum og svona... þú búinn að vera duglegur og eitthvað.

Jón lenti í oft í átökum og notaði þá aðferð að berja frá sér, „ég er ekkert góður að svara fyrir mig en ég er góður að berja frá mér.“ Hann telur að í stærri skólum sé erfitt að hafa góða yfirsýn: „...þá eru ekkert allir að hafa sýn yfir allt saman, þú veist... þetta eru

náttúrulega langir gangar og og margar stofur og annað inni í svona stórum skólum og oft undirmannaðir.“

Jón telur að vegna þess hve oft Valsskóli var undirmannaður hafi verið erfitt að hafa yfirsýn yfir allt sem fram fór í skólanum. „Það geta alveg verið nokkrir árekstrar, einhverjir sem eru að kíta sko. Að ráða við það allt í einu undirmannaðir er ekki hægt.“

Þegar Jón hóf nám við Skeljaskóla átti hann afar erfiða skólagöngu að baki. Honum leið strax betur þar og upplifði styðjandi andrúmsloft. Þar fannst honum eftirsóknarvert að fá hrós og var það eitthvað sem nemendur sóttust eftir. Það voru aldrei nein illindi og ef að nemendum lenti saman var strax tekið á því og menn látnir sættast. Jón segir að í minni skólunum hafi aldrei verið neindir eftirmálar, mönnum hafi lent einu sinni saman en ekki aftur þar sem málin hafi verið kláruð. Þetta hafi meðal annars haft með góða yfirsýn starfsfólks að gera. „Þetta var allt öðruvísi umhverfi, þetta voru það litlir bekkir að það voru tveir bekkir í einum bekk og og héddna og og þannig að kennarinn náði að sinna öllum og og þar byrjaði mér að ganga mjög vel.“

Jón hefur afar góða reynslu af skólastjóra Skeljaskóla. Hann náði vel til hans og Jóni fannst hann vera tilbúinn til að taka á hlutunum á sanngjarnan hátt.

Skólastjórinn hann var bara svona eins og vinur manns. Það var bara... ef þú varst sendur til skólastjórans að þá var eitthvað að og og hvað sem það var þá var hann tilbúinn að taka á því sko... ekki með hörku heldur fór einhvern veginn aðra leið. Hann var þú veist bara að velta fyrir sér hvað væri málið og annað og það hjálpaði svoldið.

Það var erfitt fyrir Jón að þurfa að hætta í skólanum eftir eitt ár þegar hann var sameinaður öðrum. Í kjölfarið var ákveðið að Jón fengi ekki að vera þar áfram. Hann fór því til baka í Valsskóla og allt fór í sama farið og áður.

Jón fór í Klettaskóla þegar hann dvaldi í fóstri og var í 10. bekk. Hann kom inn á miðju skólaári og voru einungis þrjár eða fjórir mánuðir eftir af skólaárinu. Hann upplifði misjafnt viðmót frá skólastjóra og kennurum.

Þú veist... reyndar kennararnir þarna í Klett... á Klettaskóla, einhverjir höfðu komið frá höfuðborgarsvæðinu og flutt þangað og þeir voru, tóku ekki alveg nógu vel í þetta... að ég væri þarna af því þarna var ég bara þú veist... vandræðaunglingur og, og, og nennti ekki að standa í þessu. Kennararnir sem voru frá Kletti e.... þeir voru svona léttari við'edda, fannst allt í lagi að ég væri að koma þarna í sveitina.

Jóni leið þó vel í þessum skóla. Hann upplifði gott andrúmsloft og fannst flestir starfsmenn tilbúnir að vinna með sér. Undantekningarnar voru skólastjórinn og leikfimiskennarinn. Honum fannst alltaf eins og skólastjórinn, sem einnig kenndi honum, hafi ekki verið hlynntur því að hann, „vandræðaunglingurinn“ kæmi inn í skólann. Jón var með vottorð, eða „frípass“ eins og hann sagði, í leikfimi. Leikfimiskennarinn var leiðinlegur við Jón þar sem hann tók ekki þátt í tímanum og hafði það áhrif á að hann var ekki tilbúinn til að byrja aftur í leikfimi eftir erfiða reynslu af henni annars staðar frá. „Ég var ekki alveg tilbúinn að fara að byrja í leikfimi þarna á Kletti af því að hann var að skipa mér að... ég hef aldrei tekið beinni skipun vel.“

Jóni finnst að krakkarnir hafi tekið vel á móti sér í Klettaskóla, sérstaklega stelpurnar, en hann var mest með þeim. Honum finnst að allir hafi verið vinir innan skólans og leið honum vel þar allan tímann.

4.1.2.5 Samskipti við starfsfólk og félag

Misjafnt er hvernig Jón upplifði samskipti við fólk í hverjum skóla fyrir sig. Hann átti strax erfið tengsl við bæði starfsfólk og nemendur í Valsskóla og kennir fyrst og fremst stærð skólans um. Þar hafi verið mikið áreiti, langir gangar og margar stofur og skólinn oft undirmannaður. Þegar hann hóf þar nám aftur í 7. bekk lenti hann í erfiðum félagsskap, fór að reykja og drekka og síðar að neyta vímuefna.

Bæði í Skelja- og Klettaskóla átti Jón góð samskipti við fólk almennt, „það er sko í smærri skólum að þá einhvern veginn hef ég funkerað betur.“ Hann segir að starfsfólk hafi haft þar góða yfirsýn, sérstaklega vegna þess hve skólarnir voru fámennir. Honum finnst að starfsfólk skólanna hafi unnið betur saman og verið „einhvern veginn þéttari.“ Þegar eitthvað kom upp á þá stóð fólk saman og málin voru leyst, svo sem þegar nemendum lenti saman. Þá voru þeir látnir takast í hendur og málið úr sögunni.

Í Klettaskóla tengdist Jón sérstaklega einni stelpunni í bekknum sem hjálpaði honum mikið við námið. Hann segir hana hafa reynst sér einstaklega vel.

Jón segir enga kennara standa sérstaklega upp úr, „yfirleitt man maður eftir þeim slæmu sko, kannski ekki nógur vel eftir þeim góðu.“ Hann tilgreindi þó skólastjóran í Skeljaskóla. Hann hafi reynst sér einstaklega vel.

4.1.2.6 Hvað mætti gera öðruvísi í dag

Jóni finnst skipta máli að starfsfólk standi saman, til dæmis í að því að leysa þau vandamál sem upp komi. Það sé hans reynsla að best hafi tekist til í þeim efnum þegar allir hafi verið kallaðir til sem hlut áttu að máli og málin kláruð.

4.1.2.7 Lífið eftir grunnskóla

Eftir að Jón lauk fóstri, eftir 10. bekk gekk honum strax vel í lífinu. Hann ákvað að fara ekki í skóla heldur vinna og safna sér fyrir sportbíl. Það gekk vel og endaði hann á því að kaupa sér bílinn eftir nokkur ár. Hann reyndi að fara í fjarnám á einhverjum tímamarki en það gekk ekki upp. Hann vann verkefnið en kunni ekkert á forritið sem notað var og klickaði því á að skila þeim inn. Þegar hann mætti svo í próf var hann mjög stressaður. „Ég var svo stressaður þarna að ég bara, ég skjalfaði svona. Síðan eftir það þá hugsaði ég bara skóli er greinilega ekki fyrir mig, ég er bara ekki gerður fyrir skóla... held áfram að vinna.“

Tveimur til þremur árum síðar hóf faðir hans nám og spurði hann Jón hvort hann vildi ekki bara koma með. Hann ákvað að slá til. Hann setti sig í ákveðinn gír áður en hann fór af stað. Hann var eiginlega búinn að gefast upp á skóla en ákvað að reyna.

Ég fór inn með það í huga þú veist... að ég var ekki að hugsa sko ég get þetta ekki, ég var heldur ekki að hugsa ég get þetta, ég var bara að fara að reyna og það það eru rosa góðir kennarar hjá hérna... og þá sá ég það að ég gat þetta alveg. Þetta var ekkert mál með flottar einkannir... þar byrjaði eiginlega skólinn hjá mér.

Nú er Jón að læra iðngrein sem hann stefnir á að vinna við. Með skóla vinnur hann í fjölskyldufyrirtæki þar sem hann sér framtíð sína blasa við.

4.1.3 Anna

Anna er 25 ára gömul. Hún ólst upp hjá móður sinni og hafði lítið samband við föður sinn fyrr en á unglingsárum.

Ég þekki Önnu. Þegar hún var barn staldraði hún við á stað þar sem ég vann á þeim tíma. Við höfum verið í sambandi æ síðan, ekki reglulega, en alltaf heyrst af og til. Við gerðum nokkrar tilraunir til að hittast. Alltaf kom eitthvað uppá, en loks tókst það.

Anna er sjálfri sér lík, glöð og kát og hefur frá miklu að segja. Hún segist ekkert endilega muna margt úr skólagöngu sinni, en ef reynsla hennar geti hjálpað þá sé hún meira en tilbúin að segja sína sögu.

Anna hefur verið að vinna í að byggja sig upp á undanförunum árum. Það gengur nokkuð vel. Hún er í vinnu af og til, en ekki sem stendur. Hún er í góðum samskiptum við bæði móður og föður sem og hluta af því fólki sem hún fór í fóstur til.

4.1.3.1 Grunnskólaganga Önnu

Tímabil	Grunnskóli	Dvalarstaður
1.-2. bekkur	Birkiskóli	Hjá móður
3.-4. bekkur	Asparskóli	Hjá móður
5.-7. bekkur	Eikarskóli	Hjá móður og fósturföður
8. bekkur	Mosaskóli	Á fósturheimili
9. bekkur	Eikarskóli	Hjá móður
9. bekkur	Furuskóli	Á fósturheimili
10. bekkur	Heimakennsla	Á fósturheimili

Anna hefur stundað nám við nokkra skóla, meðal annars við þrjá vegna flutninga móður. Hún segist aldrei hafa eignast vini í bekknum sínum og eigi það við alveg frá því hún var í 1. bekk. Anna var sett í sérkennslu þegar hún hóf nám við nýjan skóla í 3. bekk og síðan í sérdeild eftir að hún flutti með móður sinni í nýtt sveitarfélag og hóf því nám við nýjan skóla. Hún veit ekki af hverju en telur að það hafi verið vegna þess að hún var lögð í einelti. Hún segist hafa hegðað sér illa, lært lítið og mætt stopult í skóla vegna vanlíðunar. Anna var send á fósturheimili sumarið áður en hún hóf nám í 8. bekk og stundaði þá nám í sérdeild við Mosaskóla ásamt nokkrum öðrum fósturbörnum.

Sumarið fyrir 8. bekk þá allt í einu var ég bara á leiðinni út í sveit. Útaf, eða þú veist náttúrulega út frá, frá þeirra bæjardyrum séð hvernig ég hagaði mér en frá mínum tók maður því kannski skilurðu þú veist, fannst ég ekki hafa gert neitt rangt og bara senda mig á svo vitlausum forsendum. Sko maður er einhvernvegin tekinn út úr lífinu á Eikarnesi án nokkurs, en kemur svo þarna, er samt ekki partur af skólanum eða þú veist maður upplifði það bara svona mjög skrítið.

Ári síðar fór hún heim til móður sinnar og hóf aftur nám við Eikarskóla. Það gekk ekki og var hún þá aftur send í fóstur, nú á nýjan stað. Sú skólaganga reyndist henni erfið og endaði hún grunnskólagöngu sína á því að vera í heimakennslu á fósturheimilinu.

Þegar Anna var spurð að því í hvaða skóla henni hafi liðið best svaraði hún: „Örugglega í skólanum á Eikarnesi því þar gat ég alltaf flúið heim skilurðu þegar mig langaði“

4.1.3.2 Móttaka í grunnskóla

Anna man ekki eftir að hafa fengið sérstaka kynningu á þeim skólum sem hún gekk í. Henni er sérstaklega minnisstætt að hafa bara tekið skólabílinn fyrsta daginn þegar hún mætti í Furuskóla, þar sem hún var hluta úr 9. bekk og mætti bara í skólann.

Önnu finnst hún allt of oft hafa farið beint í einhvers konar sérdeild þegar hún mætti í nýjan skóla án þess að fá að vita hvers vegna.

4.1.3.3 Námsframvinda

Anna hefur átt erfitt í skóla alveg frá því í 1. bekk. Henni leið strax illa og eignaðist ekki vini. Hún man fyrst eftir sér í sérkennslu þegar hún var í 3. bekk, þá nýkomin í Asparskóla.

Þegar Anna var að hefja nám í 5. bekk flutti hún búferlum og hóf því nám við nýjan skóla þar sem hún var sett beint í sérdeild. Henni var strítt mikið vegna líkamlegra einkenna og vegna þess hvernig rödd hennar var. Hún segist sjálf hafa orðið fyrir einelti þarna og því haft litla einbeitingu til að sinna námi.

Anna segir að sér hafi alltaf verið illa við að vera tekin út úr bekknum og að sú aðstoð sem hún fékk hafi ekki nýst henni vel. Þegar hún var spurð hvort stærðfræðiaðstoð sem hún fékk hafi nýst sagði hún: „Nei, ég kann ekkert ennþá í stærðfræði, eða þú veist ég mundi örugglega vera mjög góð í henni ef ég hefði einhvern áhuga á henni.“

Anna var síðan send á fósturheimili þegar hún var að hefja nám í 8. bekk. Þaðan stundaði hún nám við Mosaskóla. Hún man lítið eftir hvernig henni gekk þar námslega. Eftir það fór hún í stuttan tíma aftur heim og síðan á nýtt fósturheimili og stundaði þá um tíma nám í Furuskóla. Þar var hún í almennum bekk. Það gekk ekki vel og endaði hún grunnskólagöngu sína á því að fá heimakennslu, sem einn fósturaðilinn sinnti. Þá gekk henni þokkalega námslega.

4.1.3.4 Viðmót starfsfólks og skólafélaga

Anna fann sig aldrei í grunnskóla. Það koma fljótt í ljós að hún átti erfitt með að tengjast fólki almennt. Hún man lítið eftir því fólki sem sinnti henni fyrstu árin. Henni fannst alltaf ósanngjarnt að fá ekki að vera inni í bekk og lítur á það þannig í dag að hún hafi verið lögð í einelti í skóla alveg frá því hún hóf grunnskólagöngu sína. Hún telur að einelti í upphafi skólagöngu hafi orðið til þess að hún hegðaði sér ávallt illa í skóla. „Ég bara gat ekki hegðað mér... ég held að bara af því að ég var lögð í einelti í skólanum áður og þá verður maður... kannski í einhverju eins og svona ólátagangi eða þannig skilurðu.“

Þegar Anna fór svo í 8. bekk í Mosaskóla, meðan hún dvaldi á fósturheimili fór hún beint í sérdeild ásamt öðrum börnum í sömu stöðu. Henni fannst kennararnir lítið gefa sig að sér og vera sífellt að hóta krökkunum í deildinni.

Þegar maður var að gera eitthvað sem þeir kannski vildu ekki eða hagaði sér eitthvað illa eða talandi í tíma eða eitthvað þá þú veist, var manni oft hótað skilurðu með því að þeir ætluðu að tala við þau uppfrá. Já, svo annar þeirra, ég man ekki hvor það var, var alltaf með, eða mjög oft allavegana með reglustikuna á lofti, berjandi í töfluna.

Anna hefur ekki góða reynslu af skólastjóra sama skóla. Hún segir hann hafa verið afar ókurteisan manni, „í huganum á mér þegar ég hugsa til baka um Flosa þá, þá er hann í huga mínum voðalega svona ókurteis maður“.

Þegar Anna fór á nýtt fósturheimili og hóf nám í Furuskóla fékk hún loks að fara inn í almennan bekk. Hún man ekki mikið eftir því og tengdist ekki fólki þar frekar en annars staðar. „Ég eiginlega... man ekkert almennilega eftir því hvernig ég upplifði það. Mér leið illa í skólanum, mér finnst maður kynntist engum eða talaði ekki við neinn.“

Anna upplifið sig alltaf svolítið utangarðs í skóla og hefur í raun lítið um viðmót starfsfólks almennt að segja. Hún man til dæmis ekki hvort hún hafi tekið þátt í uppákomum eins og litlu jólum og árshátíð. Helst standa upp úr hlutir eins og hótanir, þegar lamið var í borðið, ókurteisi og þess háttar af hálfu starfsfólks.

4.1.3.5 Samskipti við starfsfólk og féлага

Anna segist nánast aldrei hafa eignast vini í grunnskóla. Hún hafi alla tíð átt erfitt með að tengjast fólki og hafi það litað skólagöngu hennar. „Ég fittaði hvergi inni eða sko ég eignaðist aldrei neina vini í bekknum mínum, þú veist... ég veit ekkert endilega af hverju.“

Eina undantekningin á því er þegar hún kynntist stelpu sem var nýbyrjuð í Eikarskóla, heimaskóla Önnu, þegar hún fór þangað í smá tíma áður en hún fór aftur í fóstur.

Það eina sem breyttist var að það var önnur stelpa sem þú veist var líka svona utangarðs sem hafði verið í skólanum líka árið áður, þú veist þá var ég náttúrulega ekki þú veist og við urðum vinkonur. Þannig að ég átti svona vin skilurðu.

Þegar Anna var spurð hvort það hafi verið henni mikils virði svaraði hún: „Já, það gefur manni eitthvað, það er þá allavega tilbreyting, þú veist... það var fínt sko.“

Anna var líka í góðum tengslum við dreng sem dvaldist á sama fósturheimili og hún og stundaði nám við sama skóla. Hún segir að þeim hafi ekki liðið neitt sérstaklega vel, hvorki á fósturheimilinu né í skólanum en þau hafi haldið lífinu hvort í öðru. „Ég mundi segja að hann hafi bara haldið í mér lífinu þarna í Furuskóla eða þú veist, við í hvort öðru.“

Anna segist líka hafa verið í góðum samskiptum við önnur börn í sérdeildinni þar sem hún var í fóstri fyrst. Þar voru nokkrir krakkar frá fósturheimilinu sem hún dvaldi á og tveir „vandræðadrengir“ sem bjuggu á staðnum.

Anna tengdist ekki mörgu starfsfólki í gegnum skólagöngu sína. Hún nefnir þó sérstaklega einn gangavörð sem náði vel til hennar í Eikarskóla, heimaskólanum. „Já, ég á einn gangavörð sem sem mér fannst alveg frábær, ég tala við hana alveg enn þann dag í dag.“

Þá mundi hún eftir myndmenntakennara í Mosaskóla. „Hann var alveg frábær. Mjög hress maður, hann bara var svo bara... skemmtilegur. Það kæmi mér ekkert á óvart ef hann hefði þú veist verið þessi krakki þegar hann var krakki.“

Önnu leið aldrei vel í grunnskóla og hefur almennt ekki góða reynslu af þeirri stofnun. Henni fannst hún aldrei fá skýringar á því hvers vegna hún fékk ekki að vera inni í almennum bekk. Hún tengdist illa og fann sig aldrei sem part af skólasamfélaginu. Fáir töluðu við hana og hún var mikið ein.

Um, það var náttúrulega þannig... verið að gera smá gys að mér og þú veist... bæði af því ég labbaði þú veist svona skrítið og og talaði þínu ráð og þá náttúrulega, þú veist, skánaði hegðunin ekkert... ég bara hegðaði mér illa, lærði illa, mætti illa.

4.1.3.6 Hvað mætti gera öðruvísi í dag

Þegar Anna var spurð hvað mætti gera öðruvísi í dag fyrir börn í hennar stöðu svaraði hún því til að hún myndi vilja sjá að í stað þess að börn séu tekin út úr bekknum sé fengin aðstoðarmanneskja þar inn til að sinna öllum sem þurfa á hjálp að halda. „Ég held að það skipti öllu máli. Að þau finni... það er ekki bara tilfinningin að vera tekin að heiman og... heldur líka að að upplifa þú veist félagslegan þorska sem allir þurfa.“

4.1.3.7 Lífið eftir grunnskóla

Eftir að Anna lauk grunnskóla lenti hún í óreglu um tíma. Hún fór í meðferð og náði sér upp úr henni. Hún hefur ýmist búið hjá móður eða föður og stundum leigt íbúð sjálf. Í dag býr hún hjá móður, vini og vinkonu til skiptis og er að vinna mikið í sjálfri sér. Eitt af því sem hún gerir er að skrifa ljóð sem hjálpar henni að takast á við tilfinningar sínar. Eins og

áður hefur komið fram átti Anna oft á tíðum erfiða æsku og situr enn uppi með margt sem hún ekki skilur.

4.1.4 Guðmundur

Eftir að mér hafði verið bent á að hafa samband við Guðmund áttaði ég mig á að við höfðum hist áður þegar hann var átta ára gamall. En þá kom hann í mjög stuttan tíma á heimili þar sem ég starfaði. Ég hef ekki fylgst með honum síðan og þekkti hann mig ekki þegar við hittumst. Ég hafði samband við hann fyrst í gegnum síma og sagði honum þá hver ég væri. Hann taldi að það myndi ekki trufla hann gagnvart því að taka þátt í rannsókninni.

Við hittumst á fósturheimili Guðmundar, þar sem hann dvelur enn. Það var gaman að hitta hann aftur eftir öll þessi ár. Hann er orðinn 19 ára gamall, ungur og myndarlegur maður. Hann er stæltur og vel á sig kominn. Guðmundur hefur fallett bros sem hann sparaði nokkuð, að minnsta kosti til að byrja með.

Fyrstu árin ólst Guðmundur upp hjá móður sinni. Hann fór snemma inn á meðferðarstofnanir og endaði í langtímafóstri níu ára gamall. Hann var mjög reiður yfir að fá ekki í gegn það sem hann vildi eftir skilnað forelda sinna. Eftir viðkomu á nokkrum stofnunum fór hann í fóstur úti á landi þar sem hann á heimili enn þann dag í dag. Þar líður honum vel og er nú að leggja grunn að eigin framtíð. Hann er í góðri vinnu og stefnir á að kaupa sér íbúð með kærustunni á næstu mánuðum.

4.1.4.1 Grunnskólaganga Guðmundar

Tímabil	Grunnskóli	Dvalarstaður
1.-2. bekkur	Unuskóli	Hjá móður
2. bekkur	Skóli á stofnun	Á stofnun
3. bekkur	Skeggjaskóli	Á fósturheimili
4. bekkur	Krummaskóli	Á fósturheimili
5.-10. bekkur	Hæðarskóli	Á fósturheimili

Grunnskólaganga Guðmundar var brokkgeng, sérstaklega til að byrja með. Fljótlega eftir að hann byrjaði í skóla fór hann inn á stofnun til greiningar. Þar stundaði hann nám á milli þess sem hann var heima og gekk þá í Unuskóla. Þegar Guðmundur var átta ára gamall

var hann sendur á fósturheimili. Hann fór þá í sérdeild Skeggjaskóla þar sem fleiri börn af fósturheimilinu stunduðu nám. Hann staldraði þar stutt við og var þá sendur í langtímafóstur.

Fyrsta árið fékk hann ekki inngöngu í grunnskólann á staðnum og var því keyrður í sérskóla, Krummaskóla sem var á höfuðborgarsvæðinu. Ári síðar fékk hann svo inni í Hæðarskóla, sem var ekki langt frá fósturheimilinu. Þar stundaði hann nám út allan grunnskólann. Guðmundur neitaði alltaf að mæta í skólann í kringum jólin þegar mikið uppbot á starfinu átti sér stað. Þegar hann var svo kominn í 10. bekk fór hann að mæta mjög illa, „sko ég held ég hafi mætt eitthvað fyrri og svo í endann bara á seinni önninni.“ Hann kláraði samt skólann og tók eitthvað af lokaprófunum.

4.1.4.2 Móttaka í grunnskóla

Guðmundur man lítið eftir því hvernig tekið var á móti honum í grunnskóla þar til hann er kominn í langtímafóstur níu ára gamall. Til að byrja með var honum neitað um skólavist í þeim skóla sem tilheyrði fósturheimilinu og var hann því keyrður einu sinni eða tvisvar í viku á höfuðborgarsvæðið þar sem hann fór í sérskóla, Krummaskóla. „Ég var hérna í fóstri sko, þau keyrðu mig alltaf í bæinn, bæjarstjórinn hérna vildi ekki fá mig í skólann ef ég man rétt. Ég var einu sinni í viku held ég í Krummaskóla ef ég man rétt, einu sinni eða tvisvar.“

Þegar Guðmundur var spurður að því hvernig hann hafi upplifað það sjálfur að fá ekki að fara í Hæðarskóla svaraði hann: „Já, leiðinlegt ef ég man rétt.“

Ráðinn var bílstjóri, Ragnar til að keyra hann í skóla á höfuðborgarsvæðið. Eftir ár í Krummaskóla fékk Guðmundur loks leyfi til að stunda nám við Hæðarskóla. Þó fyrsti skóladagurinn hafi ekki endað vel fékk hann kynningu á skólanum.

Skólabílstjórinn hann var með mér allavega, þú veist alveg með mér í tímum... jú jú mér var alveg sýnt þarna um og héddna... fyrsta daginn, jú jú... hann endaði svosem ekkert sérstaklega vel en héddna mér var sýnt skólinn og kynnt fyrir öllu.

Guðmundur segist hafa verið kynntur fyrir bekknum eins og alltaf sé gert og upplifir ekki að það hafi verið tekið á móti sér með öðrum hætti en öðrum börnum. Hann hélt þó ekki út fyrsta daginn og fór fyrr heim.

Guðmundur var strax settur inn í almennan bekk og boðið að taka þátt í öllum þeim fögum sem hann vildi. Til að byrja með fannst honum eins og krakkarnir í skólanum vildu

ekki tala við hann. Hann sagði að þau hafi í raun aldrei verið vond við sig bara ekki talað við sig.

Sko, hérna í Hæðarskóla, ég man eftir því sko... þá náttúrulega virtist enginn bara vilja tala við mig sko og hérna, krakkarnir sko, eins og það væri bannað fyrir þeim. Ég veit það að sko fólkið hérna margt þeirra, út af einhverju þá hérna eru þeir rosalega á móti okkur hérna, ég veit ekki hvað það er... svo hérna breyttist það í skólanum sko, krakkarnir fóru að tala við mig.

Þegar Guðmundur var spurður hvort hann hafi þá smátt og smátt orðið meiri partur af skólanum svaraði hann: „Já svona, ég reyndi samt bara alltaf að vera einn út í horni sko.“

4.1.4.3 Námsframvinda

Guðmundur átti erfitt með nám og var alltaf aðeins á eftir bekkjarfélögum sínum. Þegar hann hóf nám í 1. bekk í Unuskóla var hann reiður ungur drengur. Svo fór að ári síðar var hann farinn að vera meira og minna inn og út af meðferðarstofnun. Á stofnuninni var grunnskóladeild sem hann sótti og var hann hvattur til náms af starfsfólkinu þar.

Guðmundur var sendur á fósturheimili átta ára gamall. Þar dvaldi hann um tíma með nokkrum öðrum fósturbörnum og sótti skóla þaðan. Þá var hann enn mjög reiður og fór lítið fyrir námi. Þegar hann fer svo í langtímafóstur og fyrst í Krummaskóla upplifði hann ekki að mikið nám færi fram. „Ég man bara það að ég var voðalega mikið í sömu bókinni, já í hverri viku sko.“

Þegar Guðmundur fékk svo að fara í skólann sem tilheyrði fósturheimilinu, Hæðarskóla, var hann að öllu jöfnu inni í almennum bekk og látinn fylgja námsefninu eins og hægt var. „Ég var alltaf aðeins eftir, ég man bara að ég var tekinn úr dönsku.“ Þegar hann var spurður hvað hann hafi gert á meðan svaraði hann: „Ég þurfti bara að læra íslenskuna betur.“ Hann sagðist alfarið hafa neitað að mæta í íþróttir en líkaði vel að vera í smíði. „Jú jú smíði og svona, málmsmíði, við erum með málmsmíði þarna þegar við erum komin í 8. 9. og 10 og þá þú veist, það var fínt.“

Þegar Guðmundur var kominn á unglingsár mætti hann á köflum illa í skólann. Ákveðið var að hann fengi að fara í starfsnám einu sinni í viku á bílaverkstæði. Það líkaði honum vel og sagðist hann alltaf hafa mætt þar, þó hann hafi skróað í skólanum, „það náttúrulega kveikti upp áhugamálið og það hjálpaði mér svoldið... Já, ég lærði rosalega mikið það, það hjálpaði alveg rosamikið.“

4.1.4.4 Viðmót starfsfólks og skólafélaga

Guðmundur man eftir kennurunum á stofnuninni sem hann dvaldi reglulega á þegar hann var átta ára gamall og segir þá hafa hvatt sig áfram. Hann man þó helst eftir viðmóti starfsfólks Hæðarskóla, þann tíma sem hann var í fóstri og þar leið honum best. „Mér leið alltaf skást bara hérna í Hæðarskóla sko, kannski það voru bara allir tilbúnir til að hjálpa manni þarna, þó maður nýtti sér það kannski ekki þá.“ Guðmundur segir starfsfólk skólans hafa verið jákætt í sinn garð og að alltaf hafi verið reynt að fá hann til að taka þátt. „Já, mér var boðið upp á allt, alveg sama hvað það var; leikrit eða skólaferðir eða eitthvað.“

Þegar Guðmundur var spurður hvort hann hafi tekið þátt svaraði hann:

Já já, nokkru sinnum sko. Ég lék í tveimur leikritum alveg og eða eitthvað svona. Ég fór tvo daga í skólabúðir held ég... það var sama hvað það var mér var boðið upp á það, ég yfirleitt neitaði því samt.

Guðmundur segist þó aldrei hafa notið þess að taka þátt í slíku. „Nei, ég sá alltaf eftir því sko að hafa sagt já. Mér fannst þetta alltaf bara fáránlegt.“

Ragnar var lykilmaður í lífi Guðmundar á þessum tíma. Hann var bílstjórinn, stuðningsaðilinn, sérkennarinn og góður vinur. Hann kom alltaf einstaklega vel fram við Guðmund.

4.1.4.5 Samskipti við starfsfólk og félag

Guðmundur man helst eftir samskiptum við starfsfólk Hæðarskóla, enda orðinn tíu ára gamall þegar hann hóf nám þar. Bílstjórinn er honum sérstaklega hugleikinn „ég myndi segja kannski Ragnar hérna sem var með mér þarna, keyrði mig á milli og var með mér í tímum. Já, ég hugsa að ég hérna kynni ekki að lesa ennþá ef hann hefði ekki hjálpað mér sko“. Ragnar sótti Guðmund á fósturheimilið á morgnana, var með honum í skólanum og keyrði hann heim þegar skóla lauk.

Fyrstu árin í Hæðarskóla átti Guðmundur enga vini. Hann sagðist ekki hafa eignast vini fyrr en hann var kominn í 8. bekk, „þá eignaðist ég vini hér og og 9. bekkurinn var fyrsta árið sem ég mætti, sem sagt mætti alltaf þangað“. Hér er hann að vísa í skólann. „Þeir komu oft hérna, ég átti nokkra vini.“ Þegar Guðmundur var spurður hvort hann hafi þráð að eignast vini fyrr svaraði hann: „Sko ég ætlaði mér ekkert að eignast vini þarna sko, það bara skeði skilurðu. Þeir fóru bara að tala við mig skilurðu og ég ... þeir reyndu alltaf fyrst, ég náttúrulega bara, vildi bara vera einn sko.“ Enn þann dag í dag býr Guðmundur að þessari vináttu og er hann nánast í daglegu sambandi við einn þeirra og hittast þeir oft.

Guðmundi leið best í Hæðarskóla. Þar upplifði hann hvetjandi andrúmsloft meðal starfsmanna og vildu allir hjálpa honum sem best. Skólinn reyndi að mæta þörfum hans og fór hann meðal annars í starfsnám einn dag í viku þegar hann var í 8. eða 9. bekk.

Þegar Guðmundur var spurður að því hvort hann hafi stundum verið sendur til skólastjóra svaraði hann:

Bara til að fá aðstoðina eiginlega, ég náttúrulega... jú það kom einhver og talaði við mig og hann talaði við mig og svo kannski kom ég til skólastjórans og hann talaði við mig og svo það maður afsökunar og svo hélt áfram bara.

Guðmundur sagðist hafa kynnst skólastjórnendum „voða lítið eða þú veist maður svona spjallaði við þá“.

4.1.4.6 *Hvað mætti gera öðruvísi í dag*

Guðmundur segist vilja hafa séð skólagöngu sína einhvernveginn öðruvísi. Þá horfir hann fyrst og fremst á eigin hegðun. „Það mátti kannski sleppa því að vera svona þver og héddna og héddna, bara kannski að já hlusta á aðra, vera meira með og kannski hérna læra aðeins betur eitthvað... í rólegheitum og svona ég tók það ekkert inn.“

4.1.4.7 *Lífið eftir grunnskóla*

Guðmundur reyndi að fara í framhaldsnám eftir grunnskóla. Eftir einn dag sá hann að það hentaði honum ekki, „nei, þetta er of mikið af fólki fyrir mig sko, mér líkar ekki við fólk.“ Hann fór þá að vinna á Kletti sem er næsta bæjarfélag við fósturheimilið.

Það var mikið frelsi fyrir Guðmund þegar hann fékk bílpróf. Hann átti þá þegar sinn eigin bíl og gat nú farið frjáls á milli staða. „Svo keypti ég mér bíl, hann hjálpaði mér að laga hann (fósturfaðirinn) þannig að þegar ég fékk bílpróf þá var ég bara á flottum bíl og góðum bíl.“ Guðmundur fer oft á rúntinn með besta vini sínum sem er einn þeirra sem hann kynntist í 8. bekk. Sú vinátta er honum mjög dýrmæt. „Einn þeirra er bara mjög góður vinur minn sko, bara endanlega og og hérna hann hefur alveg hjálpað mér í gegnum ýmislegt sko.“

Eftir að Guðmundur hætti að vinna á Kletti fór hann að vinna fyrir sunnan, hann á þó enn sitt heimili í sveitinni hjá fósturforeldrum.

Í dag er Guðmundur sáttur við lífið. Hann er í fullri vinnu, á kærustu og stefna þau á að kaupa sér íbúð innan tíðar. Hann segir fósturforeldra sína, þau Láru og Sigga hafa reynt sér vel bæði í námi og í lífinu almennt. Sigggi hafi meðal annars hjálpað sér að gera

við bíla sem hafi veitt honum mikla ánægju. Hann þakkar líka Ragnari, bílstjóranum með meiru sem fylgdi honum meira og minna allra sinna ferða þar til hann lauk grunnskóla.

4.1.5 Lára

Láru kynnist ég þegar hún var 10 ára gömul. Þá kom hún inn á heimili þar ég starfaði og dvaldi þar í tæpt ár. Hún var eftirminnilegur krakki, síkát og gladdi alla þá sem voru í kringum hana. Ég hef lítillega fylgst með henni síðan, en óraði ekki fyrir að hún byggi yfir svo víðtækri grunnskólasögu sem raun ber vitni.

Við ákváðum að hittast á kaffihúsi þar sem við hefðum tækifæri til að vera sem mest út af fyrir okkur. Lára er sjálfri sér lík; hógvær, örlítið feimin til að byrja með og stutt í fallett bros. Það var gaman að hitta Láru og áttum við gott spjall um daginn og veginn áður en viðtalið hófst.

4.1.5.1 Grunnskólaganga Láru

Tímabil	Grunnskóli	Dvalarstaður
1.-3. bekkur	Grunnskóli Fannafoldar	Hjá báðum foreldrum
4. bekkur	Hveraskóli	Hjá móður
4. bekkur	Steinaskóli	Á stofnun
5. bekkur	Mánaskóli	Í fóstri
6. bekkur	Álfaskóli	Hjá móður
6. bekkur	Ljósaskóli	Í fóstri
7. bekkur	Skýjaskóli	Hjá móður
7. bekkur	Grunnskóli Fannafoldar	
8. bekkur	Hjarðarskóli	Hjá móður
8. bekkur	Sérúrræði	Hjá móður
8. bekkur	Hveraskóli	Hjá móður
9. bekkur	Sérúrræði	Á stofnun
10. bekkur	Helguskóli	Í fóstri

Grunnskólasaga Láru er skrautleg. Hún kom víða við og stundaði nám í ellefu skólum eða skólaúrræðum og fór tvisvar í tvo þeirra. Hún bjó ýmist hjá móður eða föður, fór á stofnanir, var í fóstri eða á meðferðarheimili. Á grunnskólaárunum einkenndist líf Láru af mótþróa og fór það fyrst að hafa veruleg áhrif þegar móðir hennar greindist með alvarlegan sjúkdóm og þær mæðgur fluttu á höfuðborgarsvæði í kjölfarið. Þá var Lára að hefja nám í 4. bekk.

Ég svona reyndi svo mikið að stjórna og svona bara neitaði að mæta, þetta var bara riflildi á morgnana og mamma kom mér ekki í skólann og þá þurfti að prófa eitthvað annað og gera eitthvað nýtt og eitthvað en það datt samt engum í huga að þú veist svona... spyrja mig af hverju, líður þér ekki vel í skólanum eða hvað er vandamálið þú veist, það var ekkert mikið verið að spá í því. Það var bara einblýnt á að ég væri í svona svona mótþróa.

Eftir að hafa verið send á stofnun og greind með ofvirkni á háu stigi er Lára send á fósturheimili. Þar stundar hún nám í Mánskóla í 5. bekk. Ári síðar fer hún aftur heim og í nýjan skóla, Álfaskóla. Þar var sama sagan og áður, Lára neitaði að mestu að mæta í skólann. Hún var þá send aftur í fóstur, á nýjan stað og í nýjan skóla. Henni leið mjög illa þar, bæði á fósturheimilinu og í skólanum, en lauk þar námi í 6. bekk. Þá flyst hún aftur til móður og fer nú í Skýjaskóla. Þegar það gekk ekki var ákveðið að senda hana til föður síns sem bjó enn á sama stað og áður. Lára fór því aftur í Grunnskóla Fannafoldar. Það gekk vel framan af en fljótlega fór henni að líða illa heima fyrir og smitaði það inn í skólann með slæmri hegðun. Þegar Lára fer svo í 8. bekk er hún aftur flutt til móður sinnar og hefur nú nám við Hveraskóla, þangað sem hún fór fyrst eftir að hafa flutt til höfuðborgarinnar. Það gekk strax illa og var hún þá send í sérúrræði á vegum bæjarfélagsins. Þar leið henni vel en það var einungis hugsað til sex vikna og fór hún því í enn einn skólann eftir það. Í Hjarðarskóla var hún í sérdeild fyrir unglunga í vanda. Fljótlega var hún svo komin inn á meðferðarstofnun á höfuðborgarsvæðinu og fór þaðan á meðferðarheimili út á land og lauk grunnskólagöngu sinni þar.

Í dag er Lára mjög bitur út í barnaverndarkerfið og finnst að ekki hafi verið rétt tekið á sínum málum. Henni finnst að hvorki hún né móðir hennar hafi verið hafðar með í ráðum þegar teknar voru afdrifaríka ákvarðanir og að hún hafi bara átt „að vera litla strengjabrúðan og gera allt sem allir eru að segja mér.“

Ég held hún hafi aldrei ráðið, eins og ég sagði það bara, hún stimpluð því hún var með sjúkdóm og þá var bara ákveðið að hún gæti ekki hugsað um mig. En

þú veist, mamma er alveg jafn góð í dag og hún var þá sko þannig að þetta er bara eitthvert kjaftæði og ég er brjáluð út í kerfið sko.

Lára er meðvituð um að hún sé enn bitur og er ákveðin í að takast á við það með einhverjum hætti. Hún segir þó að Barnaverndarnefnd hafi beðið hana og mömmu hennar afsökunar á því hvernig hennar málum var háttað, það sé bara ekki nóg.

4.1.5.2 Móttaka í grunnskóla

Lára kom víða við eftir níu ára aldur og skipti því oft um skóla eða skólaúrræði. Hún man aldrei eftir að hafa fengið einhverja sérstaka kynningu á skólanum áður en hún mætti í fyrsta sinn, „maður mætti bara.“ Þegar hún var spurð hvort hún hefði þá farið beint inn í bekk án frekari kynningar svaraði hún: „Já, mig minnir það bara, bara beint inn í bekk.“

Henni leið þó misvel og átti auðveldara með að aðlagast minni skólum eða skólaúrræðum en stærri.

4.1.5.3 Námsframvinda

Láru gekk vel að læra í Grunnskóla Fannafoldar þegar hún var í 1.-3. bekk. Þegar hún flutti á höfuðborgarsvæði með móður sinni, níu ára gömul var hún mjög ósatt við að flytja, í miklum mótþróa og alls ekki tilbúin að byrja í nýjum skóla.

Það sýndi sig fljótt að Lára gat engan veginn einbeitt sér að námi og mætti illa í skólann. Hún var þá send inn á stofnun til greiningar og flakkaði mikið á milli skólans og stofnunarinnar þennan vetur.

Lára greindist með ofvirkni á háu stigi og var stöðugt verið að finna ný lyf sem virkuðu á þessum tíma. „Maður var eiginlega bara eitthvað tilraunadýr á lyfjum þarna á tímabili sko.“ Það fór því lítið fyrir námi þennan veturinn.

Lára er svo send í fóstur þegar hún er að hefja nám í 5. bekk. Þar dvelur hún í um það bil ár ásamt fleiri fósturbörnum. Lára fór þá í Mánaskóla sem var ekki svo langt frá fósturheimilinu. Í þeim skóla leið henni vel og þakkar það fyrst og fremst því að hún skyldi ekki vera sett í sérdeild eins og önnur börn á fósturheimilinu. Henni gekk vel í námi og fylgdi jafnöldrum sínum alveg eftir.

Lára fer svo heim sumarið eftir og hefur nám við nýjan skóla, Álfaskóla. Mömmu hennar hafði liðið vel í þeim skóla þegar hún var barn og vonaðist til að það sama gerðist með Láru. Það varð ekki. Vandamálið snérist þó ekki um skólann heldur líðan Láru. Hún var reið út í móður sína fyrir að hafa flutt á höfuðborgarsvæðið og samþykkja svo að hún færi í fóstur. Hún ætlaði því ekki að fara að gera henni það til geðs á láta skólann ganga upp. Þegar hún mætti sinni hún þó náminu og átti hún sömuleiðis einhverja vini þar. „Ég

sé'etta í dag eins og ég hafi bara verið að refsa mömmu fyrir að hafa hafa samþykkt þetta allt skilurðu að setja mig í burtu skiluru.“ Það var því ákveðið að senda hana aftur í fóstur, nú á nýtt heimili og nýr skóli tók við. Láru leið illa á fósturheimilinu. Hún mætti þó í skólann, valdi það frekar en að „hanga“ heima. Henni gekk ágætlega námslega en leið samt aldrei vel.

Þegar Lára hefur nám í 7. bekk er ákveðið að senda hana í einkarekinn skóla á höfuðborgarsvæðinu. Þar var hún í nokkrar vikur, en fann sig engan veginn. Námsstilhögunin hentaði henni ekki og var ákveðið í kjölfarið að senda hana til föður síns á gamlar heimaslóðir. Þetta var það sem hún hafði alltaf viljað og fékk því nú loks framgengt. Þar leið henni vel til að byrja með og allt gekk eins og í sögu. Hún fékk góðan umsjónarkennara sem hjálpaði henni mikið, sérstaklega með stærðfræði, sem hún var ekki góð í. „Héddna hann gerði allt sem hann gat til að láta mig skilja og hann náði að láta mig skilja stærðfræði. Hann bara tók mig í einkatíma og bara allt sko.“

Þegar Lára var búin að vera um það bil mánuð í skólanum fór henni að ganga verr. Samskiptin heima fyrir voru erfið og og hafði það bein áhrif inn í skólann. Lára fór að sýna ögrandi hegðun í tímum og var oft rekin fram á gang. „Og út af því að þau samskipti voru svona erfið þá smitaðist það inn í skólann skilurðu og ég byrjaði bara að vera í mótþróa.“

Lára kláraði þó 7. bekk í Grunnskólanum Fannafold og fékk þar síðustu einkunnirnar sínar úr grunnskóla. Eftir það fór hún aftur til móður sinnar og hefur nú nám við nýjan skóla, Hjarðarskóla. Það gekk strax illa.

Enn og aftur er nýr skóli og maður er bara svona, maður nennir'essu ekki lengur. Maður nennir ekki einu sinni að fara þadna. Ég nennti ekki einu sinni að mæta fyrsta daginn skiluru, það var bara ekki einu sinni gefið þessu séns sko og þá fer ég í þennan litla skóla.

Þessi litli skóla var tímabundið sérúrræði sem sveitafélagið bauð uppá fyrir unglunga í vanda. Þarna voru fimm unglingar saman komnir. Þarna leið Láru nokkuð vel. Það fór ekki mikið nám fram, hún mætti þó á morgnana og tók þátt í því sem fram fór.

Eftir að hafa verið í þessu úrræði í um það bil sex vikur fór Lára inn í eins konar sérdeild í Hveraskóla, þar sem hún hafði verið áður. Þar voru ellefu unglingar saman sem áttu við hegðunarvanda að stríða. Þarna fór heldur ekki mikið nám fram, en hún mætti í skólann.

Þegar Lára fer svo í 10. bekk er hún komin á meðferðarheimili að Helgúvík. Þar stundaði hún nám í Helguskóla ásamt öðrum unglingum af heimilinu. Þeir voru keyrðir

saman í skólann á morgnana og fóru þá inn í eins konar sérdeild. Lára mætti vel í skólann og var dugleg að læra.

Það var þaddna reynt eitthvað íslenska og stærðfræði en maður var alltaf í einhverju fyrir 7. bekk skiluru, en þú veist það var samt alveg það sem þau ákváðu. Ég held að ef að manni hefði verið rétt 10. bekkjar efni þá hefði ég alveg getað gert það.

5.1.5.4 Viðmót starfsfólks og skólafélaga

Þegar Lára flutti á höfuðborgarsvæðið, níu ára gömul fór hún úr átta til tíu manna bekk þar sem allir þekktu alla yfir í einn stærsta skólann á höfuðborgarsvæðinu, Hveraskóla. Það urðu henni mikil vonbrigði. Nú þekkti hún engan og var misskilin af öðrum nemendum.

...en á Fannafold var það ekkert mál það var öllum sama ég var bara Lára, svo breyttist allt þegar ég kem þaddna. Þá er ég allt í einu orðin ein og þekki engan í 4. bekk og bara... ég man bara hvað mér leið illa þaddna, ég neitaði að mæta.

Láru leið illa í Hveraskóla og fannst andrúmsloftið ekki gott. Hún var misskilin og vissi ekki hvernig hún ætti að haga sér í svo fjölmennum skóla.

Fyrsti skólinn sem Lára fór í sem fósturbarn var Mánaskóli. Sá skóli var heldur stærri en Grunnskóli Fannafoldar, þar sem hún var í 1.-3. bekk. Þar var þó margt sem minnti hana á gamla skólann sinn og fannst henni það gott, „Mánaskóli var bara mjög jákvæð upplifun.“ Lára fékk að vera inni í almennum bekk sem henni fannst gott. Önnur börn á heimilinu voru í einskonar sérdeild. Þó Lára hafi ekki verið í henni sjálf, var hún mjög ósátt fyrir hönd þeirra barna sem þar voru.

Já, ég upplifði þetta bara á mjög jákvæðan hátt en þú veist, ég fann líka alveg fordómna hjá krökkunum gagnvart sérdeildinni, þú veist, ég fékk ekki þessa fordóma á mig af því að ég var inni í bekknum skilurðu og svo var alltaf verið að hvísla um krakkana í sérdeild og eitthvað, bara verið að búa til vandamál... Það var bara búið að búa til, líka af stjórnendum í Mánaskóla að þau væru öðruvísi en hinir skilurðu, mér finnst það ógeðslega ljótt, þú veist.

Lára segir að þegar eitthvað hafi komið upp á í skólanum, til dæmis eitthvað eyðilaggt, hafi krökkunum í sérdeildinni alltaf verið kennt um og að margir krakkarnir í skólanum hafi nýtt sér það „gert eitthvað og svo bara dæma sérdeildina skilurðu.“

Eftir að hafa verið á fósturheimilinu fer Lára aftur heim til móður sinnar og í Álfaskóla. Þar reyndi lítið á viðhorf starfsfólk þar sem hún mætti illa fyrst og fremst vegna eigin gremju.

...er bara svoldið föst í því að ég ætla ekki að gera fólkinu til geðs, ég vil ekki að þau sjái að þetta hafi eitthvað virkað hjá þeim... þú veist þetta var bara ósanngjarnt í mínum huga skiluru og ég vildi ekki að fólk mundi halda þau hafi náð að sigrá eitthvað vandamál með því að setja mig þaddna...þannig að ég bara neitaði að mæta.

Lára segir að þegar hún þó mætti hafi henni liðið vel. Það hafi verið vel tekið á móti henni og hún strax eignast vinkonur, „ég var bara ennþá föst í því að ég bara ætlaði ekki að gera fólki þetta til geðs skilurðu að fá að gera mér þetta.“

Þar sem Lára neitaði að mæta í skólann var ákveðið að senda hana aftur í fóstur, nú á nýjan stað. Hún fór þá aftur í sveit og var nú eina fósturbarnið á heimilinu. Henni leið ekki vel þar né heldur í skólanum. „Það var kannski svoldið tipplað á tánnum í kringum mann.“ Hún upplifði skólann lítinn þar sem allir þekktu alla.

Allir saman í réttum og eitthvað svo kem ég þaddna, allt í einu einhver nýr krakki af höfuðborgarsvæðinu og greinilega einhver vandamál búin að vera því ég er þaddna skiluru, þú veist að maður vissi alveg að var ekkert svona einn af þessum krökkum skiluru.

Lára mætti þó vel í skólann á þessum tíma aðallega til „að gera eitthvað annað en að hanga heima og grenja þegar mann langaði frekar að vera heima skiluru.“ Henni finnst að starfsfólk skólans hefði mátt sýna sér meiri áhuga og reyna að minnsta kosti að kynnast sér.

Bara eða þú veist, sýnt mér meiri áhuga. Ekki bara tala við hana Stínu héddna, hún segir þér hver ég er og hvaðan ég kem og bara já ok og ekki einu sinni reyna að þú veist kynnast manni... allavegana að hafa einhvern metnað fyrir mér líka skilurðu af því að þú veist, ég vildi alveg ger'edda allt saman skilurðu það var bara eitthvað annað sem stoppaði það.

Eftir stutta viðkomu í Skýjaskóla fær Lára loks að fara aftur í sinn gamla heimaskóla og búa þá hjá föður sínum. Henni þótt gott að koma til baka og fara aftur í Grunnskóla Fannafoldar. Þar tóku allir vel á móti henni. Hún fékk góðan umsjónarkennara sem

hjálpaði henni mikið og hún bar virðingu fyrir. Eftir um það bil mánuð fór svo allt að ganga illa heima fyrir og smitaðist slæm hegðun þar inn í skólann. „Þá byrjar svona mótþróinn í skóla, maður eitthvað að standa uppi í hárinu á kennurunum og labba út úr tíma og láta reka sig út úr tíma var náttúrulega algjört sport.“

Lára lagði meðal annars stelpu úr skólanum í einelti til að fá útrás fyrir eigin líðan, „þetta var náttúrulega bara mín vanlíðan frá A til Ö sem að ég tók út á henni.“ Hún þakkar skólanum fyrir hve vel var unnið með það mál.

Það var gripið strax inn í það sem ég er mjög þakklát fyrir í dag. Þannig að þú veist, það endaði bara, það kenndi mér bara góða lexíu sko að vera ekki leiðinleg við aðra og koma fram við fólk skiluru, þannig að skólinn tók mjög vel á því sko.

Lára veltir því fyrir sér hvort það hafi verið auðveldara fyrir hana að sýna þessa hlið á sér í skólanum þar sem hún þekkti starfsfólkið frá fyrri tíð. Fram að þessu hafði hún aldrei hagað sér illa í skóla. Vandinn hafði helst legið heima fyrir. Lára segist þó hafa verið mjög ánægð með að vera komin til baka. Hún hafi bara verið „ógeðslega mikinn töffari“ sem hafði búið á höfuðborgarsvæðinu og búin að fara í fullt af skólum. Henni þótti flott að standa í hárinu á kennurunum fyrir framan hina krakkana og kalla þannig á neikvæða athygli.

Eftir 7. bekk fór Lára aftur til móður sinnar. Hún fór aftur í Hjarðarskóla en gekk ekki vel. „Bara upp úr 8. bekk þá þróaðist þetta út í þetta, bara mótþrói, reykja og eitthvað.“ Hún var þá send í sér skólaúrræði þar sem henni leið mun betur. „Við vorum fimm, þú sérð það ég mæti þaddna, þetta er pinkulítill skóli og ég mæti og ekkert vesen.“ Þó lítið nám hafi farið fram náðu kennararnir vel til Láru og komu vel fram við hana.

Næst fer Lára í sérdeild í Hveraskóla þar sem voru saman komnir ellefu unglingar sem áttu við hegðunarvandamál að stríða. Þarna er Lára komin í nokkuð mikið rugl og erfitt að ná til hennar. Fljótlega er hún svo send inn á meðferðarstofnun á höfuðborgarsvæðinu og stundar um tíma nám þar. Þar fannst henni eins og eingöngu væri verið að láta tímenn líða og að kennarinn hafi alls ekki náð til krakkanna. Að því loknu fer hún í vistun að Helguvík, þá er hún komin í 10. bekk og stundar nú nám við Helguskóla. Þar var hún í sérdeild með öðrum börnum af meðferðarheimilinu. Hún upplifði sig aldrei sem eina af nemendum skólans, heldur eina úr sérdeildinni. „Starfsfólki skólans og öðrum nemendum þarna... það var ekkert verið að segja eitthvað við mann, það var ekki talað við mann.“

Stundum komu allir saman á samverustundir á sal, líka krakkarnir í sérdeildinni.

Þá komu allir úr skólanum, þetta er bara lítill skóli og svo komum við, krakkarnir frá Helguvík og það var bara svona uh,allir horfðu á mann, allir vissu hvar Helguvík var þannig að maður var bara automatískt bara einhver rugludallur.

Lára segir að unglingarnir í sérdeildinni hafi farið að vera með einhverja töffarastæla til að uppfylla væningar fólksins, „Já og af hverju ætti ég þá að eitthvað vilja haga mér vel í kringum þau ef þú ert bara að sýna mér fordóma í rauninni.“ Þegar hún var spurð hvort þau hafi þó alltaf fengið að vera með sagði hún: „Já, það var alltaf tekið okkur og við tókum alveg þátt í því sem við vildum taka þátt í en, en svo var auðvitað margt sem þótti ekki hæfa að hafa okkur með í því við vorum svona krakkarnir frá Helguvík.“

Þegar Lára var spurð hvort hún hefði frekar viljað sjá sig inni í almennum bekk á þessum tíma var hún ekki viss.

Þú veist þau höfðu örugglega ekkert einhvern mikinn áhuga á að fá þú veist svona einstaklinga þaddna inn skiluru. Það er akkúrat málið, það var búið að dæma mann sem einhvern einstakling. Ef ég hefði komið þarna inn og ekkert vitað að ég væri á Helguvík þá bara hefði þetta verið að blómstra sko.

Lára segist næstum getað lofað því að umsjónarkennari 10. bekkjar hefði ekkert viljað sjá þessa krakka inni í stofu hjá sér sem séu sko fordómar. „Þannig að... ég veit ekki alveg hvernig þetta hefði átt að vera þaddna sko... En mér finnst samt bara rosalega stúpid að, að taka fullt af krökkum með mismunandi vandamál og setja þau á einn og sama stað.“

4.1.5.5 Samskipti við starfsfólk og félag

Lára eignaðist oftast einhverja vini í skólunum sem hún gekk í. Hún staldraði yfirleitt stutt við og entist sú vinátta því ekki lengi. Í dag kannast hún við marga og þegar hún var spurð hvort hún væri enn í sambandi við einhverja þeirra svaraði hún: „Ja, ekki í sambandi en heilsum hvor annarri og segja hæ og svona en ég eignaðist vini alls staðar það var aldrei vandamál.“

Lára á fáar jákvæðar minningar um starfsfólk skólanna. Hún man þó sérstaklega eftir umsjónakennara sínum í Grunnskóla Fannafoldar þegar hún var í 7. bekk. Hann hafi lagt sig allan fram við að mynda góð tengsl við hana og reynt að kenna henni eins og hann mögulega gat.

4.1.5.6 *Hvað hefði mátt gera öðruvísi*

Sérdeildin við Mánaskóla er Lára ofarlega í huga þegar hún er spurð hvað mætti gera öðruvísi nú. Henni finnst að fósturbörnum eigi ekki að þurfa að líða eins og þau séu eitthvað öðruvísi, það sé ekki leiðin til að hjálpa þeim.

Það á að gera allt til að þeim líði eins og þau séu partur af venjulegum, venjulegum skóla og líði ekki eins og þau séu geðveikt frábrugðin frá hinum krökkunum, því það er ógeðslega leiðinleg tilfinning svona ungur skilurðu að þú ferð að átta þig á skilurðu... já, þau eru að búa hjá foreldrum og þau mega gera þetta en ég má það ekki.

4.1.5.7 *Lífið eftir grunnskóla*

Þarna lauk grunnskólagöngu Lára. Hún tók þó engin próf og hafði ekkert skírteini í höndunum til vitnis um að hún hafi lokið grunnskóla.

Eftir 10. bekk var Lára enn í vistun á sama stað. Hún reyndi að fara í framhaldsskóla en það gekk ekki upp. Þegar hún flutti svo heim til móður sinnar á ný fór hún fljótlega í framhaldsskóla. „Ég einmitt fór í núll áfanga í öllu af því ég á ekki einkunnir úr því. Ég hefði aldrei þurft þess sko. Ég hefði getað farið beint í hundrað og þú veist mér gekk ógeðlega vel í framhaldsskóla.“

Fljótlega eftir að Lára hóf framhaldsnámið áttaði hún sig á að hún átti mjög auðvelt með að læra. „Eina vandamálið sem ég hef nokkur tíman upplifað í skóla er að ég er með talnablindu. Þú veist stærðfræði hefur alltaf verið issue fyrir mig.“ Hún var fljótlega greind með talnablindu, fékk undanþágu frá stærðfræði og tók aðra áfanga í staðinn. Í dag er Lára orðin stúdent og ber höfuðið hátt. Hún stefnir á að fara í háskólanám og vinna í framhaldinu með fólk í vanda.

Lára leigir nú íbúð með kærasta sínum og er í vinnu. Hún er í mjög góðu sambandi við foreldra sína og segir þá vera góða vini sína. Henni líður vel en er þó meðvituð um að hún þurfi að vinna sig með einhverjum hætti út úr þeirri reiði sem hún býr yfir í garð barnaverndarnefndar. Hún er þó almennt sátt við líf sitt og hlakkar til að takast á við framtíðina.

4.1.6 **Kristján**

Kristjáni kynntist ég þegar hann var 10 ára gamall, en þá kom hann á heimili þar sem ég starfaði og dvaldi þar í tvö ár. Ég hef aðeins fylgst með honum síðan, en ekki hitt hann í nokkur ár. Það var gaman að hitta Kristján aftur eftir langan tíma. Áður en viðtalið hófst sögðum við fréttir hvort af öðru.

Kristján er tvítugur í dag. Hann er stór og stæltur og æfir greinilega vel. Hann var í svörtum stuttermabol innan undir jakkanum og sáust vel tattúin sem hann hefur safnað á sig. Hann var vel stemmdur og bara nokkuð sáttur við lífið nú. Viðtalið tók um það bil klukkustund og gaf Kristján sér oft góðan tíma til umhugsunar. Allt var afslappað og held ég að okkur hafi báðum liðið vel.

4.1.6.1 Grunnskólaganga Kristjáns

Tímabil	Grunnskóli	Dvalarstaður
1.-2. bekkur	Búðaskóli	Hjá móður
2.-3. bekkur	Selaskóli	Hjá móður
4. bekkur	Hörpuskóli	Hjá móður
5. bekkur	Vatnaskóli	Hjá móður
5.-6. bekkur	Mylluskóli	Í fóstri
6. bekkur	Veruskóli	Í fóstri
7. bekkur	Selaskóli	Hjá móður
7.-8. bekkur	Rennuskóli	Hjá móður
9. bekkur	Bjarkarskóli	Hjá móður
10. bekkur	Asparskóli	Í fóstri

Kristján kom víða við á grunnskólagöngu sinni. Hann stundaði nám við níu skóla, þar af tvo á meðan hann dvaldi í fóstri.

Þegar Kristján hóf fyrst nám sex ára gamall við Búðaskóla hafði hann verið greindur með ofvirkni. Hann bjó hjá móður sinni og systkinum. Skólagangan gekk nokkuð vel og stundaði hann nám í almennum bekk. Fjölskyldan flutti svo þegar hann var á miðju skólaári í 2. bekk til Selavíkur og fór hann þá í Selaskóla. Fljótlega reyndi verulega á dvöl hans þar. Hann var settur í sérkennslu í stærðfræði og var mjög ósáttur við það.

Það í rauninni byrjar ekkert fyrr en í Selaskóla eða alveg í endann á Búðaskóla. Sko ég var settur í sérkennslu út af stærðfræði en svo, ég hugsa að ég hafi tekið því eitthvað illa að héddna... Já. Ég tók semsagt einhver vitleysis brjálæðisköst.

Kristján fékk þá fljótlega stuðningsfulltrúa sem fylgir honum þar eftir.

Þegar Kristján er á miðju skólaári í þriðja bekk flytur fjölskyldan aftur, nú til Klettavíkur þar sem hann fer í Hörpuskóla. Hann var þar í eitt og hálf ár, en skólagangan var erfið og hagaði Kristján sér illa. Hann telur að móðir sín hafi ákveðið að flytja annað vegna þess og er ferðinni heitið til Vatnavíkur. Fjölskyldan flytur í lok sumars og kynnist Kristján nokkrum eldri strákum áður en skólinn hefst að hausti. Hann hefur svo nám við Vatnaskóla. Kristjáni gekk illa í skólanum. Hann var í almennum bekk fyrsta tímunn á hverjum morgni en einn með stuðningsfulltrúa og öðrum dreng, árinu eldri, það sem eftir lifði dags. Hann lét sig oftast hverfa eftir hádegi vegna þess hve illa honum leið.

Eftir einungis þrjú mánuði í Vatnaskóla er Kristján sendur í fóstur og fer þá í Mylluskóla. Hann var í sérdeild fyrir fleiri fósturbörn af fósturheimilinu og upplifði það mjög jákvætt og fannst það vera umsjónarþekkurinn sinn.

Tveimur árum síðar var hann sendur á annað fósturheimili í Verufirði. Þangað fór hann í apríl og því lítið eftir af skólaárinu. Hann náði rúmum mánuði af skólanum og kynntist nokkrum krökkum. Hann hitti þá þó ekki aftur að hausti því hann flutti aftur heim til móður sinnar seinni part sumars sem nú var flutt aftur í Selavík.

Kristján fór því aftur í upphafi 7. bekkjar í Selaskóla. Sú skólaganga entist í einn dag þar sem hann var rekinn eftir að hafa lent í samstuði við gangavörð. Í framhaldinu var Kristján sendur í sérdeild við Rennuskóla í sama sveitarfélagi og staldrar við þar í næstum tvö ár. Þar gengur honum þokkalega. Það fjarar þó smám saman undan og endar með því að ákveðið er að senda hann á meðferðarheimili fyrir unglunga í vanda. Eftir að hann vissi það hættir hann nánast alveg í skólanum. Það leið þó einn og hálfur mánuður þar til hann komst að á meðferðarheimilinu.

Skólaúrræði var á meðferðarheimilinu og mætti Kristján þar í nokkrar vikur. Hann hafði þó gefið skóla upp á bátinn og gekk því ekki vel. Ákveðið var að hann færi í starfsnám. Fékk hann inni á verkstæði og gekk það upp að mestu.

4.1.6.2 Móttaka í grunnskóla

Kristján man ekki mikið eftir því hvernig tekið var á móti honum í þeim skólum sem hann gekk í. Hann man þó eftir að hafa fengið að skoða Veruskóla, ásamt fósturforeldrum sínum áður en hann settist inn í bekkinn sinn. „Já, eða semsagt ég kom bara rétt eftir að skólinn byrjaði með þeim og skoðuðum skólann eitthvað og hvort ég hafi síðan byrjað eftir hádegi bara.“ Hann segir það hafa hjálpað, ekki síst að „hitta fólk og svona.“ Kristjáni fannst fólk taka vel á móti sér og líkaði honum strax vel við alla, nema

heimilisfræðikennarann sem hann sagði að hafi verið „ógeðslega leiðinlegur.“ Hann man ekki af hverju það var en heldur helst að hann hafi eitthvað verið að tuðast í sér.

Kristján man líka eftir því þegar hann fór þennan eina dag aftur í Selaskóla. Hann mætti á skólasetningu og fór síðan inn í bekk. Nemendur í bekknum voru teknir í útsýnisrúnt um skólann þar sem skólastofum hafði verið bætt við og skólanum breytt. Nýir kennarar hafi líka kynnt sig fyrir bekknum.

Skólinn er settur og mér er bara sýndur skólinn því það er nýbúið að, þú veist það voru nýjar skólastofur og nýbúið að breyta skólanum þannig að... semsagt það voru bara allir bekkir teknir svona sér og sýndur allur skólinn og kynntir fyrir kennurunum og... já og sýndar skólastofur bara.

4.1.6.3 Námsframvinda

Til að byrja með gekk Kristjáni nokkuð vel í skóla námslega. Hann átti þó aðeins erfitt með stærðfræði og var því sendur í sérkennslu.

Þú veist stærðfræði á blaði hefur alltaf verið bara ógeðslega erfið fyrir mig. Annars held ég að mér hafi bara gengið bara svona allt í lagi í skóla. Þú veist ekkert að skara fram úr ekkert heldur að dragast eitthvað eftir á.

Það kom fljótt í ljós að Kristján átti erfitt að einbeita sér við nám inni í almennum bekk og öll truflun fór illa í hann. Hann var stundum á lyfjum og fannst honum það hjálpa tímabundið. „Þetta gekk fínt í einhvern X tíma, ég man ekki hvað það var. Svo fór öll truflun að hafa aftur rosaleg áhrif á mig.“

Kristján átti auðvelt með allt verknám og leið best í verkgreinatímum. Auk þess átti hann auðvelt með að læra íslensku og ensku. Misjafnt var eftir skólum hvort Kristján fylgdi námsefni bekkjarins eða ekki. Í sérdeild Rennuskóla var til dæmis sér námsefni fyrir deildina. Í sérdeild í Mylluskóla voru öll börnin með sama námsefni, þó þau hafi verið á mismunandi aldri. Kristján telur það hafa verið námsefni við hæfi þar sem allir hafi einhvernveginn verið á svipuðum stað í námsefninu.

Kristján er orðinn mjög þreyttur á skóla þegar hann er að hefja nám í 9. bekk. Honum finnst eins og hann hafi hreinlega gefist upp. „Eins og ég hafi gefist upp bara ... og þau verða bara svona, leyfðu mér bara að komast upp með það. Þú veist ég sat bara og krassaði bara eitthvað í bókina mína.“ Það var þó einn kennari sem gafst ekki upp og gerði tilraun til að ná til hans: „Sú eina sem skipti sér eitthvað af því var Kolla skilurðu hún kom, ég lærði meðan hún sat hjá mér svo ef hún fór eitthvað þá hætti ég strax.“

Þegar Kristján fór svo á meðferðarheimili í lok 9. bekkjar fór hann í skóla þar. Það gekk ekki vel og var fljótt ákveðið að hann færi í starfsnám. „Já, það er svona eins og bara ég, þarna á endanum í sérdeild Rennuskóla bara að ég hafi bara gefist upp á skóla og þá hafi, sem sagt eftir að ég kom á meðferðarheimilið þá hafi verið einblýnt á það bara að koma mér í starfsnám“. Kristján fór þá að vinna á verkstæði og gekk það nokkuð vel.

4.1.6.4 Viðmót starfsfólks og skólafélaga

Kristjáni leið vel fyrstu tvö ár skólagöngu sinnar. Þá var hann í almennum bekk og upplifði sig sem einn af hópnum. Þegar hann flytur svo og fer í Selaskóla þegar hann er í 2. bekk fara hlutirnir að breytast. Hann fer að fá reiðiköst eftir að hafa verið settur í sérkennslu í stærðfræði.

Það var aðallega bara talað við mig þegar ég var í sérkennslutíma þá var talað við mig. Svo fór þetta út í að vera sem sagt þegar ég var ekki í sérkennslu, þú veist kom upp í skólastofunni og svona þá var ég skammaður. Annars var bara talað við mig og spurt hvað var að og svona.

Kristján fékk stuðningsfulltrúa sem reyndist honum vel. Hann fór meðal annars með honum út í fótbolta þegar hann átti mjög erfitt. Á skólaárinu var svo skipt um stuðningsfulltrúa þar sem sá fyrri fór í barnseignarfrí og reyndist það Kristjáni erfitt. Sá sem tók við náði ekki vel til hans.

Til að byrja með gekk Kristjáni vel þegar hann hóf skólagöngu í Hörpuskóla í 4. bekk. Þar byrjaði hann án stuðningsfulltrúa og sérkennslu og finnst hann hafa passað vel þar inn. Svo fór gelgjan að segja til sín. „Og svona á þessum tíma, get ég alveg sagt, ég var svona að byrja á gelgjuskeiðinu eða þú veist gekk allt ógeðslega vel og svo fór bara allt að snúast um það að vera töffari.“

Nú var aftur tekið til þess ráðs að fá stuðningfulltrúa honum til aðstoðar.

Það er í rauninni gekk bara, eiginlega mjög vel eða þú veist. Ég bara lærði og sem sagt ég var líka hafður inn í héddna almennum bekk. Mig minnir endilega ég hafi bara verið með stærðfræði í sérkennslu og þetta var eitthvað eitt annað fag.

Þó Kristján hafi staldrað stutt við í Vatnaskóla býr hann yfir slæmri reynslu þaðan. Hann var erfiður nemandi og var fljótt einangraður frá öðrum börnum í skólanum.

Ég man ekki, ég held ég hafi verið tekinn út úr öllum tímum nema einum tíma í almennum bekk. Þetta vara bara, ég fékk fyrsta tímann á morgnana eitthvað því að það voru tímarnir sem að þú veist var ekkert að, tímarnir sem ég sat og fylgdist með.

Kristján hafði flutt í sveitarfélagið seinnipart sumars og eignast nokkra eldri vini fyrir upphaf skóla. Hann hafði lítil tækifæri til að umgangast þá í skólanum enda nánast einangraður frá öllum. Hann og annar drengur, eldri, voru alltaf saman með stuðningsfulltrúa og fengu ekki að fara með öðrum börnum í frímínútur og fóru í matsalinn þegar þau voru að fara út. Kristján einangraðist því mjög á þessum tíma. Hann fór að skrópa í skóla eftir hádegi og hljóp þá ýmist heim eða á kaffihús þar sem hann þekkti fólk sem var gott við hann.

Eftir þriggja mánaða skólagöngu í Vatnaskóla fer Kristján á fósturheimili. Þá hefur hann nám við Mylluskóla. Þar var hann í sérdeild með öðrum börnum af fósturheimilinu. Þegar hann var spurður hvernig honum hafi liðið þar svaraði hann: „Sko þá náttúrliga var það allt annað. Það voru fimm, sex saman í stofu sem að var í rauninni mikið meira svona eins og almennur bekkur eða þú veist.“ Nú upplifði Kristján sig ekki einan á báti, „það voru krakkar þarna sem voru bara búnir að vera að glíma við nákvæmlega sama og ég þannig að þegar ég kom þangað þá svona leið mér mikið betur, eða þú veist af því að mér leið ekki öðruvísi.“ Þegar hann var spurður að því hvort hann hefði viljað fá tækifæri til að vera inni í almennum bekk þar svaraði hann: „Neee... þú veist í rauninni leið mér bara svona eins og það væri bekkurinn minn.“

Kristján segist ekki hafa fundið fyrir miklum fordómum frá nemendum skólans af því að hann væri fósturbarn. Hann kýldi þó strák einu sinni þannig að hann fékk blóðnasir vegna þess að hann var að setja út á það að hann væri í sérdeild. Hann segist stundum hafa verið sendur til skólustjóra þarna en man ekki hvernig hann tók á málum.

Kristjáni segir að sér hafi liðið hvað best í Mylluskóla, þar hafi hann fengið að vera einn af hópnum.

Sko í rauninni held ég að úrræðið í Mylluskóla hafi verið bara það besta, eða þú veist við vorum með alla venjulega dagskrárliði, sko við vorum með þú veist tölvur, íþróttir... Þú veist það var ekki það að ég fór eitthvert einn og sat þarna einhversstaðar þennan tíma, einn og gerði þetta. Þú veist þannig að maður leið svona meira eins og í almennum bekk.

Þegar Kristján fer svo á nýtt fósturheimili og í nýjan skóla, Veruskóla, upplifir hann að skólinn vilji ekki taka við sér þar sem það sé svo stutt eftir af skólaárinu. Fósturforeldrarnir börðust fyrir því að hann fengi að fara strax í skólann til að hann kynntist einhverjum krökkum fyrir sumarið. Það hafðist og fékk hann að vera inni í almennum bekk. Hann kynntist einhverjum krökkum, hitti þá samt ekkert um sumarið og var svo kominn í nýjan skóla haustið eftir.

Nú er hann kominn aftur í Selaskóla. Hann fór á skólasetningu að morgni og síðan inn í bekk eins og hin börnin. Honum leið vel og var ánægður með sig. Móðir hans hafði gleymt að kaupa matarmiða fyrir hádegismatinn og hjólaði hann því heim í hádeginu. Þegar hann kom til baka lenti hann í samstuði við gangavörð sem starfaði við skólann.

...set þá hjólið mitt í svona reiðhjólstand bara, þá kemur gangavörður að mér, semsagt hún byrjar eitthvað að skamma mig og tekur síðan af mér hjólið mitt, semsagt ég er bara að setja það í standinn og eitthvað að tuðast yfir því... semsagt tekur í það og ég verð ógeðslega reiður við hann...Ég tek það bara og hendi hinum helmingnum af hjólinu í'ana og hún eitthvað... hún semsagt rífur þú veist aftan í peysuna mína og ætlar bara að fara með mig til skólastjórans og ég varð eitthvað ógeðslega ósáttur með það að ... og eitthvað... slít mig lausan og fer og brýt einhverjar rúður.

Í kjölfarið var Kristján rekinn úr skólanum. Tveimur dögum síðar er hann sendur í sérúrræði í Rennuskóla. Þar voru fjórir til fimm unglingar í vanda saman komnir, Kristján var yngstur. Þar tók Kolla kennari á móti honum sem átti svo eftir að reynast honum vel. „Ég veit ekki hvort hún hefur unnið við þetta áður eða eitthvað en hún dílaði ógeðslega bara svona þægi... eða þú veist þægilega við hlutina. Ef ég gerði þetta þá fékk ég umbun og mátti þú veist teikna eða eitthvað svoleiðis.“ Hún var þó ekki ein með deildina. Með henni starfaði Jón, sem var íþróttabjálfi og fannst Kristjáni hann alltaf vinna gegn henni.

Ég man eftir því að ég mátti fá að horfa á einhvern þátt eða eitthvað... Kolla var semsagt ekki þarna, semsagt þegar ég kláraði og þessi Jón semsagt bannar mér síðan að horfa á sjónvarpið og ég verð eitthvað ógeðslega reiður við hann, tek eitthvað kast þarna og semsagt hann tekur mig, fer með mig inn á aðra skólastofu og lætur mig bara setjast þar og setjast út í horn. Bara ég á að snúa að veggnum.

Kristjáni finnst að yfirmaður deildarinnar hafi notað svipaðar aðferðir og Jón. Hann náði þó stundum til hans og lærði hann stöku sinnum inni á skrifstofu hjá honum. Kristjáni

finnst eins og yfirmaðurinn hafi stundum unnið þannig með hlutina að hann hafi gert sig enn reiðari en hann var fyrir.

Stundum kom stærðfræðikennari, Jónína inn í bekkinn, þá var Jón venjulega ekki. Kristján segir að Kolla og Jónína hafi náð einstaklega vel saman og að þær hafi alltaf staðið við það sem þær sögðu. Hann man aldrei eftir því að einhverjar uppákomur hafi átt sér stað þegar þær voru saman með deildina.

Við fengum kannski tíu mínútur til að teikna eða fara í tölvuna eða eitthvað, þannig að svona mín reynsla af þeim báðum er bara þannig að þú veist það hafi bara gengið mjög vel skilurðu. Þú veist, það var unnið rétt eða þú veist komið rétt að okkur.

Kristjáni finnst stundum að það hafi orðið óþarfa sprengjur þegar Jón var með þeim „bara af því að hann sagði, eða lét okkur gera eitthvað annað en því sem var búið að lofa.“ Í dag veltir Kristján því fyrir sér af hverju Jón hafi verið eins og hann var.

Ég veit ekki hvernig ég á að segja það, hvort að hann hafi ekki verið hamingjusamur eða eitthvað, hann var alltaf svona skilurðu þungur á brún og yfirleitt þegar hann var með og við vorum bara að læra þá sat hann bara í tölvunni.

Krakkarnir í sérdeildinni fengu aldrei að fara inn í almenna skólann og tóku aldrei þátt í því sem fram fór þar. Maturinn var sóttur fyrir þá í hádeginu svo þeir þyrftu ekki að fara í matsalinn með öðrum börnum. Kristján segir að þeir hafi þó fengið að vera með öðrum nemendum skólans í frímínútum til að byrja með. Þeir hafi litið mjög niður á sérdeildina og það hafi farið illa í hann. Það hafi orðið til þess að hann fór að berja önnur börn og var ákveðið í kjölfarið að krakkarnir í sérdeildinni yrðu alveg sér.

Kristján segir að hann hafi átt ágætis samleið með krökkunum í sérdeildinni sem voru öll eldri en hann. Hann fór alltaf með þeim í frímínútur þar sem þeir fóru að reykja og varð það til þess að hann byrjaði fyrir alvöru að reykja sjálfur. Í dag finnst honum þetta ekki hafa verið rétt.

Mér finnst í rauninni eins og þau hefðu átt að gera eitthvað eða semsagt, semsagt ekki hleypa mér með þeim út. En ég veit það að á þessum tíma hefði það bara endað með brjálæðiskasti í hvert skipti þannig að þau kannski gerðu ekkert í því til að forðast uppnám.

4.1.6.5 Samskipti við starfsfólk og félagi

Kristján kynntist nokkrum stuðningsfulltrúum sem fylgdu honum eftir í grunnskóla. Einn þeirra er honum sérstaklega minnisstæður, sá sem var með honum í Selaskóla þegar hann var í 2. bekk. Hann var mikið með honum, bæði inni í bekk og í sérkennslu. Það sem var Kristjáni þó sérstaklega dýrmætt var að hann fann þegar honum leið illa og gat engan veginn einbeitt sér í nám. Þá fór hann með honum út að sparka bolta eða þeir teiknuðu saman.

Kristján var töluvert mikið einn með stuðningsfulltrúa megnið af skólagöngu sinni. Honum fannst oft erfitt hvað hann var einangraður frá öðrum börnum.

Svona í heildina litið til baka held ég það að vera einn alltaf bara með stuðningsfulltrúa... jú það kannski virkar í einhvern tíma að sitja einn og læra, en að það verði síðan þannig svona eins og söknuður á það að sitja í almennum bekk.

Þegar hann flytur til Vatnavíkur, sumarið áður en hann fer í 5. bekk kynnist hann mörgum vinum. En þegar skólinn hófst breyttust hlutirnir.

Þegar ég byrjaði í skólanum þá bara var bara... passaði ég ekkert inn í bekkinn eða þú veist... og þú veist ég fór bara oft úr tíma og bara... þú veist strax eftir hádegi þá tók ég töskuna og labbaði bara út skilurðu.

Kristjáni leið ekki vel í bekknum og var þá ákveðið að taka hann að mestu út úr honum. Hann fékk þó að vera þar fyrst tímamann á hverjum degi.

Þegar ég var skilurðu úti í frímínútum á þessum tíma þá hitti ég þá aldrei og í rauninni hitti þá náttúrulega aldrei. Sko það var líka þannig að sko í hádeginu kom ég niður í matsal semsagt þegar að maturinn var hálfnaður, bara krakkarnir skilurðu voru bara að klára að borða og voru að fara út. Þannig að við sátum oftast bara þrír.

Kristjáni leið svo betur þegar hann fór í fóstur og hóf nám við Mylluskóla. Þar var hann í sérúrræði með öðrum fósturbörn og fannst hann eiga samleið með þeim. Hann var í ágætis sambandi við hin börnin í deildinni og eignaðist einn góðan kunningja, sem var jafnaldri hans úr skólanum.

Þrír af eftirminnilegustu kennurum Kristjáns kenndu við Mylluskóla. „Mylluskóli hefur reynst mér best kennaralega séð. Mér finnst það, þú veist það var unnið best úr málunum

þar.“ Hann tiltekur sérstaklega smíða- og tölvukennara sem hann segir hafa náð vel til sín, auk umsjónarkennara deildarinnar. Smíðakennarinn var þó í mestu upphaldi. „Smíðurinn þarna sem var með smíðatímana, ég held það sé alveg bara hann. Hann bara einhvernveginn dílaði ógeðslega þægilega við hlutina.“ Auk þess nefndi hann Kollu, kennarann úr sérdeild Rennuskóla. Hún reyndist honum vel. Náði vel til hans, meðal annars með því að umbuna honum þegar hann gerði vel eða kláraði það sem honum var ætlað. Hún stóð líka við það sem hún sagði, Kristjáni finnst það afar mikilvægt.

Kristján eignaðist ekki marga vini í gegnum skólagöngu sína. Hann var mikið einn og einangraður frá öðrum. Hann eignaðist þó einn og einn kunningja í þeim skólum sem hann stundaði.

4.1.6.6 *Hvað má gera öðruvísi í dag*

Þegar Kristján var spurður að því hvað mætti gera öðruvísi í dag stóð ekki á svari.

Það að vera ekki svona mikið einn... en... æ ég veit ekki... já ég held það sé ekkert nema það, að vera ekkert of mikið einn. Semsagt ekki taka mann alveg úr almennum bekk sko hafa meira en einn tíma, þú veist reyna samt að smíða það bara fyrir hvern og einn.

Kristjáni finnst líka afar mikilvægt að reynt sé að stuðla að því að börn fái að vera sem mest með öðrum í frímínútum.

Út af því að eða svona eins og mér finnst að frímínúturnar skipti mestu máli upp á að halda vináttu semsagt þarna er maður úti, ekki að læra og semsagt það að geta eignast vini og verið með vinum í frímínútum, þú veist þótt það sé upp á það að það komi upp... krakkar slást eða eitthvað, þá að tala við þá báða skilurðu, ekki bara kippa krakkanum út úr frímínútum af því hann er í sérkennslu.

Kristján ítrekar mikilvægi þess að fósturbörn fái sem mest að vera í kringum aðra krakka, „gefa baddninu semsagt meiri séns, semsagt já meiri séns á því að vera í kringum almenna krakka. Semsagt gefa sér meiri tíma til að vinna meira... semsagt úr því.“ Kristján segir að þegar maður sé svona mikið einn fari manni smátt og smátt að finnast maður vera eitthvað öðruvísi en aðrir „sem að kannski er ekkert endilega góð tilfinning sko.“ Hann telur sig hafa lært best þegar hann var ekki einn með stuðningsfulltrúa, heldur fékk að vera partur af hópi.

Þegar Kristján var spurður hvort hann telji að það hafi verið hægt að gera þetta einhvernveginn öðruvísi í hans tilfalli, það er að vera ekki svona mikið einn, svaraði hann: „Svona... já og nei í rauninni. Ég veit ekki hveddnig þeir hefðu átt að gera það, ég held samt að það hefði verið hægt, þú veist að vinna eitthvað aðeins betur úr því.“

4.1.6.7 Lífið eftir grunnskóla

Eftir að Kristján útskrifaðist af meðferðarheimilinu flutti hann til föður síns og fór í verknám. Hann kláraði allt nema lokaprófin. Eftir að Kristján eignaðist kærustu varð hann að flytja að heiman og hætti þá í skólanum.

Kristjáni líður vel í dag. Hann hugsar vel um líkama sinn og stundar líkamsrækt af kappi. Hann býr með kærustu sinni og gæludýri, er í góðri vinnu og er duglegur að sinna áhugamáli sínu á kvöldin. Hann stefnir ekki endilega á að klára námið sem hann var langt kominn með. Honum finnst hann hafa fengið mikið út úr því nú þegar og er ekki viss um að hann vilji vinna við það fag öðruvísi en fyrir sjálfan sig.

4.2. Samantekt

4.2.1 Jóna

Jóna kom víða við á grunnskólagöngu sinni og stundaði nám við nokkra skóla. Hún flutti með móður sinni á höfðuborgarsvæðið þegar hún var 11 ára gömul. Allt gekk að óskum til að byrja með en smátt og smátt fjaraði undan henni og lenti hún í neyslu áfengis og vímuefna á unglingsárum. Hún fór á meðferðarheimili þegar hún var í 10. bekk og stundaði nám þaðan. Jóna hefur alltaf átt auðvelt með að læra, en snemma greindist hún með ofvirkni og athyglisbrest og hefur það háð henni alla tíð.

Jóna fékk aðeins einu sinni kynningu á nýjum skóla áður en hún settist á skólabekk. Hún segir viðmót starfsfólks grunnskóla þó almennt hafa verið gott í sinn garð þrátt fyrir að hún hafi átt erfitt með að einbeita sér að námi og oftast verið með hugann við eitthvað annað.

Á meðan Jóna bjó í Grjótavík átti hún almennt góð samskipti við fólk, en eftir að hún flutti suður hleypti hún fáum að sér. Hún var oft í sérúrræðum, svo sem í sér stofu með fáum einstaklingum og virðist hún ekki hafa tengst þeim sérstaklega vel. Hún á þó ljúfar minningar um nokkra starfsmenn grunnskólans.

Jóna upplifði sig svolítið eins og ljón í búi, sem „sýningardýr í Gljúfraskóla“ þar sem hún var í vistun. Krakkarnir sem þar dvöldu voru keyrðir í langferðabíl í skólann og telur hún að það geti valdið aðkasti. Þá telur hún mikilvægt að halda námi eins mikið að

börnum og unglingum og hægt er svo þeir eigi þess kost að fara í framhaldsnám eftir grunnskóla.

Eftir að Jóna kom heim af meðferðarheimilinu tóku við mörg erfið ár sem einkenndust af áfengisdrykkju og neyslu vímuefna. Jóna er nú orðin 27 ára gömul búin að vera án áfengis og vímuefna í þrjú ár, stundar nám og er í sambúð. Hún er í mikilli sjálfskoðun og hlakkar til framtíðarinnar.

4.2.2 Jón

Jón átt erfitt í grunnskóla alveg frá upphafi. Hann flakkaði töluvert á milli skóla þar til hann var sendur á fósturheimili þegar hann var í 10. bekk.

Jón var greindur með ofvirkni og athyglisbrest og átti því erfitt með að hafa hugann við námið. Það gekk þó best við Skelja- og Klettaskóla þar sem honum leið best og hann fann sig velkominn. Þegar eitthvað kom upp á voru málin leyst þar, maður á mann án frekari eftirmála. Það var ólíkt því sem hann þekkti úr Valskóla, þar sem honum finnst starfsmenn ekki hafa haft nógu góða yfirsýn vegna þess hve skólinn var fjölmennur og oft undirmannaður. Hann hafi sjálfur orðið fyrir barðinu á því og ekki fengið þá meðferð sem hann þurfti sem erfiður nemandi.

Jón nefnir sérstaklega tvo einstaklinga sem vekja með honum góðar minningar, annars vegar skólastjóra Skeljaskóla sem hann segir hafa verið eins og góðan vin og hins vegar stelpu sem var með honum í 10. bekk í Klettaskóla og hjálpaði honum mikið með námið.

Jóni segir það skipta máli að starfsfólk standi þétt saman, til dæmis þegar leysa þurfi vandamál sem upp koma. Það sé hans reynsla að best hafi tekist til í þeim efnum þegar allir hafi verið kallaðir til, sem hlut áttu að máli og málin kláruð.

Lífið lék við Jón eftir að hann fór aftur heim eftir 10. bekk. Hann vann í nokkur ár og eignaðist loks sportbílinn sem hann hafði lengi dreymt um. Nú er Jón að læra iðngrein, og vinnur með skóla í fjölskyldufyrirtæki þar sem hann sér framtíð sína blasa við.

4.2.3 Anna

Anna stundaði nám við nokkra grunnskóla á sínum tíma. Hún átti ávallt erfitt með að tengjast fólki, hvort sem það var starfsfólk eða samnemendur. Hún var lengst af í einhverskonar sérdeild og skilur ekki enn þann dag í dag af hverju það var. Hún var send á fósturheimili sumarið áður en hún hóf nám í 8. bekk og finnst henni það hafa gerst nánast fyrirvaralaust.

Anna átti tiltölulega auðvelt með nám. Hún var þó stöðugt í miklum mótþróa sem hafði meðal annars áhrif á námsárangur hennar. Strax við upphaf skólagöngunnar upplifði Anna stríðni af hálfu skólafélaga vegna þess hvernig hún gekk og hvernig hún talaði. Það varð til þess að hún fór að haga sér illa, læra illa og mæta illa og er það eitthvað sem fylgdi henni út allan grunnskólann.

Það má telja þá einstaklinga sem Anna tengdist sérstaklega í grunnskóla á fingrum annarrar handar; einn gangavörður, stelpa í heimaskólanum sem var í svipaðri stöðu og hún, drengur sem var með henni í fóstri og í sama skóla og myndmenntakennari.

Önnu er umhugað um að sem flest börn, líka fósturbörn,, eigi þess kost að vera inni í almennum bekk. Þar gæti verið aðstoðarmanneskja sem sinni þörfum þeirra barna sem þurfi á séraðstoð að halda.

Eftir að Anna lauk grunnskóla lenti hún í óreglu um tíma. Hún fór í meðferð og náði sér fljótt út úr henni. Hún hefur ýmist búið hjá móður eða föður og stundum leigt íbúð sjálf. Í dag er hún upptekin af því að gera upp eigin fortíð. Hún skrifar meðal annars ljóð sem hjálpar henni að takast á við erfiðar tilfinningar frá barnæsku.

4.2.4 Guðmundur

Eftir erfiða skólabyrjun var Guðmundur sendur á fósturheimili, átta ára gamall. Þar staldraði hann stutt við og var þá sendur í langtímafóstur upp í sveit. Fyrsta árið þar fékk hann ekki inngöngu í skólann á staðnum og var því keyrður í sérskóla, einn til tvo daga í viku á höfuðborgarsvæðið. Það reyndist honum erfitt og fannst honum leiðinlegt að fá ekki að fara í skólann sem var næstur fósturheimilinu. Ári síðar fékk hann inngöngu í þann skóla. Þar var vel tekið á móti honum af öllu starfsfólki og fann hann sig velkominn. Hann upplifði aftur á móti að nemendurnir vildu eða mættu ekki tala við hann. Hann telur það hafa verið frá foreldrum komið. Það lagaðist þó með tímanum þó það hafi tekið hann sjálfan langan tíma að sættast við nýtt umhverfi.

Guðmundi gekk illa í námi á grunnskólaárum sínum. Þegar hann hóf nám við Hæðarskóla fór hann strax inn í almennan bekk. Ragnar, bílstjórinn hans fylgdi honum alltaf eftir og aðstoðaði eftir þörfum, líka námslega og þakkar Guðmundum honum að hann skuli loks hafa lært að lesa, þá kominn í 10. bekk. Félagslega átti hann mjög erfitt alveg þar til í 8. bekk en þá kynntist hann strákum sem hann er í góðu sambandi við enn þann dag í dag.

Guðmundur segir að hann hefði viljað sjá skólagöngu sína öðruvísi. Það snúi sérstaklega að honum sjálfum. Hann hafi verið svo reiður og því átt erfitt með að taka inn það sem fram fór.

Í dag er Guðmundur að vinna og líkar honum það vel. Hann er kominn með bílpróf og getur farið frjálts allra sinna ferða. Hann á góðan vini, kærustu og er í góðu sambandi við fósturforeldra sína. Lífið blasir við og horfir hann björtum augum til framtíðar.

4.2.5 Lára

Lára stundaði nám við ellefu skóla eða skólaúrræði og bjó ýmist hjá móður, föður, á meðferðarstofnunum eða á fósturheimilum. Hún var í miklum mótþróa, sérstaklega eftir að hún flutti með móður sinni á höfuðborgarsvæðið, níu ára gömul.

Lára var greind með ofvirkni og var í miklum mótþróa á þessum tíma sem gerði það að verkum að hún átti erfitt með að einbeita sér að námi. Þó Lára hafi byrjað í mörgum skólum man hún ekki eftir að hafa fengið sérstaka kynningu á þeim.

Lára hefur afar mismunandi reynslu af viðhorfi starfsfólks grunnskóla í sinn garð. Eftir að hún flutti á höfuðborgarsvæði upplifði hún sig sjaldan sem hluta af skólasamfélaginu. Þegar hún fór svo fyrst í fóstur og hóf nám við nýjan skóla leið henni betur enda skólinn af svipaðri stærðargráðu og skólinn sem hún sótti fyrst. Þegar Lára fór svo á annað fósturheimili og í nýjan skóla, um það bil ári fannst henni að fólk liti á sig sem „vandræðabarn“ og að ákveðin þöggun hafi ríkt vegna þess. Lára fór í mörg sérúrræði á unglingsárum sínum og finnst henni að þau hafi oftast snúist um að hafa ofan af fyrir þeim nemendum sem þar voru.

Lára eignaðist marga kunningja á skólagöngu sinni. Þar sem hún staldraði oftast stutt við á hverjum stað entist sá vinskapur sjaldan lengi. Hún á ekki margar góðar minningar um starfsfólk skóla, en tiltekur þó sérstaklega umsjónarkennara sinn í 7. bekk, sem reyndist henni vel.

Láru er umhugað um að fóstur- og vistbörn þurfi ekki að upplifa sig öðruvísi í skólakerfinu. Það eigi að gera allt til að þeim líði sem best og að þau geti verið sem eðlilegastur partur af skólalífínu.

Láru líður nokkuð vel í dag. Hún er nýútskrifaður stúdent, er í vinnu og býr með kærasta sínum. Henni finnst barnaverndarnefnd hafa unnið illa úr sínum málum og er mjög reið vegna þess. Hún er meðvituð um það og stefnir að því að leita sér hjálpar innan tíðar.

4.2.6 Kristján

Kristján skipti oft um grunnskóla, bæði vegna flutninga móður og sem fósturbarn. Hann staldraði aldrei lengur við en í tvö ár á hverjum stað. Hann var snemma greindur ofvirkur og bjó við erfiðar aðstæður heima fyrir.

Kristján man ekki mikið eftir því hvernig móttökur hann fékk í skólunum almennt en man þó tvisvar eftir að hafa verið sýndur skólinn áður en hann settist á skólabekk.

Kristján upplifði mikla einveru í grunnskóla. Honum leið oft illa og átti erfitt með að hegða sér vel, meðal annars vegna aðstæðna á heimili sínu. Eftir að hann var í 3. bekk var hann sjaldnast inni í almennum bekk heldur einn með stuðningfulltrúa eða í minni sérdeildum þar sem honum virðist hafa liðið best.

Kristjáni fannst erfitt að upplifa sig öðruvísi og fá ekki að taka þátt í því sem fram fór í skólanum, svo sem að vera í frímínútum með öðrum börnum og fá að sitja með þeim í matsalnum. Hann kynntist ekki mörgum kennurum á grunnskólaferli sínum. Fjórir kennarar eru honum þó eftirminnlegir, þar af þrír úr Mylluskóla. Allir þessir kennarar kenndu honum í sérdeild. Hann upplifði stuðningsfulltrúana á mismunandi hátt og stendur einn upp úr, sá sem fór stundum að gera eitthvað allt annað en skólavinnu með honum þegar honum leið sem verst.

Þegar Kristján hugsar til fóstur- og vistunarbarna í dag finnst honum skipta miklu máli að þau þurfi ekki að vera eins mikið ein í skólakerfinu og hann. Honum finnst að skólinn eigi að gera allt sem hægt er til að þau séu sem mest meðal annarra barna.

Kristján fór í iðnnám fljótlega eftir grunnskóla. Það gekk nokkuð vel og átti hann einungis eftir lokaprófin þegar hann hætti. Kristjáni er sáttur við líf sitt í dag. Hann er í vinnu, býr með kærustu sinni og eiga þau gæludýr sem honum þykir vænt um. Hann stundar líkamsrækt og er í góðri vinnu.

5 Samantekt og umræður

Markmið mitt með þessari rannsókn var að gefa fóstur- og vistbörnum rödd og draga fram þá þætti í skólastarfinu sem þau telja að skipti mestu máli fyrir vellíðan þeirra í grunnskóla. Skoðað var hvernig tekið var á móti þeim í skólunum, hvernig þeim gekk í námi, hvernig viðmót starfsfólks og skólafélaga var í þeirra garð og hvernig samskiptum þeirra var háttað. Rannsóknarspurningarnar voru þessar: Hvaða þættir skipta máli fyrir vellíðan barna sem dvelja fjarri fjölskyldum sínum í íslenskum grunnskólum? Hvaða reynslu hafa þessi börn af móttöku, námsframvindu, viðmóti starfsfólks og skólafélaga og samskiptum í grunnskóla?

Þeir þættir sem stóðu upp úr þegar búið var að vinna úr viðtölum við alla sex þátttakendur rannsóknarinnar er hversu oft þeir skiptu um skóla á grunnskólaárum sínum. Misjafnt er hvernig tekið var á móti þeim á hverjum stað fyrir sig, hvað þeir misstu mikið úr skóla á þessum tíma, hvað þeir áttu erfitt með að tengjast bæði starfsfólki skóla og samnemendum, hvernig námið gekk og hvaða þættir höfðu áhrif þar á. Þá er mismunandi hvaða viðhorfum þeir mættu í sinn garð, hvernig þeim leið í hverjum skóla fyrir sig og hvaða þættir skipta máli þar að lútandi og að lokum hvað þeir vilja sjá öðruvísi í dag. Yfirskrift hvers kafla fyrir sig er höfð orðrétt eftir viðmælendum mínum og vísar til innihalds hans.

5.1 Enn og aftur nýr skóli og maður nennir'essu ekki lengur

Þátttakendur rannsóknarinnar áttu það sameiginlegt að flytjast töluvert oft á milli skóla. Ástæður þess voru mismunandi; flutningar fjölskyldu, skólagangan gekk ekki upp, þeir fóru á stofnanir og/eða í fóstur. Samtals hófu þessir sex einstaklingar nám við nýjan grunnskóla fjórtíu og sex sinnum. Þetta er í samræmi við niðurstöður Vacca (2008) sem talar um að fósturbörn fari oft skóla úr skóla, meðal annars vegna þess að þau skipti gjarnan um fósturheimili. Martin og Jackson (2002) og Zetlin, Weinberg og Shea (2010) segja að óstöðugleiki, þar með talinn flutningur á milli skóla, sé einn mesti vandi fósturbarna. Það geti valdið sársauka sem leiði meðal annars til erfiðleika í skóla. Þau geti orðið þunglynd, haft minni félags- og aðlögunarhæfni og verið árásarhneigðari og hvatvísari en önnur börn.

DeGarmo (2015) telur að hætt sé við að kennarar hafi þá skoðun að fósturbörn staldri stutt við í skólanum og sjái því ekki nauðsyn þess að þeir byggi upp tengsl við nemandann eða leggja vinnu í að stuðla að tengslum hans við skólafélaga. Svo virðist sem þetta hafi oft átt sér stað hjá viðmælendum mínum. Oftar en ekki voru þeir settir í einhverskonar

sérúrræði, svo sem í sérdeild eða látnir vera einir og stundum með fáum öðrum hjá stuðningfulltrúa. Ekki var lögð mikil vinna í að byggja upp tengsl þeirra við skólafélaga og eiga þeir það flestir sameiginlegt að hafa verið mikið einir í gegnum grunnskólagöngu sína. Hopkins (2015) bendir á að til að innleiða uppbyggjandi hugarfar þurfi stjórnandi að hvetja kennara til að bregðast við neikvæðri hegðun nemenda með því að spyrja sjálfa sig hver geti verið undirliggjandi reynsla ungrar persónu og hvaða undirliggjandi þarfir skapi þessa hegðun. Þetta er ekki síst mikilvægt þegar unnið er með fóstur- og vistbörn. Mikilvægt er að kennarinn sé opinn fyrir vanda þeirra strax í upphafi, veiti þeim tíma og athygli og sýni þeim virðingu.

Viðmælendur mínir upplifðu almennt að ekki hafi verið sérstaklega tekið á móti þeim þegar þeir hófu nám við nýjan skóla. Undantekning á því er þegar aðstoðarskólastjóri Sebraskóla sýndi Jónu og móður hennar nýjan skóla, Kristján sem fékk að skoða Veruskóla með fósturforeldrum sínum, Guðmundur sem skoðaði Hæðarskóla með stuðningsfulltrúa og þegar kennari tók á móti Jóni í Klettaskóla. Hér er um fimm skóla eða skólaúrræði að ræða af fjörtíu og sex. Áberandi er hve viðhorf þátttakenda til þessara skóla er jákvætt og virðist sem þeir hafi haft meiri trú á að hlutirnir gengju upp þar en annarsstaðar. Það er einnig áhugavert að velta því fyrir sér hvað liggja að baki því að fósturbörn voru boðin sérstaklega velkomin í þessum skólum en ekki annars staðar. Jayalekshmi og Raja (2011) benda á að þar sem starfsfólk samræmir aðgerðir innan sem utan skólastofunnar og sú samvinna nái til bæði kennara og nemenda, hjálpi það til við að mynda meiri samkennd og varanleg sambönd. Það eru þættir sem skipta fósturbörn verulegu máli í skólum. Að þau finni að þau séu hluti af hópnum og eigi þess kost að mynda góð og varanleg tengsl við fólk.

Það skiptir miklu máli að fósturbörn finni sig velkomin þegar þau hefja nám við nýjan skóla. DeGarmo (2015) telur afar mikilvægt að kennari bjóði fósturbarn velkomið fyrir utan kennslustofuna áður en það fer inn í bekkinn. Þannig sýni hann barninu ákveðið frumkvæði og merki um að hann sé meðvitaður um veru þess í skólanum. Með þeim hætti geti hann líka lesið í líðan barnsins og hugsanlega leyst árekstra sem annars væru líklegir til að koma upp.

5.2 Bæjarstjórinn hérna vildi ekki fá mig í skólann ef ég man rétt

Schubert (2001) talar um að gap geti myndast í skólagöngu fósturbarna þegar þau flytjast í nýjan skóla. Hann telur að dæmin sanni að þau geti misst út margar vikur á þeim tíma. Þetta á sérstaklega við um tvo viðmælendur mína, Guðmund og Kristján. Guðmundur missti mikið úr skólagöngu sinni þar sem sveitarfélagið, þar sem hann fór á nýtt

fósturheimili til langtímavistunar neitaði honum um skólavist fyrsta árið. Hann stundaði þá nám annars staðar, en einungis einu sinni til tvisvar í viku. Guðmundur mætti auk þess illa í grunnskóla almennt, sérstaklega í 8. og 10. bekk vegna þess hve illa honum leið. Þegar Kristján kom á nýtt fósturheimili í lok 5. bekkjar ætlaði skólastjórinn að neita honum um skólavist þar sem einungis einn eða einn og hálfur mánuður var eftir af skólaárinu. Eftir mikinn barning fósturforeldra, sem lögðu mikla áherslu á að Kristján fengi að hefja nám við skólann, ekki síst til að hann fengi tækifæri til að kynnast öðrum börnum fyrir sumarið, tók skólastjórinn við honum. Kristján hætti í skóla einum og hálfum mánuði áður en hann fór á fósturheimili í lok 9. bekkjar og var ekki í almennu námi í 10. bekk. Honum leið oftast illa í skóla og lét sig stundum hverfa þaðan upp úr hádegi.

Aðrir misstu sömuleiðis oft úr skóla, meðal annars af ástæðum sem rekja má til þess hvernig þeim leið. Frønes og Strømme (2010) segja að ef nemenda takist ekki að mæta þeim kröfum sem skólinn gerir séu líkurnar töluverðar á að hann verði útskúfaður með einhverjum hætti og nái því ekki að aðlagast skólalífinu. Jóna og Jón voru reglulega rekin úr skóla vegna hegðunarerfiðleika auk þess að mæta illa á unglingsárum vegna áfengis- og vímuefnaneyslu. Anna hljóp oft heim úr skóla vegna þess hve henni leið illa auk þess sem hún var í heimakennslu í 10. bekk þar sem hún þreifst engan veginn í skóla. Lára var í miklum mótþróa frá níu ára aldri og skrúpaði mikið í skóla, það var helst að hún mætti í þau sérúrræði sem henni buðust á unglingsárum. Hugsanlega má rekja þessa þætti til þess hversu oft þessir einstaklingar skiptu um skóla sem leiddi til mikils óstöðugleika í þeirra lífi sem varð svo til þess að þeir áttu erfitt með að aðlagast inn í skólana.

Áberandi er hversu Jón var seinheppin með skólagöngu sína. Þegar hann bjó enn hjá móður sinni og fósturföður var hann sendur í annan og minni skóla þegar hann var ellefu ára gamall. Þar leið honum mjög vel. Þegar hann var búinn að vera þar í eitt ár sameinast sá skóli öðrum og var þá ákveðið að senda Jón aftur til baka í sinn gamla skóla, þrátt fyrir að honum hafi liðið mjög illa þar. Ástæðan var sú, að mati Jóns, að skólastjórinn sem tók við sameinaða skólanum vildi ekki hafa hann. Hann telur að viðhorf skólastjórans til fjölskyldu hans hafi haft þar áhrif sem og fyrri saga hans um hegðunarerfiðleika í skóla. Hér var ákveðinn vendipunktur í lífi Jóns og átti hann erfið ár framundan. Í aðalnámsskrá grunnskóla mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2013) kemur fram að velferð og öryggi nemenda skuli haft að leiðarljósi og að starfsfólk skóla leggi áherslu á að styrkja sjálfsmynd nemenda, sjálfsvirðingu og virðingu í garð annarra. Hér voru hagsmunir barnsins ekki hafðir í brennidepli og má spyrja sig hvort Jón hefði átt auðveldari unglingsár ef hann hefði fengið að vera áfram þar sem honum leið vel.

5.3 Sko ég ætlaði mér ekkert að eignast vini þarna sko

Mikilvægt er að fósturbörn eigi þess kost að mynda góð og varanleg tengsl innan grunnskólans. Þau missa gjarnan af því þar sem þau eiga oft erfitt með félagsfærni vegna fyrri reynslu. Afleiðingin geti verið sú að þau tengist ekki jafnöldrum sínum og kjósi að vera sem mest ein af ótta við að upplifa enn meiri ógn (DeGarmo, 2015).

Allir þátttakendur þessarar rannsóknar áttu erfitt með að tengjast fólki í grunnskóla, bæði fullorðnum og börnum. Þeir stöldruðu oftast stutt við í hverjum skóla og upplifðu sig sjaldnast sem hluta af skólasamfélaginu. Þeir voru mikið einir, stundum inni í litlum skólaúrræðum eða með stuðningsfulltrúa.

Guðmundur vildi vera sem mest einn og ætlaði alls ekki að eignast vini á nýjum stað. Það varð svo ákveðinn vendipunktur í lífi hans þegar nokkrir skólafélagar náðu loks inn fyrir skelina en þeir höfðu lengi reynt að nálgast hann. Það varð til þess að hann fór að mæta betur í skólann og líða betur almennt. Það kemur einnig fram hjá Önnu, að loks þegar hún eignaðist vinkonu, tímabundið í 9. bekk hafi henni liðið betur. Jón eignaðist líka vinkonu í 10. bekk sem hjálpaði honum mikið við námið og fór honum þá að ganga betur. Aðrir eignuðust ekki vini, einungis kunningja á skólagöngu sinni.

Serbanescu og Ilie (2015) segja að ef kennarinn sýni fósturbörnum ekki áhuga sé hætt við að barnið upplifi skólann á neikvæðan hátt, það endurupplifi það sem varð til þess að skólagangan gekk illa áður en það fór í fóstur, lendi fyrir utan hópinn og verði niðurlægt. Það er því afar mikilvægt að kennarinn sýni fóstur- og vistbörnum áhuga og standi vel við bak þeirra. Hann getur með þeim hætti verið lykill að velferð þeirra, ekki bara í skólanum heldur í lífinu öllu.

5.4 Ég bara hegðaði mér illa, lærði illa, mætti illa

Þátttakendum í rannsókninni gekk misvel í námi eða allt frá því að ganga mjög illa til þess að ganga nokkuð vel. Margir þættir höfðu truflandi áhrif á námsframvindu þeirra, svo sem ofvirkni og athyglisbrestur, vanlíðan vegna utanaðkomandi aðstæðna, viðmót starfsfólks og skólafélaga og svo framvegis. Niðurstöður rannsóknar Guðrúnar Kristinsdóttur (2004) sýna að viðmælendum hennar gekk ýmist illa í námi, mjög vel og allt þar á milli. Enginn þátttakenda í minni rannsókn lauk öllum prófum í 10. bekk með viðunandi hætti og þurftu flestir, sem fóru í framhaldnám, að fara í einhverskonar undirbúning áður en þeir gátu haldið áfram.

Vacca (2008) segir að þegar fósturbörn komi í nýtt skólaumhverfi sé oft tekið á móti þeim með því að setja þau í óviðeigandi námsumhverfi og ef þau þurfi á sérkennslu eða

öðrum stuðningi að halda komi hann seint til. Þetta gerist að hans mati vegna neikvæðrar myndar sem skólinn hafi af fyrra námi barnsins og sögu þess innan félagsmálakerfisins. Viðmælendur mínir upplifðu margskonar sérúrræði og virðist það í fæstum tilfellum hafa verið vegna þess að þeir ættu við námsvanda að etja þó hann hafi vissulega stundum verið til staðar. Oft virðist það hafa verið vegna þess að þeir áttu erfitt með að aðlagast öðrum börnum í skólanum.

Í niðurstöðum rannsóknar Sigurrósar Ragnarsdóttur (2012), sem hún gerði sem lokaverkefni við Háskóla Íslands kemur fram að skólastjórnendur grunnskóla á Íslandi mátu það svo að fósturbörn ættu mörg við námsörðugleika að etja sem og geðræn vandamál. Þar kemur einnig fram að rúmlega helmingur stjórnenda sagði að upplýsingar um fósturbarn væru almennt ekki nægar við upphaf skólagöngu þess. Það kemur heim og saman niðurstöður Vacca (2008) sem segir að stuðningur við fósturbörn komi oft seint til meðal annars vegna þess hve upplýsingar um fósturbörn berist seint inn í skólann. Ekki er vitað hvort það hafi haft áhrif á þær ákvarðanir sem teknar voru á sínum tíma varðandi mína viðmælendur. Það virðist þó vera sem margir skólar hafi ekki lagt mikla vinnu í að kynnst þessum einstaklingum og aðlaga þá sem best strax í upphafi. Margir þeirra áttu við mikla hegðunarerfiðleika að stríða. Í stað þess að mæta þeim þar sem þeir voru og vinna með þeim að bættri líðan voru þeir gjarnan settir í einhverskonar sérúrræði, ein eða með öðrum einstaklingum sem áttu við svipaðan vanda að etja.

5.5 Þú veist að maður vissi alveg að maður var ekkert svona einn af þessum krökkum

Öllum þátttakendum rannsóknarinnar leið oftast illa í skóla. Misjafnt er hvernig þeir unnu úr vanlíðan sinni. Jón, Guðmundur og Kristján börðu allir frá sér, Anna og Jóna fóru í einhverskonar trúðshlutverk og Lára sýndi mikinn mótþróa. Margir þættir hafa áhrif á velgengni fósturbarna í skólum. Erfiðar tilfinningar eru oft til staðar meðal annars vegna þess að barnið skiptir oft um fósturheimili og skóla og að fósturyfirvöld, starfsfólk skóla og fósturforeldrar sýna þeim stundum lítinn skilning (DeGarmo, 2015). Allir þessir þættir koma fram í þessari rannsókn. Viðmælendur skiptu nokkuð oft um skóla, eða frá fimm og upp í tólf sinnum á grunnskólaárunum. Lára upplifði mikið skilningsleysi barnaverndaryfirvalda og er enn að vinna úr reiði sinni vegna þess. Öll búa þau yfir mismunandi reynslu af starfsfólki skóla, oftast þó góðri en ekki. Lára er sú eina sem talar um lítinn skilning fósturforeldra, henni hafi liðið betur í skólanum en hjá þeim þó henni hafi liðið mjög illa þar líka.

Niðurstöður rannsóknar Guðrún Kristinsdóttur (2004) sýna að mikil fjölbreytni er í frásögnum fósturbarnanna af skólagöngu sinni. Sum áttu snurðulausa skólagöngu á meðan önnur luku skóla þrátt fyrir námsvanda og enn önnur gerðu það ekki. Einhverjir voru lagðir í einelti í skólanum og áttu erfitt með að fá stuðning vegna þess. Allir viðmælendur mínir tókust á við einhvern náms- og hegðunarvanda sem átti rætur sínar að rekja til þess hve illa þeim leið almennt. Þessar niðurstöður samræmast niðurstöðum rannsóknar Zetlin, Weinberg og Shea (2010) þar sem fram kemur að fósturbörn séu líklegri en skólafélagarnir til að eiga erfitt með nám sem og félags- og hegðunarvanda. Þátttakendur mínir fundu sig sjaldnast sem hluta af heildarmynd skólans. Allir upplifðu þeir sig öðruvísi og ekki sem hluta af hópnum. Hoy og Miskel (2013) segja að skólamenning skapi ákveðin viðmið sem stýri viðbrögðum og hegðun starfsmanna sem hefur þannig áhrif á starfsemi stofnunarinnar. Hún innihaldi flest það sem hugsað er, sagt og gert innan veggja skólans. Mikilvægt er að hafa þetta í huga varðandi fóstur- og vistbörn. Starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um þau viðbrögð sem þeir sýna þegar kemur að þeim og er nauðsynlegt að þeir taki tillit til þeirra aðstæðna sem þau búa við.

Mikilvægt er að vanda vel til þegar ákveðið er hvernig bregðast skuli við náms-, félags- og/eða hegðunarvanda fóstur- og vistbarna. Þetta er einstaklega viðkvæmur hópur sem ber með sér erfiðar tilfinningar sem hann leggur ekki svo auðveldlega á borð. Það er því mikilvægt að starfsfólk hafi myndað með sér samræmdar aðgerðir og að fóstur- eða vistbarnið viti fyrir hvað þær standi. Það kom til dæmis fram í máli Önnu að henni fannst starfsfólk sjaldan útskýra hlutina fyrir sér og svo margt hafi átt sér stað sem hún alls ekki skildi.

Starfsmenn þurfa að hafa í huga að það er fóstur- og vistbörnum mjög í mun að fá tækifæri til að vera hluti af nemendahópnum og þurfa ekki að upplifa sig öðruvísi en aðrir í skóla. Skólastjórinn er lykillinn að þessu. Það er hann sem leiðir skólastarfið og þarf að hvetja starfsfólk til að vera vakandi fyrir þessum þætti skólastarfsins. Í rannsókn Carpenter (2015) kemur fram mikilvægi þess að skólastjórnendur séu styðjandi og vinni í beinum tengslum við kennara. Þeir eigi að gefa þeim kost á að vera með í að taka ákvarðanir fyrst og fremst til að tryggja að allir taki þátt sem leiði svo til þess að kennararnir fylgi fremur því skipulagi sem lagt er upp með. Það er því mikilvægt að kennarinn taki þátt í þeim ákvörðunum sem teknar eru og snúa að fóstur- og vistbörnum. Þannig er hann líklegri til að fylgja þeim eftir enda er það hann sem er mest í kringum barnið og getur haft lykilhlutverk þegar hugað er að afkomu þess í skólanum.

5.6 Það voru bara allir tilbúnir til að hjálpa manni þarna

Þátttakendur í rannsókninni upplifðu afar mismunandi andrúmsloft í þeim skólum sem þeir sóttu. Áberandi er hversu miklu betur flestum leið í minni skólaúrræðum en stærri. Jón lýsir því svo að í stærri skóla finnist honum eins og fólk hafi ekki haft nógu góða yfirsýn vegna þess hve fjölmennur skólinn var. Skólinn hafi auk þess oft verið undirmannaður og hafi hann sjálfur ekki fengið þau úrræði sem hann þurfti sem erfiður nemandi meðal annars vegna þessa. Í minni skólum hafi málin verið leyst strax, maður á mann. Sömu sögu má segja af Láru sem leið betur í minni skólum eða skólaúrræðum en stærri. Kristjáni leið alltaf illa í skóla. Honum leið þó skást í minni skólaúrræðum, í einhverskonar sérdeildum sem innihéldu fjögur til sex börn. Í slíkum úrræðum er kennarinn að öllu jöfnu í nánari samvinnu við nemendur en ella. Þetta er í samræmi við niðurstöður Jayalekshmi og Raja (2011) að í sumum skólum ríki vinalegt, aðlaðandi og styðjandi andrúmsloft en annarsstaðar sé það lokað, fólk finni sig ekki velkomið og upplifi óöruggi.

Í máli Kristjáns kom fram að Kolla, kennari í sérdeild reyndist honum einstaklega vel. Persónuleiki kennarans hefur mikil áhrif á nám, framkomu, hegðun og persónleika nemenda. Það skipti miklu máli fyrir nemendur hvernig kennarar koma fram við þá, hvernig félagsleg samskipti eru innan kennarahópsins og hver vilji þeirra er til að vinna með þau vandamál sem upp koma (Loomba, 2008). Oft var annar kennari með Kollu í stofunni, ýmist Jón eða Jónína. Kristjáni fannst Kolla og Jónína vinna afar vel saman og standa við það sem þær lofuðu. Þegar þær voru saman í stofunni voru allir slakir og enginn var með uppsteit. Hann upplifði að Jón ynni gegn Kollu og að hann styddi hana ekki í því sem hún hafði lofað krökkunum í deildinni. Hann refsaði þeim stundum, meðal annars fyrir að berjast fyrir að fá að gera það sem Kolla hafði lofað. Þá skapaðist oft mikil spenna og mótþrúi í hópnum.

Lærdómssamfélag snýst um að fólk starfi saman (Fullan, 2005). Það hefur ekki átt sér stað í þeim starfsmannahópi sem um ræðir hér að ofan. Að mati Kristjáns ríkti óeining innan hans sem bitnaði svo á nemendum. Það sem helst má lesa út úr rannsókn Carpenter (2015) er að jákvæð skólamenning og áhrifaríkt lærdómssamfélag krefst virkrar samvinnu. Hún krefst sjálfviljugrar þátttöku kennara jafnt sem stjórnenda, sem tryggir að allir taki þátt í að setja markmið, framkvæma hlutina, bera ábyrgð og finna úrræði. Jón upplifði mikla samheldni starfsfólks í Skeljaskóla, þar sem hann var í 6. bekk. Honum fannst starfsfólkið vinna vel saman og að hlutirnir væru leystir fljótt og vel af öllum. Guðmundur hefur sömu sögu að segja af þeim skóla þar sem hann dvaldi lengst. Honum fannst allir taka vel á móti sér og vinna saman að því að gera honum lífið sem bærilegast.

Ég velti því fyrir mér hvort neikvæð upplifun Jóns af Valsskóla, sem var fjölmennur skóli, hafi haft með fjölda nemenda og starfsfólks að gera eða hvort lítil vinna hafi verið lögð í að efla lærdómssamfélag skólans almennt. Jóni fannst starfsfólk hafa litla yfirsýn og að skólinn hafi oft verið undirmannaður vegna veikinda starfsfólks sem hafi svo komið niður á innri starfsemi skólans. Hver skóli fyrir sig þarf að taka mið af þörfum nemenda, starfsfólks, foreldra og annarra sem að skólanum koma til að stuðla að jákvæðu andrúmslofti (Jayaleshmi og Raja, 2011). Samkvæmt Erdogan (2016) skipar skólastjóri hér mikilvægt hlutverk. Ef starfsfólk treystir honum ekki er hætt við að þeir treysti ekki hver öðrum, sýni fáfræði, vænti lausna utan stofnunarinnar, vanti starfsöryggi og verði kvíðnir. Hann telur að þegar slíkt traust sé ekki til staðar dragi úr afköstum innan skólans sem snúi m.a. að vinnugleði starfsfólks, lærdómssamfélaginu, nemendum, kennurum og hjá öðrum þeim sem koma að skólastarfinu með einhverjum hætti. Erdogan (2016) telur að þetta bitni svo fyrst og fremst á námi barnanna í skólanum, kannski ekki síst börnum þar sem undirliggjandi vandi er til staðar eins og hjá fóstur- og vistbörnum. Mörg þeirra eiga erfitt með að treysta fólki vegna fyrri reynslu sinnar.

Jón hefur afar góða reynslu af Skeljaskóla, þar sem honum leið best. Þegar hann var sendur til skólastjóra, fannst honum hann hlusta á sig og vera tilbúinn til að reyna að komast að kjarna málsins og vinna með hann. Til að tryggja jákvæða skólamenningu og áhrifaríkt lærdómssamfélag verða skólastjórnendur að vera styðjandi og byggja stjórnun sína á dreifðri forystu. Það hefur bein áhrif á að fólk vinni saman og móti með sér lærdómssamfélag (Carpenter, 2015). Skólastjóri Skeljaskóla studdi við starfsfólk sitt. Hann hlustaði á það og nemendur sína og reyndi að komast að sameiginlegri lausn sem allir gátu unnið eftir. Þannig skapaðist sátt og málin voru leyst fljótt og vel nemendum til hagsbóta.

5.7 Það á að gera allt til að þeim líði eins og þau séu partur af venjulegum skóla

Þátttakendur í minni rannsókn voru sama sinnis og þátttakendur í rannsókn Martin og Jackson (2002) sem lögðu áherslu á að líf fósturbarna væri sem eðlilegast í skólanum frá degi til dags, það skipti miklu máli að fá að vera eins og annað fólk og að þurfa ekki að standa fyrir utan félagahópinn með stimpil á bakinu sem segir að þú sért öðruvísi en aðrir. Í þessari rannsókn lögðu sumir mikið upp úr því að fósturbörn fengju að vera inni í almennum bekk og ef þau þyrftu á séraðstoð að halda að hún færi þá fram þar. Einn viðmælandi sagði að það væri nóg að vera tekinn af heimilinu þó maður þyrfti ekki líka að upplifa sig öðruvísi í skólanum. Öðrum fannst mikilvægt að þurfa ekki að vera svona

mikið einn í skólakerfinu. Þau eru sammála um að skólinn eigi að gera allt til að fóstur- og vistbörn fái tækifæri til að umgangast önnur börn. Þá kom sömuleiðis fram mikilvægi þess að kennarinn geri allt sem hægt er til að halda fóstur- og vistbörnum við námið svo þau lendi ekki í þeirri stöðu síðar að þurfa að taka undirbúningsnám eftir grunnskóla til að eiga kost á því að fara í framhaldsnám. DeGarmo (2015) hefur áhyggjur af því hve fáir kennarar hafi þekkingu á fósturúræðum. Þeir séu oft ekki nægilega meðvitaðir um af hverju barn sé í fóstri og hvað það sé að ganga í gegnum tilfinningalega. Á meðan fósturforeldrar fái viðtæka þjálfun áður en þeir taka fósturbarn inn á heimilið, þjálfun sem búi þá undir að takast á við tilfinningaleg, líkamleg og andleg viðfangsefni sem oft fylgi fósturbörnum, fái kennarar engan undirbúning.

Mikilvægt er að kennarar séu opnir fyrir vanda fóstur- og vistbarna og veiti þeim tíma, athygli og sýni þeim virðingu. Þau eiga oft erfitt með að treysta fólki vegna fyrri reynslu og ef kennarinn leggur sig ekki fram er afar líklegt að barnið upplifi skólann á neikvæðan hátt (Serbanescu og Ilie, 2015). Samkvæmt Hoy og Miskel (2008) ríkir traust þar sem skólamenningin er þannig að kennarar treysta skólastjórnendum, vinnufélögum, nemendum og foreldrum og þegar þessir aðilar vinni saman. Fóstur- og vistbörnin í minni rannsókn áttu öll erfitt með að treysta fólki bæði fullorðnum og skólafélögum. Þeim leið þó misvel eftir því í hvaða skóla þau voru og má telja líklegt að skólamenning sem byggir á trausti styðji við jákvæðari líðan þeirra almennt. Hopkins (2015) segir að það geti orðið mjög jákvæð breyting þegar starfsfólk samþykki að skipuleggja hlutina saman, taki ákvarðanir saman, leysi vandamál saman og hjálpi hvert öðru ef hlutirnir ganga ekki upp eins og þeir ættu að gera. Innan þessa samvinnuhóps myndist samkomulag um dreifða verkskiptingu, skuldbindingu, ábyrgð og væntingar. Slíkur vinnustaður er ekki bara góður, heldur staður þar sem starf er unnið á sem bestan hátt af öllum og allir kappkosta að ná sem bestum árangri í þágu þeirra sem starfsfólkið þjónar. Ef þetta er sett í samhengi við skólagöngu fóstur- og vistbarna má gera ráð fyrir að slíkur skóli sé í stakk búinn til að að mæta mismunandi þörfum þeirra. Starfsfólk þarf að vera vakandi fyrir líðan fóstur- og vistbarna og tilbúið til að sameinast um hvernig best sé að koma til móts við þau og fjölskyldur þeirra.

5.8 Samantekt

Eftir að hafa hafa tekið viðtöl við sex einstaklinga sem búa yfir þeirri reynslu hafa verið fósturbörn og/eða vistbörn á grunnskólaárum sínum hef ég komist að þeirri niðurstöðu að eftirfarandi þættir skipti mestu máli fyrir vellíðan þeirra í íslenskum grunnskólum:

- Það skiptir máli að fóstur- og vistbörn fái einhverskonar kynningu á skólanum áður en þau setjast á skólabekk. Þeir þátttakendur sem upplifðu það segja það hafa verið gott. Auk þess kemur það fram í viðhorfi þeirra til þessara skóla, að hvernig sem gekk finnst þeim að skólinn og starfsfólk hans hafi gert eins vel og hægt var.
- Mikilvægt er að fóstur- og vistbörn eigi þess kost að eignast vini á skólagöngu sinni. Einungis þrjú af sex þátttakendum rannsóknarinnar eignuðust einhverntíman vin eða vini, ekki bara kunningja, á allri sinni grunnskólagöngu. Þessum þremur leið öllum mun betur í skóla á meðan á þeirri vináttu stóð. Hinir söknuðu þess allir að hafa ekki eignast vini og voru tveir þeirra mjög einangraðir og einmana í grunnskóla. Til að fósturbörn eignist vini er mikilvægt að kennarinn sé meðvitaður um stöðu þeirra og styðji þau sem best, meðal annars með því að gefa þeim tækifæri til að umgangast önnur börn sem mest.
- Margir utanaðkomandi þættir hafa truflandi áhrif á nám fóstur- og vistbarna, svo sem ofvirkni og athyglisbrestur, vanlíðan vegna utanaðkomandi aðstæðna, viðmót starfsfólks og skólafélaga og svo framvegis.. Þátttakendum gekk almennt best að einbeita sér að námi þegar kennarinn var alúðlegur og gaf sér tíma til að setjast hjá þeim, spjalla og aðstoða. Það gerðist helst í einhverskonar sérúrræðum.
- Mikilvægt er að fóstur- og vistbörn séu höfð með í ráðum þegar ákvarðanir um þau eru teknar. Sum upplifðu að þau hefðu ekkert haft með ákvarðanir sem teknar voru um líf þeirra að gera. Hlutir voru sjaldan útskýrðir fyrir þeim eða þau yfir höfuð spurð hvað þeim fyndist eða hvernig þeim liði.
- Vegna fyrri reynslu virðast fóstur- og vistbörn vera afar meðvituð um umhverfi sitt. Viðmælendur mínir vissu nákvæmslega í hvaða skólum eða skólaúrræðum þeim leið vel og hvar ekki. Þeir vissu líka hvar starfsmannahópurinn var þéttur og hvar ekki. Það skipti þá miklu máli að finna að starfsfólk stæði saman um það sem ákveðið var. Til dæmis ef þeir voru sendir til skólastjóra vegna árekstra við aðra nemendur, að tekið væri á málunum á sanngjarnan hátt þar sem allir aðilar væru kallaðir til og lagt upp úr því að komast að rót vandans. Málið væri klárað í sátt og samlyndi við alla. Það skipti þá sömuleiðis máli að finna að kennarar þeirra væru samstíga, en ynnu ekki hver á móti öðrum.

6 Lokaorð

Rannsóknarspurningarnar sem lagt var upp með í þessari rannsókn eru eftirfarandi: Hvaða þættir skipta máli fyrir vellíðan barna sem dvelja fjarri fjölskyldu sinni í íslenskum grunnskólum? Hvaða reynslu hafa þau af móttöku, námsframvindu, viðmóti og samskiptum í grunnskóla.

Eftir að hafa safnað upplýsingum með því að ræða við þátttakendur rannsóknarinnar stendur upp úr hvernig skólinn tókst á við vanda þeirra, í hverju sem hann felst. Það er fóstur- og vistbörnum mikilvægt að fá að vera í skóla á sama grunni og önnur börn. Að félagslegur vandi þeirra sé ekki leystur með því að kippa þeim til hliðar þannig að þau fái ekki að umgangast önnur börn, heldur séu þau aðstoðuð með vanda sinn í sem eðlilegustu skólaumhverfi. Eða eins og einn viðmælandi minn sagði: „Það er ekki bara tilfinningin að vera tekin að heiman... heldur líka að að upplifa... félagslegan þroska sem allir þurfa.“

Nýjar spurningar hafa vaknað við gerð rannsóknarinnar. Það væri til dæmis áhugavert að skoða hvort munur sé á hvernig skólar af mismunandi stærð vinna með fóstur- og vistbörn og ef svo er í hverju hann felst. Sömuleiðis væri spennandi að athuga mismunandi viðhorf starfsfólks í skólum til fósturbarna og barna í opinberri vistun og leita eftir hvað liggja þar að baki.

Ég vona að rannsóknin muni vekja skólafólk til umhugsunar og að hún verði til þess að við tökum enn betur á móti börnum sem dvelja fjarri fjölskyldum sínum, í íslenskum grunnskólum.

Ég ætla að enda með því að vitna í ljóð eftir Önnu og lofa sjálfri mér því að hafa orð hennar ávallt í huga í huga í allri vinnu með börnum.

En maður er bara alltaf svo fljótur,
að leita eftir galla og finn'ann.
En það skiptir ekki máli hvernig þú ert;
lítill, sætur, feitur eða ljótur,
fegurðin kemur að innan.

Anna

Heimildaskrá

- Ambile, T. M. (1989). *Growing Up Creative*. New York: CHF Press.
- Áslaug Berta Guttormsdóttir. (2015). *Fósturbörn og skólaganga. Samvinna, þátttaka og valdefling*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Barnaverndarstofa. (e.d.). *Fóstur! Almenn um fósturmál*. Sótt 2. desember 2016 af <http://www.bvs.is/almenningur/urraedi/fostur/>
- Barnaverndarstofa. (2006). *Handbók fyrir barnaverndarnefndir og starfsfólk þeirra*. Sótt 3. maí 2017 af <http://www.bvs.is/media/handbok/Handbok---Lokaskjal.pdf>
- Barnaverndarstofa. (2011). Staðlar fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda. Sótt 3. maí 2017 af <http://www.bvs.is/media/skjol/file937.pdf>
- Barnaverndarstofa. (2013). *Verklagsreglur um Styrkt fóstur*. Sótt 13. desember 2016 af <http://www.bvs.is/media/skjol/Verklagsreglur-um-styrkt-fostur.pdf>
- Barnaverndarstofa. (2015). *Lykiltölur Barnaverndarstofu 2015*. Sótt 4. janúar 2016 af <http://www.bvs.is/media/samanburdarskyrslur-tolulegar-uppl/Lykiltolur-Barnaverndarstofu-2015-.pdf>
- Birna Sigurjónsdóttir og Börkur Hanson. (2014). Gildi og áherslur skólastjóra í grunnskólum í Reykjavík. *Netla-veftímarit um uppeldi og menntum*. Sótt 3. febrúar 2017 af <http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/001.pdf>
- Braun V. og Clarke V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. Los Angeles,: SAGE Publications.
- Carpenter, D. (2015). School culture and leadership of professional learning communities. *The International Journal of Educational Management*, 29(5), 682-694.
- Christian, S. (2003). Educating Children in Foster Care. *National Conference of State Legislators—A Collaborative Project on Children and Family Issues*. Washington, D.C.: National Conference of State Legislatures.
- Clausen, S.E. og Kristofersen, L. B. (2008). *Barnevernsklinter i Norge 1990-2005: En longitudinell studie (Rapport 3/2008)*. Oslo: NOVA. Sótt 15. apríl 2017 af www.hioa.no/content/download/47063/682820/file/3236_1.pdf
- Claxton, G. (2006). *Expanding the capacity to learn: A new end for education?* University, UK: Proceedings from the British Educational Research Association Annual Conference.
- DeGarmo, J. (2015). *Helping Foster Children in School: A Guide for Foster Parents, Social Workers and Teachers*. London: Jessica Kingsley Publishers.
- Egelund, T., Andersen, D., Hestbæk, A.-D., Lausten, M., Knudsen, L., Fuglesang Olsen, R. og Gerstoft, F. (2008). *Anbragte børns udvikling og vilkår: Resultater fra SFI's forløbsundersøgelser af årgang 1995*. København: SFI – Det Nationale Forskningscenter for Velfærd.

- Elísabet Karlsdóttir (ritstjóri) og Ásdís A. Arnalds. (2012). *Afdrif barna sem dvöldu á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á árunum 2000-2007*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Barnaverndarstofa.
- Erdogan, C. (2016). Analysis on the relationship between trust culture and prejudices in primary schools, *Eurasian Journal of Educational Research*, 63, 153-168, <http://dx.doi.org/10.14689/ejer.2016.63.9>
- Frønes, I. og Strømme, H. (2010). *Risiko og marginalisering: Norske barns levekår i kunnskapssamfunnet*. Oslo: Gyldendal.
- Fullan, M. (2005). *Leadership & sustainability: System thinkers in action*. Thousand Oaks, CA: Corwin Press.
- Gilbert, N. (2012). A comparative study of child welfare systems: Abstract orientations and concrete results [rafræn útgáfa]. *Children and Youth Services Review*, 34(3), 532-536.
- Greenleaf, R. K. (1991). *The Servant as Leader*. Westfield: The Greenleaf Center for Servant Leadership.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2004). *Ég hef verið mjög sátt við að vera í fóstri en ... Um reynslu ungs fólks af fóstri*. (Ritröð 2). Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Haugen, A. G. (2011). Þátttaka barna og foreldra við gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarmálum. Í Halldór S. Guðmundsson (ritstjóri), *Þjóðarspejillinn 2011: Rannsóknir í félagsvísindum XII* (bls. 1–8). Sótt af <http://skemman.is/stream/get/1946/10250/25560/1/Félagsradgjafardeild.pdf>
- Haugen, A.G. (2012). Samstarf í þágu barna. Samvinna grunnskóla og barnaverndar. *Netla*. Sótt 31. janúar 2017 af <http://skemman.is/en/stream/get/1946/14530/34582/1/Samstarf.pdf>
- Helga Jónsdóttir. (2003). *Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð*. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67-84 og 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hopkins, B. (2015). From Restorative Justice to Restorative Culture. *Revista de Asistentia Sociala*; Bucharest Close: block:publication Block 4 (2015): 19-34. Sótt 15. desember af <http://search.proquest.com/docview/1750208761/fulltextPDF/550351F07EF5494EPQ/1?accountid=49582>
- Hoy, W.K. og Miskel, C.G. (2013). *Educational administration: Theory, research, and practice* (9. útgáfa). New York: McGraw-Hill.
- Jayalekshmi, N.B. og Raja, W.D. (2011). Behavioural development of early adolescents by dint of positive school climate. *Journal on Educational Psychology*, 5(2), 1-8.
- Kvale, S. (1996). *InterViews. An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks: Sage.
- Loomba, P. (2008). Role of teachers in the twenty first century. *Edutracks*, 8, 1, 19-20.

- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A user's guide*. London: Sage Publications, Inc.
- Martin P. og Jackson S. (2002). Educational success for children in public care: Advice from a group of high achievers. *Child & Family Social Work* 7(2):121-130.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Reglugerð nr. 804/2004 um fóstur.
- Reglugerð nr. 547/2012 um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum
- Robinson, K. (2013). *Finding your element*. London: Penguin books.
- Schubert, R. (2001). Hard numbers may aid students in foster care. *Seattle Post-Intelligencer Reporter*, 1. November 2, 2001.
- Serbanescu, L. og Ilie, S. (2015). Better Cooperation between the foster care system and school as a way to increased employability for youth leaving foster care institutions. *Bucharest: Romanian Journal of Experimental Applied Psychology*, 7, 84-89.
- Sergiovanni, T.J. (2006). *The Principalship. A reflective practice perspective* (5. útgáfa). Boston: Allyn og Bacon.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2003). *Vancouver-skólinn í fyrirbærafræði*. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurður Kristinsson. (2003). *Siðfræði rannsókna og siðanefndir*. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161-179). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurrós Ragnarsdóttir. (2012). *Þátttaka, aðlögun og virkni fósturbarna í nýjum skóla. Eftir afskipti barnaverndarnefnda*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Vacca, S. J. (2008). Breaking the cycle of academic failure for foster children. What can the schools do to help? [Rafræn útgáfa]. *Children and Youth Services*, 30, 1081-1087.
- Zetlin, A.G., Weinberg, L.A. & Shea, N.M. (2010). Caregivers, school liaisons, and agency advocates speak out about the educational needs of children and youths in foster care. *Social Work*, 55(3), 24.

Viðauki A: Viðtalsrammi

1. Geturðu lýst því hvernig grunnskólagöngu þinni var háttað almennt?
2. Hvað gekkstú í marga grunnskóla?
3. Hvaða tilfinningu hefur þú fyrir því hvernig skólasamfélagið tók á móti þér sem barni í fóstri eða á meðferðarheimili?
4. Finnst þér að það hafi verið komið öðruvísi fram við þig en önnur börn í skólanum þar sem þú varst fósturbarn? Ef svo er þá hvernig?
5. Finnst þér að þú hafir fengið þá aðstoð sem þú þurftir á að halda námslega?
6. Hvaða starfsmenn eru eftirminnilegastir úr þinni skólagöngu og af hverju?
7. Hverjir hvöttu þig helst til dáða?
8. Hvernig upplifðir þú andrúmsloftið í skólanum?
9. Hvernig var samskiptum þínum við aðra nemendur háttað?

Viðauki B: Upplýst samþykki



HÁSKÓLI ÍSLANDS

1. febrúar 2017

Upplýst samþykki

vegna

rannsóknarinnar:

Hvaða þættir skipta máli fyrir vellíðan barna sem dvelja fjarri fjölskyldum sínum í íslenskum grunnskólum?

Hvaða reynslu hafa þessi börn af móttöku, námsframvindu, viðmóti starfsfólks og skólafélaga og samskiptum í grunnskóla?

Kynningarbréf

Rannssakandi: Kristín Sigfúsdóttir, nemi við Háskóla Íslands.

*Leiðbeinandi og ábyrgðarmaður rannsóknar: Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent í
mennunarfræðum*

Rannsóknin byggir á viðtalsupplýsingum frá fullorðnum einstaklingum sem dvöldu á einhverjum tímapunkti sem börn og/eða unglingar fjarri fjölskyldum sínum og búa yfir þeirri reynslu að vera fóstur- og/eða vistbarn í grunnskóla.

Málefni fósturbarna og barna á meðferðarheimilum hafa lengi verið rannsakanda hugleikin. Hann hefur starfað sem kennari og skólastjórnandi í grunnskóla um árabil auk þess að hafa rekið og unnið á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu.

Rætt verður hvernig þátttakendur í rannsókninni upplifðu skólagöngu sína, s.s. viðmót starfsfólks, hvernig var tekið á móti þeim, hvernig upplifðu þeir andrúmsloftið í

skólanum, hvernig voru samskipti við starfsfólk og samnemendur og hvernig gekk þeim í námi.

Tekin verða viðtöl við sex einstaklinga á aldrinum 18-30 ára, sem á einhverjum tímavörðum lífs síns hafa dvalið á fóstur- og/eða meðferðarheimilum og stundað grunnskóla á sama tíma.

Tilgangur rannsóknarinnar er fyrst og fremst að draga lærdóm af reynslu þessara einstaklinga með það í huga að bæta aðgengi fósturbarna og líðan þeirra í grunnskólum landsins.

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst í september 2016 og lýkur henni í maí árið 2017.

Gætt verður trúnaðar varðandi allar upplýsingar sem aflað verður og rannsóknargögnum eytt þegar rannsóknarvinnu lýkur, í síðasta lagi 31. maí 2017.

Engum ber skylda til að taka þátt í rannsókninni og er þátttakendum frjálst að hætta hvenær sem er á meðan á rannsókn stendur.

Dags: _____

Undirrituð/undirritaður,

_____ kt. _____

staðfestir hér með að mér hefur verið kynntur tilgangur þessarar rannsóknar og í hverju þátttaka mín er fólgin. Ég er samþykkt(ur) þátttöku.